

Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
2012

# **Foreldrasamstarf í grunnskólum:**

## **aukin aðkoma foreldra að skólastarfinu**

Bylgja Finnsdóttir  
Jóhanna Þorvaldsdóttir  
Lokaverkefni

Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
2012

# **Foreldrasamstarf í grunnskólum:**

## **aukin aðkoma foreldra að skólastarfinu**

Bylgja Finnsdóttir

Jóhanna Þorvaldsdóttir

Leiðsögukennari: Ingibjörg Sigurðardóttir

Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild.

## Yfirlýsingar

Við lýsum því hér með yfir að við erum einar höfundar þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

---

Bylgja Finnsdóttir

---

Jóhanna Þorvaldsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

---

Ingibjörg Sigurðardóttir

## Útdráttur

Í þessu lokaverkefni til B.Ed. gráðu í kennslufræðum við Hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri er fjallað um samstarf heimila og skóla í grunnskólum á Íslandi. Rannsóknir hafa sýnt að breytinga er þörf og mikilvægt í því sambandi að auka hlutdeild foreldra í námi barna þeirra. Virkni foreldra hefur ekki verið sem skyldi og ýmsar ástæður eru taldar liggja þar að baki. Í ritgerðinni er leitast við að svara því hvaða leiðir eru líklegar til árangurs svo auka megi þátttöku foreldra í skólastarfinu. Rýnt verður í heimildir til að kanna vilja og viðhorf foreldranna sjálfra. Út frá því verður hugleitt hvort tækifærin liggi í að auka komu þeirra á vettvang til nemenda eða hvort vænlegra sé til árangurs að bjóða foreldrum upp á fræðslu um uppeldisþætti, lög og reglugerðir svo þeir geti betur staðið við bakið á börnum sínum í náminu.

Joyce L. Epstein hefur sett fram hugmyndir um árangursríkar leiðir í formi framkvæmdaáætlunar og Ingibjörg Auðunsdóttir reyndi þessa áætlun í íslenskum skóla. Í kjölfarið jókst samstarf heimilanna við skólann og foreldrar urðu mjög virkir í samvinnunni. Til að auka megi hlutdeild foreldra er mikilvægt að koma til móts við þá með þeirra þarfir í huga. Í þeim rannsóknum sem hér eru skoðaðar kemur skýrt fram að foreldrum finnst vanta meiri upplýsingagjöf frá skólunum til heimilanna. Birna María Svanbjörnsdóttir komst að því með rannsókn á viðhorfi foreldra til stuðnings við foreldrahlutverkið, að þeir vilja aukna fræðslu. Í lok verkefnisins eru settar fram nokkrar hugmyndir um samstarf heimila og skóla, sem unnar eru út frá þeim upplýsingum sem vinna við ritgerðina hefur leitt í ljós. Hugmyndabankinn gæti nýst skólastjórnendum, kennurum og jafnvel foreldrum til að skipuleggja samstarf sem leiðir til aukinnar þátttöku foreldra í námi barna þeirra.

## Abstract

In this thesis for a B.Ed. degree in Pedagogy at the School of Humanities and Social Sciences at the University of Akureyri, the co-operation between home and elementary schools in Iceland is studied. Studies have shown that changes are needed and necessary to widen parental participation in the studies of their children. Parental functionality has not been up to par and various reasons are said to be behind that. In this thesis, the answers to what could be the most efficient way to increase the parental participation in school are sought. Sources are studied to detect the will and attitude of the parents themselves. The study considers whether the opportunities lie in increasing the participation of parents in the classroom, or whether the prospects for success are to offer the parents some information on educational aspects, laws and regulations so they can better support their children in their studies.

Joyce L. Epstein has introduced ideas for effective plan of implementation which has been put into action by Ingibjörg Auðunsdóttir at an Icelandic elementary school. The result was that the collaboration between households and schools grew stronger and the parents became very active in that collaboration. To increase the parent's involvement, it is important to take their needs into consideration. In the studies reviewed, it becomes clear that the parents want to receive more information from the school. Birna María Svanbjörnsdóttir studied parent's attitudes towards support in parenting and found out that parents want increased instructions regarding their role as parents. At the end of the thesis, some ideas are introduced to enhance the collaboration between households and schools. Those ideas could prove useful to principals, teachers and parents to organize more effective collaboration leading to increased participation of parents in the education of their children.

## **Þakkarorð**

Við þökkum leiðsagnarkennaranum okkar, Ingibjörgu Sigurðardóttur fyrir góða leiðsögn, endalausa jákvæðni og hvatningu við gerð lokaverkefnisins. Fjölskyldur okkar fá þakkir fyrir þolinmæði og stuðning síðastliðin þrjú ár og fyrir að hlusta á endurteknar umræður um foreldrasamstarf í grunnskólum síðustu vikunnar. Einnig fær Sara Regína Valdimarsdóttir bestu þakkir fyrir prófarkalestur.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Samstarf heimila og skóla .....	4
2.1 Samstarfið almennt .....	4
2.2 Aðalnámskrá og grunnskólalögin - foreldrasamstarf .....	6
2.3. Rannsóknir um áhrif góðs samstarfs heimilis og skóla .....	9
2.4. Kennaramiðað foreldrasamstarf.....	11
2.5. Hindranir við mótun samstarfsins um nemandann .....	13
2.6. Breytt þjóðfélag kallar á aukna hlutdeild foreldra.....	15
2.7. Samantekt .....	18
3. Ný sýn og nýjar áherslur í foreldrasamstarfi .....	19
3.1 Sex flokkar Joyce L. Epstein .....	20
3.2 Virkni foreldra .....	23
3.3 Aðkoma foreldra að mótun skólastarfsins .....	27
3.4 Foreldrafræðsla .....	28
3.5 Að auka þátttöku foreldra .....	29
3.6 Mikilvægi jákvæðra samskipta .....	31
3.7 Samantekt .....	33
4. Rannsókn .....	34
4.1 Aðferðafræði.....	35
4.2 Rannsóknin .....	37
4.2.1. Úttektir á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis .....	38
4.2.2. Heimasíður skólanna.....	43
4.2.3. Skýrslur á vef .....	48
4.2.4. Rannsóknir .....	50
4.2.5. Sameinuð svör.....	52
4.3 Umræða .....	53
4.3.1. Tillögur um bætt samstarf heimila og skóla: .....	57
4.4 Samantekt .....	60
5. Lokaorð .....	62

## 1. Inngangur

Tímarnir breytast og mennirnir með segir máltækið. Þetta er hverju orði sannara því þjóðfélagsbreytingar hafa verið örar. Kennarastarfið hefur breyst mikið í áranna rás. Kennari sem vill leggja sitt að mörkum í þróun að árangursríkari starfsháttum og að mennta og þroska æskuna verður að vera víðsýnn, vel lesinn og tilbúinn til að takast á við nýja tíma. Það er mikilvægt að festast ekki í viðjum vanans heldur að skoða sífellt skólustarfið með gagnrýnum augum. Breytingar eiga þó ekki að eiga sér stað breytinganna vegna heldur verða áhrif þeirra að auka gæði skólustarfsins.

Það sem einkennir samfélag nútímans í skólum landsins er til dæmis hraði, tímaleysi foreldra, tækninýjungar, fjölmennig, einstaklingsmiðað nám, þróunarstarf og skóli án aðgreiningar. Skólustarf snýst um að búa nemendum aðstæður þar sem þeir fá að þroskast og læra að komast af í samfélaginu á sínum forsendum. Tíminn sem barn eyðir fjarri heimili sínu hefur aukist svo mikið að ekki er lengur raunhæft að segja að foreldrar eigi einir að sjá um uppeldið og umönnun meðan kennari sjái einungis um að mennta og fræða. Grunnábyrgðin á uppeldinu er samt alltaf í höndum foreldra.

Margir telja að menntun og umönnun séu náskyldir þættir og því er ljóst að erfitt er að setja skýr mörk um hver eigi að sinna hverju. Skólasamfélagið verður að koma sér saman um færa leið til að mæta nýjungum og breyttu þjóðfélagsmynstri svo nemendur fái sem allra bestan undirbúning til að takast á við það sem biður þeirra að loknum grunnskóla. Rannsóknir hafa sýnt að tækifærin liggja í auknu samstarfi við heimilin og að fá foreldra í auknum mæli til þátttöku í skólustarfinu. Starfsfólk skólans þarf líka að viðurkenna sinn þátt í uppeldi og umönnun. Samstarfið þarf að einkennast af virðingu og trausti. Grunnskólar á Íslandi ættu að vinna að eflingu á tvívirikum samskiptum við foreldra þar sem báðir aðilar hafa áhrif í samvinnunni.

Samstarf foreldra og skóla um vellíðan og velgengni nemenda í grunnskóla er mikilvægur þáttur í starfi kennara. Það er því nauðsynlegt fyrir þá að þekkja vel í hverju þetta samstarf felst og hvernig best er að vinna að farsælli og árangursríkri samvinnu. Markmið þessarar ritgerðar er að kanna hvort líklegra væri til árangurs, að auka virkni foreldra gegnum beina hlutdeild að námi og starfi barna þeirra á skólatíma eða hvort aukið samstarf ætti að liggja í ýmiskonar fræðslu fyrir foreldra og með aukinni aðkomu þeirra að skipulagningu skólustarfs. Henni er einnig ætlað að vera nokkurs konar leiðarvísir fyrir nýútskrifaða kennara og til fræðslu fyrir foreldra.

Með þetta að leiðarljósi er lagt upp með rannsóknarspurninguna: Hvaða leiðir eru líklegar til að auka þátttöku foreldra í námi barna sinna í grunnskóla? Fyrst verður fjallað um efni sem fræðimenn hafa rannsakað og skrifað um varðandi samstarf foreldra og skóla. Því næst verður fjallað um kenningar Epstein um árangursríka leið byggða á sex þáttum til að auka virkni foreldra í námi barna sinna og einnig um niðurstöður rannsóknar sem Ingibjörg Auðunsdóttir gerði er hún reyndi þessa aðferð Epstein í íslenskum skóla. Á veraldarvefnum má einnig finna kannanir sem skólar hafa gert sem varpa einhverju ljósi á skoðun foreldra á foreldrasamstarfi eins og það er í dag. Þar er líka að finna áætlanir um þróunarstarf þar að lútandi.

Á vefnum og í tímaritum má finna greinar um niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið um foreldrasamstarf í íslenskum grunnskólum og er ætlunin að skoða þær ásamt heimasíðum nokkurra skóla. Þá verður einnig rýnt í nýlegar úttektir á vegum Menntamálaráðuneytisins á grunnskólum landsins. Niðurstöður þessarar heimildavinnu eiga að leiða til hugmynda sem höfundar geta haft að leiðarljósi þegar þeir koma til starfa í skólasamfélaginu og vilja auka þátttöku foreldra í námi barna sinna.



## 2. Samstarf heimila og skóla

Samstarf skóla við forráðamenn og heimili nemenda er samofið öllu skólafarfi. Aðilar samstarfsins þurfa að sinna skyldum sínum til að ná markmiðum um að skapa nemendum sem allra best skilyrði á mikilvægu mótunarskeiði í lífi þeirra. Foreldrum finnst oft skólinn ætlast til of mikils af heimilunum og kennurum finnst foreldrar ekki sinna uppeldishlutverki sínu nægjanlega vel. Agaleysi nemenda truflar kennslustundir og aukinn tími kennara fer í að leysa ýmisskonar vanda á kostnað tímans sem ætlaður er til fræðslu. Leiðir til lausna hafa beinst að því að auka þátt foreldra í skólafarfi, gera þá meðvitaðri um vinnu barna sinna, virkari í að taka þátt í skólafarfinu og koma að undirbúningi og skipulagningu. Til að leiða hugann að mögulegum lausnum verður byrjað á því að fjalla um samstarfið um nemandann í víðu samhengi.

### 2.1 Samstarfið almennt

Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Til eru dæmi um sveitarfélög hér á landi sem hafa unnið með hugmyndafræði þessa afríska spakmælis að leiðarljósi við uppeldis- og tólmstundamál. Í þessu felst að allir leggist á eitt um að skapa umhverfi sem eykur þroska barna og aðstoðar þau á leið sinni að myndun eigin sjálfsmyndar. Kennarar gera sér fulla grein fyrir að nám barna krefst samstarfs við foreldra og í síauknum mæli verður uppeldislegur þáttur kennara stærri hluti af starfi þeirra. Í siðareglum kennara á Íslandi kemur fram að kennari á að vera virkur þátttakandi í samstarfi um nemandann, bæði hvað viðkemur heimilinu og samfélaginu, með þarfir og líðan nemandans að leiðarljósi. Þar stendur einnig að kennarar eigi að vera mikilvægar fyrirmyndir í ábyrgðarmiklu hlutverki sínu í þjóðfélaginu (Kennarasamband Íslands, 2003).

Foreldrasamstarf snýst um samvinnu heimilis og skóla og um allt sem að nemandi snýr varðandi skólagöngu hans. Í þessari samvinnu verður að felast meira en samskipti, hún verður að innihalda samstarf. Nanna K. Christiansen (2010:68–70) skilgreinir þetta samstarf, inntak þess og markmið. Hún segir að í samstarfi felist að aðilar eigi sér sameiginlegt markmið sem allir stefna að og taki ábyrgð á. Inntak samstarfsins verður að vera á þann hátt að það feli í sér að aðilar gefi hver öðrum upplýsingar og raunverulegar samræður eigi sér síðan stað um allt er að nemandanum snýr sem að lokum leiðir til sameiginlegrar ákvarðanatöku. Markmið samstarfsins eru hagsmunir nemenda. Skóli og skólaforeldrar

samnýta úrræði, áhrif og völd til að tryggja hagsmuni einstaka nemanda, ákveðins hóps eða jafnvel skólasamfélagsins alls, hagsmuni sem annars væri ekki á færi hvors um sig að tryggja.

Á vefsíðu landssamtaka foreldra stendur: „Heimili og skóli trúir því að öflugt samstarf heimila og skóla sé lykill að farsælu skólastarfi. Skólinn leikur stórt hlutverk í uppeldi og þroska hvers einstaklings og því er mikilvægt að samskipti heimilanna við skólann séu góð og ekki síður samskipti skólanna við heimilin.“ Þar kemur líka fram nauðsyn þess að bæði heimili og skólar geri sér grein fyrir því hversu mikilvægt þetta samstarf er. Allir þættir skólasamfélagsins, nemendur, foreldrar og starfsmenn skóla eru mikilvægir og því nauðsynlegt að þessir hópar vinni vel saman til þess að samskipti innan og utan skólans gangi sem best. Allir þessir aðilar eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta en það er velferð barnanna (Heimili og skóli, 2007).

Prófessor Joyce L. Epstein hefur rannsakað foreldrasamstarf og skólastarf í Bandaríkjunum um langt skeið. Til að skýra tengsl heimilis og skóla hefur Epstein (2001:22) skilgreint þrjár mismunandi stefnur um ábyrgð í samstarfinu um nemandann, aðgreinda, sameiginlega og raðbundna. *Aðgreind ábyrgð* fjallar um grundvallarmun á hlutverki fjölskyldna og skóla. Í því felst að uppbygging skóla og skipulag fjölskyldunnar er mismunandi hvað varðar markmið, ábyrgð og hlutverk. Kennarar og foreldrar vinna sjálfstætt og aðskilið. Kennarar sinna menntun barna í skólanum og foreldrar sjá um uppeldishlutverkið heima við. *Sameiginleg ábyrgð* leggur áherslu á samræmingu, virðingu, samvinnu og samskipti. Skólinn og fjölskyldan bera þá sameiginlega ábyrgð á menntun og félagsmótun nemenda. Kennarar og foreldrar hafa sömu markmið fyrir nemendur og til að ná þeim verður að vera um samvinnu að ræða. *Raðbundin ábyrgð* snýst um að framlag kennara og foreldra til að hafa áhrif á þroska barna er misjafnt og miðast við aldur barnanna. Með henni er lögð áhersla á að foreldrar eigi með uppeldis og menntunarhlutverki sínu að undirbúa börn sín vel til að takast á við nám í leik- og grunnskóla. Um fjögurra til fimm ára aldur hafi kennarar hins vegar meiri áhrif á þroska barnanna en foreldrarnir.

Leggja þarf áherslu á samstarf sem er samfellt, hefur tilgang og er í samræmi við þroska og aldur nemenda. Hugmyndafræðin um samstarf fjölskyldna og skóla hefur á síðustu áratugum færst frá aðgreindri ábyrgð að sameiginlegri ábyrgð (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:21). Það kemur fram í bókinni *Bætt skilyrði til náms* að virk þátttaka foreldra í námi og menntun barna sinna eykur ábyrgð barnanna á náminu. Í þeim skólum þar sem foreldrar eru virkir að taka þátt í námi með börnum sínum er foreldrasamstarf einnig betra (Rósa Eggertsdóttir og Grétar L. Marinósson og fl., 2002:26).

Til þess að ná sem bestum árangri í foreldrasamstarfi telur Epstein nauðsynlegt að starfið sé skilgreint í skólanámskrá og framkvæmdahópur myndaður til að sjá um að framfylgja ákvæðunum í námskránni. Með því að auka ábyrgð foreldra á námi og námsframvindu barns síns og fá þá til þátttöku í skólastarfinu, gengur barninu betur í náminu. Mikilvægustu áhrif foreldranna á nemendur eiga sér stað heima fyrir. Samstarfið sem unnið er innan veggja heimilisins hefur áhrif á færni nemandans í mannlegum samskiptum og gerir hann að betri námsmanni. Það skilar sér svo beint inn í starfið í skólanum (Desforges og Abouchaar, 2003:89).

Þar sem almenningur er upplýstari nú en fyrr á tímum og meðvitaður um rétt sinn, hafa kröfur heimilanna til skólastarfsins breyst. Nú er aukin krafa um samstarf á jafnréttisgrundvelli og gæti það minnkað sjálfstæði kennarans sem fagmanns. Hann á að vinna sem leiðtogi í samstarfi á jafningjagrunni. Í þessu samstarfi er samræðan mikilvægt verkfæri til að dreifa valdi og ábyrgð. Samræðan verður að vera ferli sem leiðir til þess að sameiginleg niðurstaða fái um lausn á vandamáli. Í samræðu verða báðir að hafa áhuga á efninu, vilja til að hlusta og sjá sjónarhorn hins. Þeir þurfa að vera tilbúnir til að aðlaga skoðun sína að skoðun hins. Kennari nú til dags verður að þjálfa vel með sér færni til að beita samræðunni sem verkfæri en jafnframt að framkvæma af faglegri ábyrgð og vinna eftir lögum og námskrám (Nanna K. Christiansen, 2010:63–64).

Af ofangreindu má sjá hve virkt og vel skipulagt samstarf milli kennara og foreldra grunnskólanemenda getur haft mikið að segja og því til mikils að vinna að fá foreldra oft inn í skólana svo þeir verði meðvitaðri um starfið sem þar fer fram. Það er þó ekki nægjanlegt að vera meðvitaður það er líka mikilvægt að þekkja skyldur sínar og rétt. Skyldum og réttindum fylgir ábyrgð. Aðalnámskrá grunnskóla og grunnskólalögin leggja línurnar að gerð samstarfsins og segja til um ábyrgðarhluta samstarfsaðilanna.

## *2.2 Aðalnámskrá og grunnskólalögin - foreldrasamstarf*

Það er mikilvægt að foreldrar og skóli standi saman meðan á skólagöngu nemenda stendur með það að markmiði að skila út í samfélagið einstaklingum sem eru vel hæfir til þátttöku í því. Í Aðalnámskrá grunnskóla og í lögum um hann má finna mörg atriði sem leggja samstarfi foreldra og skóla línurnar varðandi uppeldi og nám barna á grunnskólagöngunni. Það að búa nemanda undir framtíðina fellur undir uppeldisleg markmið. Ef árangur af erfiðinu er góður hefur nemandinn tileinkað sér góð siðferðisleg gildi og viðmið, ásamt því að hafa náð árangri

í námsgreinum skólans. Þarfir nemandans eru þarfir kennarans og kennarinn verður að leita leiða til að koma til móts við allar þær þarfir sem nemandinn hefur. Þar með talið að standa við hlið foreldra og vinna með þeim við að ala upp barn þeirra. Í fjórða kafla nýrrar Aðalnámskrár 2011 stendur: „Árin sem barn stundar nám í grunnskóla eru mikilvægt mótunarskeið þess sem einstaklings og þjóðfélagsþegns“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011:22).

Í almennum hluta Aðalnámskrárinnar kemur fram að starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar taki þátt í að móta skólasamfélagið og vinni saman að því að koma markmiðum í framkvæmd. Foreldrar fara með forsjá barns samkvæmt barnalögum. Foreldrar bera ábyrgð á því að börnin sækji skóla og taki þar virkan þátt. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu auk þess að bjóða upp á menntunartækifæri. Virðing, traust og upplýsingamiðlun eru mikilvægir þættir sem samstarf heimila og skóla þarf að byggjast á. Sameiginlegt verkefni heimila og skóla er menntun og velferð nemenda. Skólastjórnendur og umsjónarkennarar þurfa að skapa foreldrum tækifæri til að taka virkan þátt í námi barna sinna og stuðla að góðu samstarfi. Með öflugum foreldrasamstarfi og sterkri samstöðu má vinna gegn neikvæðum þáttum eins og neyslu fíkniefna og óæskilegri hegðun en um leið stuðla að bættum námsárangri og almennri velferð nemenda (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:51).

Í 2. gr. grunnskólalaga segir: „Hlutverk grunnskólans, í samvinnu við heimilin, er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi“ (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008). Einnig kemur þar fram það markmið að tryggja skuli nemandanum farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi hans í góðu samstarfi við heimilin. Eins og áður sagði bera foreldrar ábyrgð á því að börn stundi nám og sækji skóla. Í 3. gr. grunnskólalaga segir: „Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna á skólaskyldualdri. Foreldrar samkvæmt lögum þessum teljast vera þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga“ (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008). Nám barnanna og eftirfylgni í framvindu þess er á ábyrgð foreldra samkvæmt 19. gr. grunnskólalaga en þó er ábyrgðin ekki eingöngu þeirra því samkvæmt 14. gr. sömu laga eiga nemendur sjálfir að taka ábyrgð á eigin námi. Grunnskólinn ber ábyrgð á almennri vellíðan nemenda í skólanum; andlegri, líkamlegri og félagslegri (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008:13.gr. og 24. gr.).

Í Aðalnámskrá og lögum um grunnskóla koma fram sömu skyldur foreldra varðandi ábyrgð þeirra á námsuppeldi barnanna. Réttur foreldra til að hafa áhrif á skólastarfið er mikill en öllum rétti fylgja skyldur. Ásamt því sem áður hefur komið fram um skyldur foreldra

varðandi ástundun og heimanám barna sinna ber þeim einnig að sjá til þess að börnin fái nægilegan svefn og mæti upplögð til vinnunnar í skólanum. Samkvæmt lögum er nám barna og það að þau innritist í skóla á ábyrgð foreldranna en auk þess eiga þeir að fylgjast með námsframvindu barna sinna í samráði við kennara. Þetta kemur fram í 18. gr. grunnskólalaganna en þar segir:

Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008).

Ábyrgð á uppeldi barnanna er í höndum foreldra sem bera einnig ábyrgð á því að innrita þau í skóla þegar skólaaldri er náð. Foreldrar hafa tækifæri til að taka þátt í námi barnanna og mikilvægt að þeir séu í góðu samstarfi við skólann um börnin og greini frá þáttum sem þeir telja að geti haft áhrif á nám þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:49–50). Það er á ábyrgð skólans að samstarf heimilis og skóla sé til staðar og að því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Samstarf sem vel er hugað að og viðhaldið leiðir til þess að foreldrar taki virkari þátt og axli þá ábyrgð sem þeim er skylt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:32). Það er mjög mikilvægt fyrir alla aðila að vel takist til í þessu samstarfi.

Aðalnámskráin kveður á um að umsjónarkennari beri megin ábyrgð á að halda uppi farsælu samstarfi heimila og skóla. Hann verður að kynnast nemendum sínum vel, foreldrum þeirra og aðstæðum. Með því að halda vel utan um upplýsingar og koma þeim á rétta staði vinnur hann meðal annars að því að auðvelda foreldrum þátttöku í ákvarðanatöku þátta er varða barn þeirra. Umsjónarkennari er því aðal tengiliður skóla og heimila og gegnir lykilhlutverki í mótun samstarfsins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011:31).

Þegar ný grunnskólalög voru sett árið 2008 urðu breytingar varðandi formlega þátttöku foreldra í stefnumótun skólastarfs. Aukin þátttaka í nefndum og ráðum á að auka aðkomu foreldra að skólastarfinu. Þar er ákvæði um skólaráð sem er samráðsvettvangur um skólahald. Skólaráð kemur að stefnumótun og fjallar um áætlanir og breytingar í skólahaldi. Engum stórvægilegum breytingum má hrinda í framkvæmd fyrr en skólaráð hefur fjallað um þær. Því ber líka að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og velfarnaði nemenda í skólanum. Í skólaráði eru meðal annarra fulltrúar kennara, foreldra og nemenda (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008: 8.gr. og 9. gr.).

Hér hefur verið fjallað um nokkra þætti varðandi foreldrasamstarf og birtingarmynd þess í Aðalnámskrá og lögum um grunnskóla. Foreldrar bera frumábyrgð á barni sínu en skólinn ber einnig ríka ábyrgð á velferð þess og félagslegri mótun. Í nútímaþjóðfélagi er aukin áhersla lögð á þátt foreldrasamstarfs í skólastarfinu og góður árangur næst ef aðilar þekkja skyldur sínar og vinna sem best að því að sinna þeim með hag nemenda að leiðarljósi.

### *2.3. Rannsóknir um áhrif góðs samstarfs heimilis og skóla*

Skólum sem hefur tekist að skapa umbótasinnaða skólamenningu hafa náð varanlegum árangri í skólaþróun. Einkenni slíkrar menningar er samvinna og samábyrgð starfsmanna skólans og virk tengsl við foreldra og samfélag það sem skólinn starfar í. Skólasamfélagið allt ber þá ábyrgð á því sem gerist í kennslustofunni. Kennarar, stjórnendur og foreldrar skipuleggja, undirbúa og meta starfið saman. Þeir geta treyst á stuðning og eftirlit hvers annars og ræða saman um starfið, eðli þess og framkvæmd (Jón B. Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2002:83). Í rannsókn sem Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns gerðu um hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkurborgar lýsir skólastjóri mikilvægi samskipta vel: „Allir hafa sitt hlutverk, nemandinn, skólinn og foreldrarnir og sérfræðingarnir. Ef einn hlekkur klikkar þá náum við ekki árangri... ef við náum ekki samvinnu komumst við ekkert” (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006:70).

Charles Desforges er breskur prófessor sem starfaði við Exeter háskólann í Englandi en vinnur nú við rannsóknir og ráðgjöf um allt er varðar menntun. Hann hefur unnið mikið að ýmiskonar þróunarstarfi varðandi nám og kennslu. Hann gerði meðal annars viðamikla rannsókn í Bretlandi varðandi áhrif sem foreldrar höfðu á gengi barna sinna í skólanum ef þeir tóku þátt í námi barnanna. Hann komst að þeirri niðurstöðu að foreldrar hafa mikil áhrif á velgengni barna sinna. Einnig kom fram að foreldrar hafa meiri áhrif á gengi barnsins í skólanum fram að 11–12 ára aldri. Skólasamfélagið hefur meiri áhrif á gengi barnsins í skólanum þegar á unglingsárin er komið (Desforges og Abouchaar, 2003:17–18). Önnur rannsókn sýnir fram á að þegar foreldrar sýna námi og lífi barns síns áhuga og taka þátt í því á virkan hátt þá hefur það mikil áhrif. Til dæmis er ólíklegra að um endurtekningu verði að ræða á óæskilegri hegðun ef nemendur verða að standa frammi fyrir foreldrum sínum eftir slíka uppákomu í skólanum. Þetta á við þegar um góðar heimilisaðstæður að ræða (Harris og Goodall, 2006:59).

Það geta flestir samþykkt að samvinna skóla, foreldra og samfélagsins sé nauðsynleg í nútímaþjóðfélagi. Þjóðfélagi sem því miður einkennist oft af tímaskorti foreldra við að fylgja eftir uppeldislegum markmiðum sínum. Frederik Smit og Cees Klaassen starfa báðir við Radboud háskólann í Hollandi og hafa gert margar rannsóknir um tengsl foreldra og skóla. Klaassen og Smit (2001) komust að þeirri niðurstöðu að skipuleggja skuli slíka samvinnu þar sem allir aðilar hafi möguleika á að hafa áhrif í samstarfinu, og benda á nauðsyn þess að starfið fari fram á jafningjagrunni. Þeir eru ekki einir um að hafa komist að þessari niðurstöðu, Epstein o.fl. (2002:9) telja mikilvægt að slíkri samvinnu sé á skipulagðan hátt hrundið í framkvæmd. Með tíðum samskiptum þessara aðila sé líklegra að nemendur fái sömu skilaboð úr mörgum áttum. Skilaboð um mikilvægi náms, kosti þess að vinna vel, að vera gagnrýnn og skapandi, og að hjálpssemi sé dyggð.

Áðurnefnd rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjargar Kaldalóns um hegðunarvanda í skólum á höfuðborgarsvæðinu sýndi að í þeim skólum þar sem lítið var um hegðunarvandamál að mati starfsfólks var mikil áhersla lögð á samstarf við foreldra. Viðhorf starfsfólks í einum slíkum skóla var á þann hátt að ekki var lítið á slæma hegðun nemenda sem vandamál eða einstaklingsmál heldur ferli sem bæri að vinna í samstarfi við foreldra. Starfsmenn þessara skóla áttu yfirleitt gott samstarf við foreldrana og voru jákvæðir í þeirra garð. Flestir skólar féllu í flokk skóla með agavandamál sem töldust innan viðráðanlegra marka. Í þessum skólum taldi starfsfólk samstarf við foreldra ganga misvel og jafnvel dæmi um að því fyndist hluti foreldra erfiður, kröfuharður og jafnvel andsnúinn starfsfólki (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006:21–38).

Í grein Nönnu Christiansen (2007): Hver á eiginlega að ala börnin upp, foreldrar eða kennarar, vitnar hún í skilgreiningu Ericsson og Larsen um góða og erfiða foreldrið. Samkvæmt henni leggur „gott“ foreldri sig fram við að leysa verkefni sem kennari hefur skilgreint en „erfitt“ foreldri ætlast til þess að kennari leysi verkefni sem það sjálft hefur skilgreint. Foreldrum og kennurum er líkt við danspar þar sem kennarinn sé án efa dansherrann og af því megi dæma að skipting ábyrgðar á námi og uppeldi sé óljós.

Í þeim skólum sem komu verst út úr rannsókninni varðandi hegðunarvanda nemenda var viðmælendum tíðrætt um að börnin endurspegluðu andann í samfélaginu og að uppeldisaðferðir foreldra væru athugasemjaverðar. Hluta viðmælenda fannst vandinn felast í erfiðu samstarfi við foreldra barna sem glíma við hegðunarvanda (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006:21–38). Rannsókn sem gerð var í Kanada gaf til kynna að foreldrar hafa mikil áhrif á það hvernig barn lítur á kennara sinn og skólastarfið. Því er mikilvægt fyrir

foreldra að vera jákvæðir gagnvart skólanum og því starfi sem þar fer fram til að móta ekki neikvæðar skoðanir hjá barninu gagnvart skólanum (Áslaug Brynjólfsdóttir, 2007:108).

Náið samband milli heimilis og skóla er forsenda árangursríks skólastarfs. Þegar búið er að stofna til sambandsins er það skólans að taka að sér samhæfingarhlutverk og gera formlega áætlun um samstarf og kennarar jafnt sem foreldrar verða að virða og meta sérþekkingu hvers annars (Guðrún Þ. Jónsdóttir, 2005).

Þrátt fyrir vitund um breytta tíma og þörfina til að innleiða nýja starfshætti virðist sem skólarnir haldi áfram að skipuleggja foreldrastarfið með hefðbundnum hætti. Skóladagatal er skipulagt að vori og þar er gert ráð fyrir þeim þætti samstarfsins er viðkemur upplýsingagjöf um gengi námsins og ýmiskonar félagstörfum. Oftast er þetta skipulag miðað út frá þörfum skólans og því sem kennarinn vill koma til skila og ekki gert ráð fyrir að foreldrar hafi eitthvað um þetta skipulag að segja. Frá árinu 2008 er skylt að foreldrafélag starfi við hvern grunnskóla. Ætla má að með því sé lagður grunnur að aukinni þátttöku foreldra í skólastarfinu þar sem foreldrar verða lögum samkvæmt að gerast félagar.

#### *2.4. Kennaramiðað foreldrasamstarf*

Hefðbundið foreldrasamstarf í skólum landsins byggist að mestu á upplýsingagjöf frá skóla til foreldra. Þessar upplýsingar eru um gengi nemandans í námi, hvað hann þarf að bæta og hvernig honum gengur almennt í skólanum. Í upphafi skólaárs er algengt að skipulagðir séu einkafundir með nemanda og foreldrum hans tvisvar yfir veturinn, svokölluð foreldraviðtöl. Kennarinn gefur sér nokkrar mínútur á hvern nemanda og reynir eftir bestu getu að halda tímaáætlun. Í upphafi vetrar safnast nemendur og foreldrar þeirra inn í skólastofu þar sem farið er yfir áætlun um starf vetrarins og væntanlegt námsefni. Á ákveðnum tímamótum eins og til dæmis þegar barn hefur skólagöngu sína og eins þegar nemandinn færir á milli stiga eru skipulagðir lengri fundir þar sem foreldrum er boðið að hlýða á kynningar varðandi breytingarnar og hvaða þjónustu boðið er upp á varðandi nám og uppeldi. Stundum koma á þessa fundi einhverskonar sérfræðingar og fjalla um málefni sem oft eru tengd einhverskonar vanda sem þarf að bregðast við. Foreldrar fá í sumum tilfellum sendar heim vikuáætlanir, fréttabréf og upplýsingar um hvaða heimanám þurfi að vinna.

Í íslensku skólasamfélagi eru *samskipti* við foreldra stærri þáttur í samstarfinu varðandi nemandann en *samvinna*. Flestum er þó ljóst mikilvægi þess að þáttur foreldra í skólastarfi nemenda aukist. Skólar senda frá sér upplýsingar með ýmsum leiðum. Upplýsingarnar eiga að auðvelda skólaforeldrum að meta nám barna sinna. Kennarinn fær



einnig í langflestum tilfellum þær upplýsingar um nemandann sem hann þarfnast. Samstarfið virðist samt fast í upplýsingagjöfni og samvinnu sé ekki enn beitt sem verkfæri. Í ljósi þess hve þýðingarmikið gott foreldrasamstarf er í glímunni við flestan vanda nemenda er mikilvægt að efla menntun um slíkt samstarf sem og um samskipti og viðtalsfærni (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006:93).

Foreldrar huga fyrst og fremst að því að tryggja hagsmuni eigin barns meðan kennarinn gætir hagsmuna alls nemendahóps síns. Sjónarmið stangast á og þá reynir á að allir leggi sig fram um að sjá málin í sem víðustu samhengi og sammælist um lausn hvers vanda. Til að þekkja þarf að vita og til að vita þarf að fara fram upplýsingagjöf. Mentor er samskiptahugbúnaður sem auðveldar kennurum að skrá upplýsingar um nemendur. Foreldrar geta nálgast þessar upplýsingar jafnóðum og þær eru skráðar. Kennari og forráðamenn geta einnig skipst á skilaboðum í kerfinu ef því er að skipta. Mentor er heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir alla aðila er að námi hvers nemanda koma og notað í mörgum grunnskólum. Það er í stöðugri þróun, og er gott verkfæri í samskiptum. Foreldrasamstarf eykst ef allir eru virkir í að nota þennan samskiptamiðil á markvissan hátt. Þar er einfalt og fljótlegt að gefa og sækja upplýsingar. Engin vandi er svo stór að fullorðna fólkið geti ekki með góðu samstarfi tekist á við hann. Allt sem þarf er virðing, gagnkvæmt traust og vilji til að leysa hnútinn (Nanna K. Christiansen, 2010:116–121).

Í starfi kennarans er umhyggjan ekki síður mikilvæg en samræðufærni og tíðni samskipta. Tengslin við fjölskyldurnar verða best ef það næst að mynda gott samband við heimilin. Fagfólkið, eða kennararnir verða að sýna foreldum virðingu og traust og gera þá að ábyrgum aðilum í samstarfinu um nemandann. Til að ná að sýna þessa virðingu í verki er góð leið að reyna að hafa samræðurnar einlægar og opnar. Í samræðum er mikilvægt að hlusta vel á það sem sagt er, gefa góðan tíma fyrir þessi tjáskipti og sjá til þess að allir hafi skilið það sem fram fór. Góður fagmaður virðir líka tilfinningar foreldranna og gerir sér grein fyrir að þær eru raunveruleiki þeirra burtséð frá hvaða skoðun fagmaðurinn hefur sjálfur á málinu. Kennarinn verður ekkert minni fagmaður þó hann viðurkenni veikleika og tilfinningar sínar og orði vanmátt sinn um málefni við foreldra. Hann gæti jafnvel fengið bandamann í baráttunni að markmiðinu og öðlast um leið færni til að styðja við foreldrana (Ingibjörg Auðunsdóttir, 1994:30–31).

Áslaug Brynjólfsdóttir (2007) kannaði hvort foreldrar hefðu þau áhrif sem þeir vildu á skólustarf og hvar þeim fyndist helstu áherslur vera á samstarfið milli heimila og skóla. Í niðurstöðum sínum fannst henni áhugaverðast að foreldrar vilja hafa meiri áhrif á starfsemi barna sinna á mörgum sviðum og með misjöfnum áherslum. Það kom einnig fram að

ávinningur góðra samskipta við foreldra fyrir kennarana er mikill af þeirri einföldu ástæðu að það eru þeir sem þekkja börnin sín best.

Það er að mörgu að hyggja í þessu samstarfi kennara og foreldra varðandi nemandann. Kennari verður að halda um stjórnartaumana í samstarfinu og hafa yfirsýnina en samt sem áður að hleypa foreldrum að á þeirra forsendum og leyfa þeim að hafa eitthvað um samstarfið að segja og sýna í verki að skoðanir og hugmyndir foreldra skipta máli. Starfið verður að vera byggt á faglegum og ábyrgum grunni. Ólíkar skoðanir eiga heima í slíku samstarfi og hlutaðeigandi verða að leggja sig fram um að yfirstíga hindranir sem þeir hugsanlega mæta þegar starf með nemandanum er skipulagt og unnið.

### *2.5. Hindranir við mótun samstarfsins um nemandann*

Þroski og menntun barnsins er sameiginlega markmiðið við mótun samstarfs allra sem starfa með barninu að námi þess þau 10 ár sem grunnskólagangan fer fram. Sameiginlega eiga allir að vinna að velferð þess á öllum sviðum þótt grunnábyrgðin sé meiri á vissum þáttum hjá hverjum aðila. Að mennta barnið er þannig á ríkari ábyrgð kennarans en foreldranna, en þeir bera ríkari ábyrgð varðandi uppeldi þess. Mikilvægt er að byggja upp samstarf þar sem aðilar stefna sömu leið. Foreldrar geta rífið niður starf kennara og öfugt ef þeir eru ekki samhentir.

Það heyrir æ oftar að starf kennara sé orðið flóknara, nemendur erfiðari og álag almennt meira. Hér gæti aukið samstarf við foreldra bætt hag kennara. Aukinn skilningur á kennarastarfinu getur aukið virðingu foreldra fyrir því og þar með virðingu nemenda, því það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Það þarf að gæta þess að samstarfið einkennist af virðingu og trausti. Skóli og foreldrar verða að leggja sama skilning í hlutverk og ábyrgð hvers annars svo vel takist til. Það er aukin áhersla lögð á það í þjóðfélaginu að nemandinn sé virkur þátttakandi. Nemandinn er því engan veginn viljalaust verkfæri í höndum hinna fullorðnu og spilar oft tvö hlutverk þar sem starfsfólk skóla og foreldrar upplifa oft framkomu hans á mjög ólíkan hátt (Nanna K. Christiansen, 2010:72–82).

Til að koma til móts við breytt þjóðfélag þarf að endurbæta skólakerfið. Bestur árangur fæst með aukinni hlutdeild foreldra því rannsóknir sýna áhrif þeirra ótvírætt. Samkvæmt Epstein o.fl. (2002) eru gagnkvæm samskipti milli skóla og foreldra varðandi nám og þroska nemenda það sem skiptir mestu máli. Sameiginlega verða þessir aðilar að vinna að því að skila einstaklingunum sem hæfustum út í lífið, líf sem byggir á öðrum forsendum en núverandi skólakerfi var hannað fyrir. Í samstarfi fullorðna fólksins og mótun þess verða oft hindranir sem geta haft mikil áhrif. Þar má nefna félagslega þætti sem hefta góða samvinnu og

tengjast vandamálum inni á heimilum nemenda en eru hvorki innan verkahringis né getu kennara eða annarra starfsmanna skólans að leysa. Þessir þættir geta verið alkóhólismi, þunglyndi eða önnur veikindi foreldra. Mikil fátækt og erfiðleikar í sambandi forráðamanna barnanna eru líka áhrifavaldar og geta heft samstarfið sem og skortur á sjálfsöryggi og þekkingu þeirra varðandi uppeldi og námsefni. Rannsóknir sýna að rúmur þriðjungur barna í Bretlandi búa við eitthvert ofangreindra atriða. Til dæmis fannst sumum foreldrum það ekkert óeðlilegt að tala ekki mikið við börn sín. Þeir ólust sjálfir upp við sambærilegar aðstæður og gerðu sér enga grein fyrir mikilvægi samræðunnar á þroskaferil barnsins (Desforges, 2008).

Neikvætt viðhorf foreldra getur verið ein hindrun í mótun samvinnunnar um nemandann. Foreldri getur verið fast í eigin upplifun af erfiðri skólagöngu við allt aðrar aðstæður en nú ríkja í skólastarfi. Þessar minningar valda neikvæðni gagnvart skólanum og öllu sem honum tilheyrir. Barnið hlustar á mömmu eða pabba tala af virðingarleysi um þetta tímabil í lífi þeirra og litar það án vafa viðhorf barnsins til starfs þess í grunnskólanum. Góð samvinna kennara og foreldra á erfitt uppdráttar með svona grunn til að byggja á (Nanna K. Christiansen, 2010:113–114).

Sérþarfir nemenda og ýmis frávik í hegðun geta krafist mikillar samvinnu kennara og foreldra. Þar getur viðhorf kennara skipt miklu um hvernig mótun samvinnunnar verður. Ef viðkomandi kennari telur það ekki á sinni ábyrgð að sjá til þess að nemandi með hegðunarvanda sýni viðunandi hegðun í skólanum og væntir þess að foreldrar taki alfarið á því geta samstarfsaðilar um velferð nemandans staðið frammi fyrir hindrun sem erfitt getur verið að yfirstíga. Í sumum tilfellum bera kennarar við skorti á úrræðum eða tímaleysi til að taka á vanda sem þeir eru ekki sérfræðingar í og skorti á þekkingu til verksins. Þeir hafi menntað sig til að miðla þekkingu en þurfi í síauknum mæli að taka að sér umönnun og uppeldi þar sem foreldrar standi ekki undir hlutverki sínu og ábyrgð sem uppalendur (Nanna K. Christiansen, 2010:95–96).

Það er mikilvægara nú en áður að koma á góðum tengslum skóla og skólaforeldra þar sem skóladagurinn hefur lengst með tengingu við ýmiskonar tómskundastarf og dagvist að loknum hefðbundnum skóladegi. Grunnskólinn hefur fengið aukið uppeldishlutverk og til að vinna sem best að velferð hvers barns þarf að móta um það samstarf sem gefur aðilum meiri skilning og þekkingu til að mæta þörfum þess. Þegar barn kveður leikskólann og hefur grunnskólagöngu sína upplifa margir foreldrar ópersónulegri og minni samskipti við kennara og sakna þess að fá að heyra hvernig dagurinn gekk. Sumir foreldrar eiga auðveldara með að hefja samstarf við skóla barna sinna en aðrir og virðast foreldrar með litla menntun síður sækja í að taka þátt í stjórnar- og nefndarstörfum innan skólanna. Foreldrar með hærra

menntunarstig virðast öruggari gagnvart skólanum, eiga oftár frumkvæði að samskiptum og taka meiri þátt í skólastarfinu (Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2008).

Í rannsókn sem gerð var um upplifun foreldra af skólabyrjun barna þeirra kemur fram að foreldrar virtust almennt einungis taka þátt í skólastarfinu ef um boðuð viðtöl eða foreldrafundi var að ræða. Svo virðist sem tími til að heimsækja skólann sé takmarkaður, það er að segja að foreldrar gefi sér ekki tíma til að taka þátt á virkan hátt (Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Sömu niðurstöður er að finna í orðum Nönnu Christiansen (2010:79) sem segir orðið tímaskort margsinnis hafa komið upp í viðræðum hennar við kennara. Þar kemur líka fram að þó foreldrar fletti reglulega yfir vinnubækur barna sinna virðast margir hverjir ekki gefa sér tíma til eftirfylgni og vörpuðu allri ábyrgð á skólann. Það má velta því fyrir sér hvort foreldrar finni sér þá tíma til að kynna sér ábyrgð sína og skyldur í Aðalnámskrá og grunnskólalögum varðandi skólagöngu barna sinna. Ef þessi gögn eru ekki lesin þá er ekki víst að foreldrar viti hvaða skyldum þeim ber að sinna.

Hér hefur verið minnst á nokkra þætti sem geta valdið því að samvinna um nemandann getur reynst samstarfsaðilum erfið. Margir fleiri þættir geta valdið því að ekki tekst að vinna saman af heilum hug eins og fordómar, ótti við gagnrýni, tungumálaörðugleikar og mistök svo fátt eitt sé talið. Þá má einnig nefna að misskilningur getur oft orðið að hindrun sem tekst ekki að yfirvinna fyrr er hann hefur verið leiðréttur. Sá sem græðir mest á góðu samstarfi heimila og skóla er nemandinn og því mikilvægt fyrir alla aðila að leggja sig alla fram um að mynda eins jákvæð og virk tengsl og mögulegt er. Þróun undanfarinna ára kallar á breytingar sem gera ráð fyrir aukinni hlutdeild foreldra í mótun skólastarfs. Þá er spurning hvaða leiðir eru færar til breytinga og líklegastar til að skila þeim árangri sem er vænstur.

## *2.6. Breytt þjóðfélag kallar á aukna hlutdeild foreldra*

Á tímamótum er gjarnan horft til fortíðar með það að markmiði að geta dregið einhvern lærdóm af því liðna og þannig bætt eða þróað það sem koma skal. Nýjar forsendur geta líka valdið því að breytinga er þörf. Aldamót eru ein tegund slíkra tímamóta og í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar hafa íhuganir manna meðal annars vakið margar spurningar um menntun og skólastarf. Þjóðfélagsbreytingar eru miklar, tækniþekkingu fleygir fram og aðgengi að upplýsingum er sífellt auðveldara. Markmið menntunar beinast í auknum mæli að því sem getur kallast manngildi og lífsleikni. Þetta kemur meðal annars fram í bókinni *Aukin gæði náms – Skóli sem lærir* (Jón B. Hannesson og fl., 2002:11).

Í sömu bók vitna höfundar í skýrslu UNESCO frá árinu 1996, *Nám: Nýting innri auðlinda*, en þar segir frá nýrri sýn á menntun tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Hefðbundnar leiðir til miðlunar dugi ekki lengur og í staðinn þurfi í menntuninni að felast undirbúningur að því að stunda nám allt lífið. Fernskonar markmið eru sett fram; nám til að öðlast þekkingu, nám til að öðlast færni, nám til að læra að lifa í sátt og samlyndi við aðra og nám til að verða betri maður. Þetta þýðir að í stað þess að kenna með beinni kennslu verður hlutverk kennara í auknum mæli að efla færni nemenda til að geta lært á sjálfstæðan hátt út allt lífið og að styrkja og efla sammannlega þætti þeirra (Jón B. Hannesson og fl., 2002:11).

Áhersla er lögð á þátttöku fjölskyldunnar í menntunarferli barnsins því hún gegnir lykilhlutverki. Foreldrar þekkja best allar hliðar barna sinna. Með því að hlusta vel á það sem foreldrar og fjölskyldumeðlimir hafa að segja öðlast kennarinn dýpri skilning á líf nemandans og fær skýrari mynd af þörfum hans. Foreldrarnir hafa mestra hagsmuna að gæta um nám barna sinna og eiga kröfu á að á þá sé hlustað og að tekið sé mark á orðum þeirra. Taka verður tillit til bakgrunns fjölskyldunnar því menningarlegur bakgrunnur verður sífellt fjölbreyttari. Foreldrar og aðrir fullorðnir fjölskyldumeðlimir eru einu fullorðnu aðilarnir sem koma á samfelldan hátt að námi barns alla skólagönguna. Góð samvinna foreldra og skólastarfsfólks gefur jákvæða sýn á skólann í samfélaginu. Ákvarðanir sem teknar eru varðandi nemanda hafa afleiðingar fyrir fjölskyldu hans því hún þarf að lifa með því. Þess vegna á að gefa þeim hlutdeild í skipulagningu og forgangsroðun í námi nemandans (Giangreco, Cloninger og Iverson, 1998:20–23).

Í greininni Undirbúningur fyrir skólagöngu er vitnað í marga fræðimenn þegar sagt er frá því að þeim beri saman um að samstarf heimila og skóla sé mikilvægt vegna áhrifanna sem samstarfið hefur á nemandann í skólastarfinu. Virðing og traust eru mikilvægir þættir þegar mótað er árangursríkt starf með foreldrum. Lífsgæði, vellíðan barnanna og ánægja fjölskyldunnar eykst ef fagmaðurinn tekur mið af henni sem heild. Þá er haft samráð og náðið samstarf varðandi allt er að nemandanum lýtur. Ánægðar fjölskyldur leiða til betra skólastarfs. Áhrifamikil leið til að mynda góð tengsl er að heimsækja nemandann heim í upphafi grunnskólagöngunnar og hefja þannig samvinnuna við heimilið (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2008b:154). Þess ber þó að gæta að skipuleggja slíkar heimsóknir til allra nemenda en ekki einungis þeirra sem hafa sérþarfir eða búa við slök skilyrði því slíkt myndi rýra gildi heimsóknanna (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2008a:28).

Til að samstarf foreldra og kennara skili þeim árangri sem vænst er verður vinnan að fara eftir markvissum leiðum. Það verður að byggja upp samstarfsáætlun sem hefur ákveðinn tímaramma og skýr markmið. Það verður að vera augljóst hver hefur hvaða markmið og

einnig hvaða bjargir skulu vera til staðar. Árangur starfsins er metinn reglulega og úrbótaáætlun gerð samkvæmt niðurstöðunum (Desforges og Abouchaar, 2003:55–56). Margir sérfræðingar telja að stuðla megi að bættu og virkara skólastarfi með góðu samstarfi heimila og skóla, auk þess sem aukið samstarf skapar einnig grundvöll til að móta betur skólastarf og námskrá (Epstein, o.fl., 2002:23–24).

Joyce L. Epstein (1995) flokkaði samskipti heimilis og skóla í sex flokka. Uppeldi, samskipti, sjálfböðavinnu, heimanám, ákvarðanatöku og samstarf við samfélagið. Við uppeldið eða foreldrahlutverkið er mikilvægt að fjölskyldur fái aðstoð frá skólanum við að skapa aðstæður þar sem þær geti stutt við nám barna sinna. Foreldrar verða að fá upplýsingar í skólanum og tækifæri til að deila upplýsingum um barn sitt til skólans. Allar upplýsingar frá skólanum eiga að vera skýrar og tengjast frammistöðu nemandans. Samskipti við fjölskyldur um skólastarfið og framgang námsins eiga að vera skipulögð og einnig samstarfið við þær. Þá er mikilvægt að leiðir til samskipta séu færar hverri fjölskyldu og virki í báðar áttir. Samskiptaferlið þarf að vera opið og til þess vandað. Skólinn þarf að stuðla að sjálfböðavinnu sem allir foreldrar geta á einhvern hátt komið að. Foreldrar þurfa að upplifa sig velkomna og að þeir skipti máli.

Heimavinnan á að vera leið skólans til að koma upplýsingum til foreldra um nám barnanna. Kennarar sama nemanda þurfa að samræma sig varðandi heimanámið og helst að fá foreldra og nemendur til að taka þátt í ákvörðunum tengdum náminu á einhvern hátt. Það þarf að sinna öllum foreldrum og þjálfá þá til þess að færni þeirra til þátttöku í forystuhlutverkum ýmiskonar og miðlunarhlutverkum aukist. Þannig verða þeir þátttakendur í ákvarðanatöku og skólanámskrárgerð svo eitthvað sé nefnt. Það þarf að tengja skólann og fjölskyldur með ýmsu móti við umhverfið sem þau lifa í til styrktar skólastarfínu. Þetta gæti átt við um tengsl við félagasamtök, nefndir og atvinnulíf svo dæmi séu tekin. Með því að kynna skólastarfið úti í þjóðfélaginu er hægt að efla skilning og umræðu um mikilvægi skólamála (Epstein, 1995:704–706; Desforges og Abouchaar, 2003:18).

Það kemur fram hjá Ingibjörgu Auðunsdóttur (2006:20–21/121) að samstarfsáætlun Epstein 2001 er byggð upp á þessum sex flokkum. Hver skóli skal vinna á öllum sex sviðunum en þarfir í samfélagi hvers skóla eru látnar ráða því hvað er framkvæmt á hverju sviði. Við undirbúning og vinnu við þróun þeirra verður að vanda til verka. Þróunarvinnan tekur oftast tvö ár. Ingibjörg reyndi þessa samstarfsáætlun Epsteins í íslenskum skóla og uppskar árangur. Allir voru ánægðir, samstarfsáætlunin reyndist vel, samstarf heimila og skóla jókst og varð ánægjulegra. Þróunin miðaði meðal annars að því að koma til móts við sem flesta á eigin starfsvettvangi, og hlusta á öll sjónarmið til að auka skilning á samstarfínu.

Rannsóknin skilaði upplýsingum og reynslu sem koma að gagni við þróun slíkrar áætlunar um samstarf foreldra og skóla. Þróunarverkefni þetta er nú hluti af starfsmenningu viðkomandi skóla.

Breytingar á þjóðfélagsgerð og tækniþekkingu hafa áhrif í skólasamfélaginu sem og annars staðar. Með nýjum tímum koma nýjar áherslur. Skólanum er ekki lengur ætlað að hafa einungis það hlutverk að fræða nemendur. Honum ber einnig að koma að öllum öðrum þáttum í uppeldi æskunnar. Það verður best gert með aukinni samvinnu við heimilin og þátttöku sem einkennist af virðingu og trausti. Foreldrar verða að virða fagþekkingu kennara og kennarar hugmyndir og skoðanir foreldra. Allir aðilar skólasamfélagsins þurfa að vinna saman að skipulagningu og markmiðum og sammælast um árangursríkar leiðir en hafa vísar bjargir ef út af bregður. Til að þessi sýn geti orðið að veruleika þarf að ná foreldrum inn í skólana og vekja áhuga þeirra fyrir aukinni samvinnu. Ein leið gæti verið að vinna eftir samstarfsáætlun Epstein og í þriðja kafla verður hún skoðuð nánar ásamt rannsókn Ingibjargar Auðuns með það í huga að leita leiða sem væru líklegar til að virkja til þátttöku sem flesta foreldra.

## 2.7. Samantekt

Samstarf skóla við forráðamenn og heimili nemenda er samofió öllu skólastarfi. Skólastarf hefur breyst í nútímapjóðfélagi bæði hvað varðar áherslur á námsþætti, kennsluáðferðir og virkni einstaklinga. Í skólasamfélaginu er rætt um að auka þátttöku foreldra í skólastarfinu en óljóst virðist um leiðir til þess. Foreldrasamstarf snýst um samvinnu heimilis og skóla um allt sem að nemandi snýr varðandi skólagöngu hans. Markmið þess eru hagsmunir nemenda. Það þarf að leggja áherslu á samstarf sem er samfellt og hefur tilgang. Það þarf einnig að vera sniðið að þörfum einstaklinganna. Kennari á að stýra í samstarfinu við foreldra sem leiðtogi á jafnréttisgrunni. Samræðan er það verkfæri sem notast skal við þegar mótað er virkt og vel skipulagt samstarf.

Réttindum og skyldum fylgja ábyrgð og til að aðilar viti til hvers er ætlast eru þessir þættir skráðir í lög og reglugerðir. Aðalnámskrá og grunnskólalögin eru gagnabankar sem þessir aðilar eiga að nýta sér. Í skólaráði er vettvangur fyrir aðila til að hafa áhrif og koma að mótun og skipulagningu skólastarfs í heimabyggð. Rannsóknir sýna að gott samstarf heimila og skóla þar sem foreldrar taka virkan þátt í námi barns síns hefur áhrif á nám nemandans og hegðun í skólanum. Hefðbundið samstarf byggir þó mest á upplýsingagjöf frá skóla til heimilis og þátttöku foreldra í félagsstarfi.

Ýmsir erfiðleikar innan heimilanna geta verið hindrun við móttun samstarfs um nemandann. Einnig getur slæm minning foreldris frá sinni skólagöngu og ríkjandi viðhorf þess í garð skólans haft neikvæð áhrif. Það er algengt að foreldrar beri við tímaskorti sem ástæðu fyrir fáum komum í skólann og lítilli þátttöku í námi barna sinna. Mestu samskipin verða vegna erfiðleika í hegðunarmálum. Það er mikilvægt að kennari sé fordómalaus og taki á málum af virðingu, vinsemd og trausti.

Góð samvinna foreldra og skólastarfsfólks gefur jákvæða sýn á skólann í samfélaginu. Lífsgæði og vellíðan barnanna og ánægja fjölskyldunnar eykst ef fagmaðurinn tekur mið af henni sem heild. Ánægðar fjölskyldur leiða til betra skólahalds. Samskipti við fjölskyldur um skólastarfið og framgang námsins eiga að vera skipulögð og einnig samstarfið við þær. Það þarf að sinna öllum foreldrum og þjálf þá til þess að færni þeirra til þátttöku í forystuhlutverkum ýmis konar og miðlunarhlutverkum aukist. Allir aðilar skólasamfélagsins þurfa að vinna saman og sammælast um árangursríkar leiðir í samstarfinu.

### **3. Ný sýn og nýjar áherslur í foreldrasamstarfi**

Til þess að mæta nýjungum og breyttum áherslum varðandi foreldrasamstarf þarf skólasamfélagið að koma sér saman um ákveðna leið að settu markmiði. Eins og áður hefur komið fram hafa rannsóknir sýnt að best væri að auka samstarf við heimilin með því að fá foreldra í auknum mæli til þátttöku í skólastarfinu. Fræðimenn hafa leitað leiða til að auka aðkomu foreldra að námi barnanna. Nám barnanna er skipulagt með þarfir þeirra að leiðarljósi. Góð samvinna foreldra og kennara eykur líkur á raunsærri sýn kennarans á þarfir nemandans og möguleika hans til að mæta þeim.

Samstarf milli foreldra og skóla skiptir miklu máli fyrir nemandann því slík samvinna stuðlar að þekkingarmiðlun milli aðila sem leiðir til þess að þörfum nemandans er betur mætt á skólagöngunni. Það eykur möguleika hans til virkrar þátttöku í samfélaginu að skóla loknum. Joyce L. Epstein, doktor í félagsfræði hefur sett fram hugmyndir um árangursríkar leiðir til að efla foreldrasamstarf sem leggur áherslu á samvinnu fremur en upplýsingaflæði milli aðila. Þessar leiðir eiga við á öllum skólastigum og eru byggðar á áralöngum rannsóknum hennar um samstarf foreldra og skóla í Bandaríkjunum. Rannsóknirnar hafa leitt til þróunar á áætlun um uppbyggingu á samstarfi skóla, fjölskyldna og samfélags. Þessi áætlun er sett fram í sex liðum sem allir byggja á virðingu og trausti.



### 3.1 Sex flokkar Joyce L. Epstein

Áætlun Epstein er eins og fyrr segir skipt í sex þætti. Þeim er ætlað að hjálpa kennurum að þróa víðtæka áætlun um samstarf heimila og skóla en einnig að aðstoða vísindamenn við að finna spurningar og fá niðurstöður sem upplýsa og bæta starfið (Epstein o.fl., 2002:12). Sex flokkar foreldraþátttöku í samstarfi heimila og skóla eru samkvæmt Epstein *uppeldi, samskipti, þátttaka, heimanám, ákvarðanataka* og *samvinna samfélagsins*. Þættina sex má nálgast á marga vegu og útbúa verkefni sem eru sérhönnuð að hverjum skóla fyrir sig og því sem markmiðið er að bæta hverju sinni. Verkefnin eiga að ýta undir að samstarfið gangi eins og best verður á kosið milli fjölskyldu og skóla. Margar leiðir í útfærslu verkefnanna mæta síðan fjölbreyttum þörfum nemenda, foreldra og kennara (Epstein o.fl., 2002:14–16).

Fyrsta flokkinn kallar Epstein *uppeldi* eða foreldrahlutverk. Um uppeldisþáttinn hafa oft spunnist umræður og því verið velt upp hverjir beri mesta ábyrgð þar. Starf sem er skipulagt um þennan flokk felst einkum í því að skólinn á að aðstoða foreldra við uppeldi barna sinna, til dæmis með fræðslu og ráðleggingum til þeirra um uppeldi og umönnun barna. Skólinn á einnig að veita stuðning og koma með tillögur að ákjósanlegum aðstæðum til að styðja við nám barnanna heima fyrir. Þegar stofnað er til samstarfs milli heimilis og skóla um nemanda skal vandað til verka. Hvort sem upphafsfundur fer fram á heimili nemanda eða í viðkomandi skóla er mikilvægt að vönduð vinnubrögð séu viðhöfð og einnig í hvert skipti sem nemandi flyst milli skólastiga eða í aðra deild. Samskiptin þurfa að virka vel í báðar áttir. Á sama hátt og skólinn á að veita foreldrum stuðning verða foreldrar að upplýsa skólann um áhrifaþætti í lífi barnsins. Góð samskipti skila sér til einstaklinganna í formi vellíðunar og jákvæðni auk þess að kennarinn fær betri yfirsýn yfir nemendahópinn og getur mætt þörfum þeirra með bakgrunnsupplýsingarnar í huga (Epstein o.fl., 2002:14–16).

*Samskipti* er annar flokkurinn af þessum sex sem Epstein hefur sett fram með áætluninni um virkt samstarf um nemandann. Markmið með þessum flokki er myndun árangursríkra samskipta milli heimila og skóla sem sýna sig í framförum hjá nemendum. Að minnsta kosti einu sinni á ári, oftast ef þess gerist þörf fara fram sérstök samtöl við foreldra þar sem framvinda í námi barna þeirra er rædd. Nemandi fær þá ásamt foreldrum sínum upplýsingar um stöðuna og framtíðaráform eru rædd. Þar er að sama skapi vettvangur fyrir foreldra til að segja sitt álit á gengi barnsins í skólanum því um tvíhliða samband á að vera að ræða. Nauðsynlegt er að allir foreldrar fái sömu upplýsingar og eigi jafna möguleika til að fylgjast með námi barna sinna. Túlkur verður að vera tiltækur ef foreldrar tala annað tungumál og þá þarf einnig að sjá til þess að allt efni sem sent er frá skóla til foreldra sé þýtt. Foreldrar

eiga að fá fræðslu um námsefni og tækifæri til að hafa eitthvað um það að segja. Upplýsingar um hvar, hvenær og hvernig hægt er að ná til kennara utan boðaðra viðtala þurfa einnig að vera skýrar. Með góðu fyrirkomulagi gagnvirkra samskipta fæst betri yfirsýn yfir skólastarf nemenda og þá er auðveldara að grípa inn í ef vandamál koma upp. Ef vel tekst til finnst foreldrum vera tekið mark á þeim og að þeir hafi eitthvað um nám barna sinna að segja (Epstein o.fl., 2002:14–16).

Þriðji flokkur Epstein, sjálfboðavinna eða *þátttaka* fjallar um að foreldrar taki þátt í mótun á námi barna sinna og veiti stuðning og ráð. Það skiptir máli að foreldrum finnst þeir vera velkomnir í skólann. Hér er gengið út frá því að foreldrar fái að aðstoða við skólastarfið á einhvern hátt. Það gæti verið í formi vinnu með kennaranum, nemendum eða í þágu annarra foreldra. Þeir geta safnað upplýsingum fyrir skólann, útbúið símaskrá, skipulagt sjálfboðastarf, tekið þátt í skólaferðalögum, uppákomum eða öðru slíku. Árlegar kannanir ættu að leiða í ljós hvar hæfileiki foreldra liggur og hvernig væri hægt að nýta þá í sjálfboðaliðastarfi. Þetta gæti auðveldað foreldrum samskipti við skólann og jafnvel myndu þeir átta sig betur á starfi kennarans. Árleg könnun gæti einnig gefið kennurum hugmynd um hvernig foreldrar eru í stakk búnir til að hjálpa við nám barna sinna og hvernig hægt væri að virkja þá í því sambandi (Epstein o.fl., 2002:14–16).

Fjórði flokkurinn í áætlun Epstein um virkt samstarf heimila og skóla er nefndur *heimanáám*. Með honum er lögð áhersla á gott upplýsingaflæði til foreldra um hvernig þeir geti best hjálpað börnum sínum og stuðlað að góðu námsumhverfi heima. Í flokknum heimanám er gert ráð fyrir að börnin ræði reglulega við foreldra sína um það sem þau fást við í námi sínu hverju sinni. Þannig vinna þau meira úr efninu og tengja námið við fleira en skólastofuna sjálfa. Foreldrar gætu tekið þátt í að velja efni og annað sem nota þarf við úrvinnslu verkefnis sem væri miðað að getu og þroska hvers einstaklings. Með því að taka þátt í slíkum verkefnum fá foreldrar tækifæri til að hafa yfirsýn yfir nám barna sinna og átta sig betur á því hvar þau standa í náminu (Epstein o.fl., 2002:14–16).

Ákvarðanatataka er fimmti flokkur Epstein og þar er unnið að því markmiði að gera foreldra virka í *ákvarðanatöku* um nám barna sinna með því að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru um skólastarfið. Nefndir og ráð sem skipaðar eru af foreldrum eða hafa innbyrðis fulltrúa úr þeirra hópi taka þátt í að skipuleggja skólastarfið og vinna að ýmsum uppákomum tengdum skólanum eða undirbúa og skipuleggja virk samskipti á einhverju formi. Kennara er ætlað að búa til einskonar stuðningsnet milli foreldra skipuðum fulltrúum úr þeirra hópi. Hann verður að gæta þess að fulltrúarnir komi úr öllum samfélagshópum sem koma að skólanum. Þannig er hægt að stuðla að því að fjölskyldur tengist saman og geti unnið í sameiningu að

einhverju markmiði. Ef foreldrarnir taka meiri þátt í námi barna sinna leiðir það til þess að nemendurnir skynja öryggi og finna að nám þeirra skiptir foreldrana máli (Epstein o.fl., 2002:14–16).

Flokkur sex er sá síðasti í áætlun Epstein en hann fjallar um *samvinnu samfélagsins*. Með þessum þætti er stuðlað að því að skólinn miðli þekkingu um samþætt úrræði og þjónustu sem samfélagið býður upp á til að styrkja skóla, fjölskyldu, starfshætti og þróun í námi. Það á að kynna fyrir nemendum þá þjónustu sem samfélagið býður upp á eins og heilsutengda þætti, félagslega aðstoð og menningar og skemmtiviðburði af ýmsu tagi. Þannig eru nemendur upplýstir um hvað er í boði í samfélaginu fyrir utan skólastarf sem gæti orðið til þess að auka færni þeirra og hæfileika til þátttöku í því. Skólasamfélagið í heild sinni er kynnt fyrir nemendum á einhvern hátt. Það gæti verið með heimsóknnum, fræðslu, þemavinnu eða annarri samþættingu skólastarfa og starfa í samfélaginu sjálfu. Þannig átta nemendur sig á því umhverfi sem þeir búa í og hvað það hefur upp á að bjóða. Ef foreldrar tengjast inn í samþættingu af þessu tagi aukast enn frekar möguleikar nemenda á að átta sig á því sem samfélagið býður upp á og einnig gætu foreldrar sjálfir jafnvel öðlast ný tækifæri í nærsamfélaginu (Epstein o.fl., 2002:14–16).

Ingibjörg Auðunsdóttir; sérfræðingur hjá Miðstöð skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri; (2007) rannsakaði hvernig þessi sex flokka samstarfsáætlun Joyce L. Epstein gæti virkað í íslensku skólasamfélagi. Hún vann meistaraþrófsverkefni sitt til M.Ed. gráðu í menntunarfræðum út frá rannsókninni. Tilgangur rannsóknarinnar var að finna leiðir til að þróa foreldrasamstarf. Starfendarannsókn sem stóð í tvö ár var framkvæmd í Oddeyrarskóla á Akureyri þar sem Ingibjörg var rannsakandinn og hafði yfirumsjón með framkvæmd og úrvinnslu þróunarverkefnisins. Unnið var upp úr upplýsingum sem fengust með spurningalistum sem lagðir voru fyrir kennara og foreldra, viðtölum og með mati á skólastarfinu gegnum verkefnavinnuna. Áður en verkefnið hófst var gott samstarf milli foreldra og skóla en aðilar vildu efla það og þróa enn frekar.

Helstu niðurstöður voru þær að áætlun Epstein reyndist vel og samstarf heimilis og skóla varð enn betra. Þeir sem komu að verkefninu voru ánægðir með það og fannst áætlunin henta vel fyrir skólann. Foreldrasamstarf varð svo öflugt að foreldrar áttu erfitt með að taka þátt í því öllu. Tilraunin jók ekki þátttöku foreldra í innra starfi skólans og varð heldur ekki til þess að samvinna við nærsamfélagið yrði meiri. Foreldrar létu aðallega í ljósi óánægju sína varðandi heimanám en líðan og námsgengi var sá þáttur sem flestir lögðu áherslu á að skipti mestu máli (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2007:33–38).

Í grein Ingibjargar; Fannst ég geta sagt það sem mér lá á hjarta, kemur fram að þegar samstarfsáætlun byggð á þessum sex flokkum er hrint í framkvæmd þurfi að gera það í fimm skrefum. Hún vitnar í Epstein (2001) í umfjöllun um þessi fimm skref en þau eru í fyrsta lagi að mynda aðgerðahóp sem vinnur undirbúningsvinnu sem getur tekið heilt ár að vinna, í öðru lagi að afla bjarga sem felast í fjármagni, tíma og ráðgjöf og þriðja lagi að taka stöðuna á samstarfi skólans við heimilin eins og hún er í upphafi, greina væntingar og skilgreina skref sem á að taka. Í fjórða lagi þarf að leggja drög að framkvæmd og skipulagningu næstu þriggja ára en gera nákvæma áætlun fyrir eitt ár og kynna svo áætlunina mjög vel. Fimmta og síðasta skrefið er svo eftirfylgni aðgerðahópsins sem verður að funda til að yfirfara og endurskipuleggja, setja markmið og fylgjast með hvort þeim er náð og kynna vel þann árangur sem verkefnið hefur skilað (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2007:36).

Rannsókn Ingibjargar í Oddeyrarskóla sýnir að áætlun Epstein má vel aðlaga að íslenskum skólum og bæta þannig samstarf milli heimila og skóla. Til að þróa megi öflugt tvívirkt samstarf um nemandann og tengja það síðan nærsamfélaginu er mikilvægt að aðilar séu áhugasamir og meðvitaðir um að verkefnið getur tekið tíma. Það verður að gefa nýjum starfsháttum aðlögunartíma áður en vænta má sýnilegs árangurs og allir aðilar samstarfsins ættu að gera sitt besta til að hlúa að lykilatriðum svo góð samvinna eflist. Lykilatriðin snúast um þátttöku og samskipti, virðingu og traust. Það þarf tíma til að mæta á fundi, vettvang eða bara til að spjalla saman og svo virðist sem það sé oft hindrun fyrir virkri þátttöku foreldra að samstarfi heimila og skóla.

### *3.2 Virkni foreldra*

Samstarf foreldra og skóla er ekki eins í öllum skólum né á öllum skólastigum. Það fer eftir skóla og kennara hvernig samstarfinu er háttað. Formlegar leiðir eru að mestu notaðar í grunnskóla. Þar eru kynningarfundir í upphafi skólaársins, tvisvar á ári eru einstaklingsviðtöl við foreldra auk þess sem foreldrar fá í hendur upplýsingabæklinga er varða hagnýta hluti um skólann og skólastarf komandi vetrar (Jóhanna Einarsdóttir, 2004:71).

Þó samstarfið sé ekki nákvæmlega eins mótað í öllum grunnskólum þá eru grunnþættirnir þeir sömu. Útfærslan byggir á áherslum sem skólarnir setja á starf sitt og móta þannig einkenni sín og sérstöðu. Einstaklingarnir setja líka sitt mark á samstarfið og þeir eru jafn misjafnir og þeir eru margir. Nýútskrifaður kennari kemur til starfa fullur af eldmóði og væntir þess að þeir sem fyrir eru á vettvangi séu jafn meðvitaðir og hann um nýlegar

rannsóknir og starfshætti sem vænlegir eru til árangurs ef marka má niðurstöður sem rannsóknir hafa leitt í ljós (María Steingrimsdóttir, 2007:9–13). Það virðist því miður ekki alltaf vera raunin og rótgrónum hefðum er erfitt að breyta. Það er heldur ekki víst að kennarinn fái umsjónarkennarastöðu eða kjöraðstæður til að hafa áhrif til breytinga.

Kynningarfundir við upphaf skólagöngu nemenda eru aðstæður þar sem líklegt er að nánast allir foreldrar taki þátt. Skólarnir auglýsa oft opin hús, þemadaga og fræðslufundi sem ætla mætti að væri gaman og gagnlegt fyrir alla foreldra að mæta á og fá innsýn í skólastarfið. Foreldrar þurfa að koma á vettvang til að mynda megi tengsl sem stuðla að góðu samstarfi. Svo virðist sem þau skipti sem boðað er til einstaklingsviðtala milli kennara, nemanda og foreldra megi vænta mestrar þátttöku af hálfu foreldra.

Foreldrar eru almennt velkomnir í skólann til að fylgjast með starfinu sem á sér stað þar. Þrátt fyrir það er það staðreynd að foreldrar koma ekki nema um sérstakt boð sé að ræða. Hugsanlega hefur áhrif að kennarar vilja oft stýra því hvenær foreldrar koma inn í kennslustundir. Það getur verið misjafnt hvenær það hentar best að foreldri komi inn í skólastarfið þar sem það gæti mögulega haft truflandi áhrif (Nanna K. Christiansen, 2010:163).

Að taka af skarið er oft erfitt skref en um leið og einhver stígur fram og tekur þetta skref verður það sem á eftir kemur mun auðveldara. Í skólastarfi sem annarsstaðar þarf einhver að stíga skrefið og taka virkan þátt í aðgerðum sem leiða til aukins samstarfs við foreldra. Í grein Ingibjargar Auðunsdóttur; Heimsókn umsjónakennara til fjölskyldna, segir hún frá áðurnefndu þróunarverkefni sem hún stýrði í Oddeyrarskóla. Meðal nýjunga í foreldrasamstarfinu vegna þessa verkefnis voru heimsóknir þar sem kennarar fóru heim til nemenda í fyrsta og áttunda bekk. Í byrjun voru þær raddir kennara háværar að þeir væru ekki tilbúnir að stíga út fyrir sitt hefðbundna form samskipta en að lokum tóku þó fjórir kennarar þátt. Í kjölfar heimsókna kennaranna til nemenda sinna urðu tengsl milli heimilanna og skólans mun meiri. Kennarar töldu sig betur í stakk búna til að vinna með nemendum og urðu meðvitaðri um ástæður sem mótuðu hegðun þeirra. Foreldrar urðu virkari og tóku meiri þátt í námi barna sinna. Þeir mættu oftast á opna viðburði og fundi sem haldnir voru í skólanum (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2008a:22–24).

Umræða hefur skapast um að það sé erfitt að fá foreldra til þátttöku í starfi skólans og til að sækja fundi. Ef umfjöllunarefni fundanna er almennt er lítil mæting á meðan hún er mun meiri þegar er verið að ræða hagsmuni barns þeirra sérstaklega. Margar hugmyndir eru uppi um hver skýringin á lítilli þátttöku foreldra geti verið. Sem dæmi má nefna, tímasetningu funda, tímaskort, viðhorf foreldra til skólans, áhugaleysi á viðfangsefni fundanna eða jafnvel

að fundarboðin skili sér ekki til foreldra. Ýmsar leiðir eru færar til að efla samstarf og draga foreldra inn í starf skólans. Foreldrar virðast til að mynda hafa mun meiri áhuga á að mæta ef viðfangsefnið er skemmtilegt og ef börnin fá einnig að taka þátt í fundinum. Hægt er að stuðla að þátttöku þeirra með kynningum þar sem nemendur bjóða foreldrum að koma og sjá afrakstur þess sem þau hafa unnið í skólanum (Nanna K. Christiansen, 2010:207).

Í viðtölum Ingibjargar Auðunsdóttur við foreldra þegar hún vann að þróunarverkefni sínu og fjallar um í óbirtri M.Ed. ritgerð sinni sem hún nefnir; Árangursríkt samstarf – Þróunarverkefni um bætt samstarf heimila og skóla, kemur fram að flestir foreldrar telja vandamálið vera hjá þeim sjálfum. Þeim fyndist óþægilegt að mæta í kennslustund og fylgjast með. Þeir töldu sig ekki nægilega örugga um hlutverk sitt á staðnum og fannst þeir þurfa að gera eitthvað annað en að sitja út í horni og fylgjast með. Einu foreldri fannst það trufla kennsluna og hafa neikvæð áhrif að mæta inn í kennslustundina. Flestir foreldrar voru þó sammála um það að heimsókn í kennslustund til barna sinna hefði víkkað sýn þeirra á starf kennarans og þeir áttuðu sig betur á því sem fram fer í kennslustund. Þar kom einnig fram að foreldrum fannst samskiptin við kennarann aukast eftir slíka nálgun að námi barna sinna, verða betri og auðveldari (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:80–81).

Markmið foreldraviðtala hefur verið að upplýsa foreldra um stöðu í námi barns þeirra. Í breyttu þjóðfélagi nútímans ætti markmiðið að snúa að sameiginlegri ákvörðun um velferð nemandans. Það er sameiginleg ábyrgð skólans og foreldra að skila út í samfélagið nemandan sem er í stakk búinn að takast á við lífið þar. Foreldraviðtöl hafa snúist um að horfa á það sem er líðið í námi einstaklingsins í stað þess að horfa til þess sem er framundan. Fundirnir ættu að snúast um að setja markmið og ákveða leiðir til að ná þeim. Þeir eiga að stuðla að framþróun í námi nemandans sem og félagslegum og persónulegum þroska hans (Nanna K. Christiansen, 2010:183). Ef viðtölin eru vettvangur til að leggja á ráðin um það sem koma skal eru foreldrar meðvitaðri um að hverju er stefnt og geta tekið þátt í að móta færar leiðir að settu marki. Það getur verið niðurbrjótandi að ræða einungis um það sem búið er, sér í lagi ef hlutirnir hafa ekki gengið sem skyldi.

Kennarastarfið hefur breyst mikið. Hér áður fyrr áttu börn að sitja hljóð og meðtaka þekkinguna sem kennarinn miðlaði. Helst af öllu átti enginn að vera með efasemdir eða ígrunda valið efni á neinn hátt. Ef agavandamál heftu kennslu var nemandinn einfaldlega rekinn heim og foreldrarnir urðu að takast á við vandann. Síðan kom frjálshæð og vald kennarans minnkaði og virðing fyrir kennarastarfinu tók kolldýfu. Sem betur fer eru flestir sem starfa að skólamála meðvitaðir um að breytinga er þörf. Það þarf að aðlaga skólakerfið betur að breyttum þjóðfélagsháttum eins og til dæmis varðandi tækninýjungar og nýta þær

meira í skólastarfinu. Nemendur virðast ekki ná eins góðum námsárangri og til er ætlast og sumum finnst ýmsu ábótavant í agamálum. Hér áður fyrr lærði æskan að bera virðingu fyrir hlutum og fólki af samveru og samskiptum við fjölskyldu sína.

Siðfræði og félagsleg hegðun lærðist einnig í gegnum mikil samskipti einstaklinga innan heimilanna. Með tilkomu hinna ýmsu miðla og aukinnar fjarveru foreldra frá heimilinu vegna vinnu sinnar hefur samverustundum barnanna við sína nánustu fækkað og því verður að leggja aukna áherslu á þennan þátt uppeldis utan heimilisins. Allir þurfa að læra að í hverju samfélagi eru reglur og með því að tileinka sér þær gengur sambúðin við það betur. Það virðist sem gildin og reglurnar eigi að lærast í skólanum en vænlegast til árangurs er samvinna allra. Það þarf að móta samfélag þar sem meðlimir eru virkir þátttakendur með mótaðar eigin skoðanir en taka þó tillit hver til annars. Ef grunnskólinn er sá vettvangur sem undirbýr grunninn að færni einstaklinganna til þátttöku í samfélaginu þurfa viðhorf til hans að vera jákvæð.

Verkefni sem kallast Grunnskólar í ólíkum byggðarlögum hefur verið í mótun um árabíl og er ætlað varpa ljósi á stöðu grunnskóla og samspil hans við nærsamfélagið. Í niðurstöðum hefur meðal annars komið í ljós að foreldrar barna í þéttbýlisskólum telja hæfni kennarans vera helstu ástæðu góðs árangurs einstakra nemenda. Kennarar telja að greind nemendanna ráði mestu og síðar komi félagslegir þættir eins og áhugi og metnaður foreldra. Starfsfólk skólanna sem svöruðu spurningakönnuninni sem lögð var fyrir vegna verkefnisins, sögðu líklegustu skýringuna á lélegum námsárangri nemendanna vera litla námshæfileika og næst líklegast að aðstoð foreldra væri ekki næg. Sömu spurningar voru lagðar fyrir foreldra en þeir töldu leiðinlega kennslu vera helstu skýringu á lélegum námsárangri, því næst komu litlir námshæfileikar og erfiðleikar heima við (Jónas Pálsson, Amalía Björnsdóttir og Ólafur H. Jóhannsson, 2005:109–110).

Viðhorf foreldra skipta miklu máli þar sem erfitt er að þróa gott samstarf milli heimila og skóla ef viðhorf annars tveggja í samstarfinu eru neikvæð. Neikvæð viðhorf eru ekki líkleg til að auka virkni í tvívirku öflugu samstarfi milli aðila sem stefna í sameiningu að sem bestum árangri og vellíðan nemenda í skólanum. Á tímum tækniframfara og breytinga ýmiskonar er mikilvægt að vinna að jákvæðum viðhorfum foreldra í garð skólanna svo þróa megi foreldrasamstarf sem eykur tækifæri til menntunar og almennrar velgengni nemenda. Hvernig hægt er að fá foreldra í auknum mæli til virks samstarfs er spurning sem þeir sem starfa við mótun skólastarfs spyrja sig. Foreldrar ættu að koma í auknum mæli að mótun skólastarfsins því þar gætu þeir haft áhrif á skipulag og bent á skemmtilega og spennandi

kennsluhætti og jafnframt myndi aukast tilfinning þeirra fyrir ábyrgðinni sem þeir bera í samvinnunni.

### *3.3 Aðkoma foreldra að mótun skólastarfsins*

Eins og komið hefur fram í umfjöllun hér á undan er gert ráð fyrir aukinni aðkomu foreldra að skólastarfinu með nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla. Með lögnum er foreldrum gefið meira svigrúm til þátttöku í mótun skólastarfs en um leið leggja lögin þeim ríkari skyldur á hendur um að styðja við nám barna sinna (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Í tengslum við ný lög voru settar ýmsar nýjar reglur fyrir skólastigin. Í leikskóla var lögfest foreldraráð, í grunnskóla er nýtt skólaráð sem kemur í stað forelda- og kennararáða sem áður voru og einnig var lögfest að foreldrafélög yrðu að starfa við hvern grunnskóla. Foreldraráð þarf að vera við framhaldsskóla auk þess sem foreldrar fá áheyrnarfulltrúa í skólanefnd þar (Guðni Olgeirsson, 2008:21–22). Skólastjóra er gert að sitja í skólaráði grunnskóla, tilgangur skólaráðs er að skólastjóri og skólasamfélagið eigi samráðsvettvang. Skyldur hafa verið settar á foreldra um aukna upplýsingagjöf samkvæmt lögum. Þeim ber að upplýsa skólann um alla þá þætti sem gætu tengst námi barnanna og haft áhrif á árangur í námi þeirra (Guðni Olgeirsson, 2008:24).

Eins og fyrr segir rannsakaði Áslaug Brynjólfsdóttir hvort foreldrar hefðu þau áhrif á skólastarfið sem þeir vildu. Meðal þess sem kom í ljós var að foreldrar vilja taka virkan þátt í samstarfi um skóla barna sinna. Sumum foreldrum fannst skólinn ekki leita nægilega mikið til þeirra. Í rannsókn Áslaugar kom líka fram að foreldrar telja veru þeirra í skólaráði mikilvæga og örfáir sögðu að foreldrar ættu að bera meiri ábyrgð á stjórnun skólans. Flestir vildu sjá skólann sjálfstæðari og í meiri tengslum við nærumhverfið. Samkvæmt þessari könnun fannst foreldrum einnig að vinnuveitendur mættu vera lipurri í að veita leyfi til að fara í skólann á vinnutíma (Áslaug Brynjólfsdóttir, 2007:116–117).

Þröstur Jónasson situr sem fulltrúi foreldra í skólaráði Kársnesskóla sem er grunnskóli í Kópavogi. Í viðtali við hann kemur fram að foreldrar geti haft áhrif á starf í skólum hafi þeir löngun til þess þó þeir sitji ekki sjálfir í skólaráðinu. Með því að koma að máli við fulltrúa sem situr fyrir þeirra hönd í ráðinu geta foreldrar komið á framfæri því sem brennur á þeim og þannig tekið þátt í að móta skólastarfið. Hann segir líka að foreldrar þurfi að vera upplýstari um grunnskólalögin og hlutverk skólaráðs. Sjálfur segir Þröstur að hann hafi lítið vitað um hvað skólaráð væri þegar hann hóf störf í því. Það sé í raun tæki fyrir þá sem vilja hafa áhrif á



hvernig skólarnir starfa því meðal hlutverka skólaráðs sé að vinna að stefnumótandi áhrifum og veita skólanum aðhald við störf sín (Guðrún Jónasdóttir, 2011:9).

Á þessu má sjá að búið er að setja lög um aðkomu foreldra að skólamálum og vilji þeirra til að hafa áhrif er til staðar. Hins vegar virðist sem þekkingarleysi um færar leiðir sé ráðandi og því ætti að efla þann þátt í skólastarfinu. Annars vegar ætti að bjóða upp á fræðslu um lög og reglugerðir og hvernig það gæti nýst foreldrum í samstarfi við skólann til hagsbóta fyrir nemendur og hins vegar fræðslu fyrir foreldra er lýtur að nemendum sjálfum, námi hans og hvernig best er að standa að uppeldismálum.

### *3.4 Foreldrafræðsla*

Sífelldar breytingar þjóðfélagsins síðastliðin 50 ár hafa haft hinar ýmsu afleiðingar. Börn eyða lengri tíma í skólanum en áður var og foreldrar hafa lítinn tíma utan vinnu. Ljóst er að foreldrar og skóli þurfa að hjálpast að við þá þætti sem tengjast börnunum. Ábyrgð á uppeldi liggur að mestu hjá foreldrum en þeir eiga rétt á aðstoð. Skóla ber samkvæmt lögum að aðstoða foreldra við að efla alhliða þroska og undirbúa börn sín undir líf í lýðræðissamfélagi (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Samskipti foreldra og skóla hafa einnig breyst á undanförunum árum og rannsakendur benda á nauðsyn þess að sköpuð verði samvinna þar sem allir hafa eitthvað til málanna að leggja. Foreldrar sem styðja vel við börn sín og eru vel upplýstir eru skólanum mikill akkur og kennarar geta þar fengið góðan stuðning við kennsluna. Þátttaka foreldra í námi barna sinna eykst með hærra menntunarstigi þeirra. Skólinn þarf því að stuðla að aukinni þekkingu foreldra því það eykur þátttöku þeirra í námi barna sinna til muna (Harris og Goodall, 2007:67). Foreldrum finnst þeir margir hverjir þurfa meiri hvatningu til að sinna námi barna sinna og sumir foreldrar telja að útbúa þurfi sérstakt námskeið fyrir foreldra svo þeir geti aðstoðað börn sín í námi þeirra (Áslaug Brynjólfsdóttir, 2007:117).

Margir skólar hafa haldið sérstök námskeið eða fundi fyrir foreldra þeirra barna sem eru að hefja skólagöngu. Þar hefur foreldrum verið kynnt starfið sem framundan er og einnig fjallað um þroskabreytingar sem verða á börnunum á þessum aldri. Á unglingsstigi eru einnig haldin námskeið fyrir foreldra en tímamót verða þegar nemendur fara yfir á unglingsstigið. Með slíkum námskeiðum er ætlunin að kynna fyrir foreldrum ýmiskonar breytingar sem verða á þeim tímamótum og leiðir fyrir foreldra til að halda vel utan um unglingsana sína (Nanna K. Christiansen, 2010:211–212).

En vilja foreldrar raunverulega fá fræðslu? Sýna þeir vilja sinn með því að mæta á auglýsta fræðslufundi? Á skólinn að standa fyrir fræðslu fyrir foreldra eða eru þættir tengdir námi barna þeirra og uppeldi meðvitaðir og ekki þörf á að ræða það? Birna María Svanbjörnsdóttir rannsakaði viðhorf foreldra til stuðnings í foreldrahlutverkinu á Akureyri árið 2003. Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að 68% svarenda voru hlyntir því að fá stuðning í einhverjum þætti foreldrahlutverksins, þeir sem vildu ekki stuðning voru 29% þeirra sem tóku þátt. Flestir foreldrar sem vildu stuðning í foreldrahlutverkinu vildu aðstoð við að byggja upp sjálfstraust hjá börnunum, og hvernig þeir gætu brugðist við einelti ásamt því að átta sig á því hvenær um einelti væri að ræða, læra um námstækni, auka tilfinningaþroska og styrkja samskiptin. Foreldrar vilja helst fá fræðsluna í formi fyrirlestra eða námskeiða en sumir þó einnig með persónulegri ráðgjöf (Birna M. Svanbjörnsdóttir, 2007:100–107).

Af þessu má ráða að foreldrar myndu mæta á fræðslufundi sem skólinn stæði fyrir og námskeið varðandi uppeldi, nám og félagsleg samskipti. Því er mikilvægt að skapa vettvang til fræðslu þar sem þeirra viðhorf og skoðanir geta einnig komið fram. Það er alltaf fjölskyldan sjálf sem situr uppi með allar ákvarðanir og verður að vinna með það sem ákveðið er að gera (Giangreco, M. F., Cloninger, C. J., og Iverson, V. S. 1998:23). Foreldrafræðsla gæti verið ein leið skóla til að auka þátttöku foreldra í skólastarfinu. Fræðslan gæti varðað fleiri þætti en uppeldi og aðferðir til að leysa vanda. Það þyrfti að finna leiðir til að auka þekkingu foreldra á lögum og reglugerðum svo þeir gætu verið meðvitaðri um færar leiðir til að hafa áhrif á þætti sem þeir telja að geti orðið til þess að bæta nám og námsumhverfi barna sinna.

### *3.5 Að auka þátttöku foreldra*

Samfélagið er í sífelldri þróun og því þarf kennslan að þróast í takt við þær breytingar sem eiga sér stað í þjóðfélaginu. Það sama á við um samstarf foreldra og skóla, þróunar er einnig þörf á því sviði. Það þarf að finna leiðir til að bæta samstarf skóla og heimila, nýjar leiðir sem ná til þeirra og laða þá að starfi skólans og aukinni þátttöku í námi barna sinna. Það á bæði við um innra starf skólans og ytra. Foreldrum gæti fundist erfitt að taka af skarið og mæta inn í kennslustund þó þeir fái þær upplýsingar að þeir séu ávallt velkomnir og enn öðrum finnst jafnvel aukið samstarf ekki nauðsynlegt nema að um vandamál sé að ræða. Samstarf heimila og skóla hefur að hluta til neikvæða ímynd sem vert er að breyta og vinna verður að því að foreldrar verði sýnilegri í skólastarfinu.

Kynningafundur á haustin gæti til að mynda verið gott upphaf að vinnu vetrarins. Það gæti verið vettvangur til að upplýsa kennarann um stöðu nemandans og sameiginlega myndu kennari og foreldri vinna saman að skipulagningu að námi og velferð nemandans. Foreldrar gætu þar komið fram með sínar hugmyndir að bekkjarstarfinu og um leið kynnast þeir kennurum barna sinna. Síðar um veturinn væri tilvalið að bjóða foreldrum í kaffi í skólanum eða til að sjá verk sem nemendur hafa unnið að. Með því væri verið að mynda tengsl á milli heimila og skóla auk þess sem foreldrar gætu öðlast betri skilning á námi barna sinna og starfi kennarans. Einnig gætu foreldrarnir komið saman með óformlegum hætti og við jákvæðar aðstæður (Nanna K. Chistiansen, 2010:202–209).

Efasemdaraddir hafa heyrst um það hvort heimanám eigi rétt á sér. Sumum finnst nóg að börnin læri í skólanum og tíminn eftir skóla eigi að nýtast með foreldrum og vinum. Það má leggja heimanám fyrir með þeim hætti að foreldrar taki þátt með börnum sínum og leysi stutt verkefni heima fyrir. Börnin gætu til dæmis átt að mæla einhverja hluti heima hjá sér með aðstoð foreldra sinna. Um leið og þau læra eyða þau tíma með foreldrum sínum og þeir taka þátt í námi barnanna og fylgjast því með heimalærdómi. Í Bretlandi og Bandaríkjunum hafa verið þróuð verkefni í samstarfi við foreldra til að nota í náttúrufræðinámi. SHIPS-verkefnið er þess konar verkefni. Verkefnið er heimaverkefni í náttúrufræði hjá nemendum fyrsta til sjötta bekkjar. Verkefninu var ætlað að auka samskipti heimila og skóla. Nemendur tóku heim með sér verkefni sem þeim var ætlað að vinna með foreldrum sínum. Foreldrar voru jákvæðir og ánægðir með þessa heimavinnu, þeir fylgdust með námi barna sinna ásamt því að taka þátt í verkefnavinnunni (Gunnhildur Óskarsdóttir, 2003:106–109). Þess háttar verkefnum mætti vel koma á í fleiri námsgreinum fyrir skólabörn á ýmsum aldri.

Foreldradagur og foreldraferðir eru hugmyndir sem gætu aukið þátttöku foreldra. Umræðan hefur verið á þá lund að foreldrar mæti ekki í skólana til að fylgjast með kennslunni en ættu að gera það einstaka sinnum. Einn möguleiki til að hvetja foreldra að heimsækja skólann er að setja upp töflu þar sem ákveðnir foreldrar koma ákveðinn dag og fylgjast með barni sínu við nám og störf heilan skóladag. Þannig átta þeir sig á starfi kennarans og barns síns en fá ekki síður innsýn í fjölbreytileika þeirra ólíku einstaklinga sem nemendahópurinn telur. Önnur hugmynd gæti verið foreldraferð þar sem farið væri í ferð yfir helgi eða í tveggja daga ferðalag. Það væri mögulegt að fara í bústað, gistiskála eða annað með foreldrum og kennara þar sem ýmislegt væri gert í samstarfi við foreldra. Það gæti falist í þemavinnu, kvöldvöku eða annarri dagskrá. Á þann hátt eru foreldrar og börn að takast á við sameiginlegt verkefni sem gæti um leið haft forvarnargildi (Lilja M. Jónsdóttir, 2011:10).

Þó hugmyndir sem þessar geti orðið til að auka þátttöku foreldra í samstarfi heimila og skóla er líklegt að sumar hverjar og jafnvel flestar myndu ekki ná til foreldra sem erfitt er að virkja. Það verður að vinna að því að koma til móts við þarfir foreldranna til að auka líkur á þátttöku þeirra. Með því að virkja þá markvisst til þátttöku og krefja þá um aðild að starfi barna þeirra gæti samstarf heimilis og skóla aukist. Mikilvægt er að skapa foreldrum vettvang til að hittast svo þeir geti sjálfir fundið út hvernig stuðningi þeirra í milli sé best háttáð. Fulltrúar foreldra af mörgum skólastigum gætu til dæmis myndað teymi og unnið að tengslum milli skólastiga og stuðlað að því að foreldrar ólíkra skólastiga kynnist. Sem hópur gætu þeir gert auknar kröfur á skóla og nærsamfélag um samvinnu til styrktar samfélagslegu neti mótuðu um góðar náms- og uppeldisaðstæður fyrir börnin. Það er þörf á að efla hverfisvitund og styrkja foreldra í hlutverkum sínum eins vel og mögulegt er (Birna M. Svanbjörnsdóttir, 2007:112).

Í sumum tilfellum er foreldrasamstarf mest vegna neikvæðs atferlis nemenda. Tíð samskipti þar sem skólinn þarf að koma upplýsingum til foreldra um aðstæður þar sem barni þeirra tekst ekki að halda sig innan ramma sem því er sett, til dæmis varðandi hegðun í skólanum. Samstarf milli foreldra og skóla má ekki alltaf vera vegna einhverra neikvæðra þátta. Hér hefur verið fjallað um nokkrar leiðir sem allar gætu átt sinn þátt í að efla þátttöku foreldra í samstarfinu um nemandann. Við mótun öflugs samstarfs þarf að huga að þörfum foreldra hvers skóla fyrir sig því þær birtast á margvíslegan hátt. Það sem gengur vel á einum stað gæti þarfnast úrbóta annarsstaðar. Alls staðar þarf þó að byggja á gagnkvæmri virðingu og trausti milli samstarfsaðila. Það er einnig líklegra til árangurs að mynda samskiptin á jákvæðum nótum og vera óspar á hrós.

### *3.6 Mikilvægi jákvæðra samskipta*

Hrós og jákvæðni hafa góð áhrif á öll samskipti því með hrósinu fæst viðurkenning á velgengni. Þegar samband myndast milli foreldra og annarra sem annast og umgangast barn þeirra geta viðmót og aðstæður í upphafi mótað samskiptin sem á eftir koma. Það er því mikilvægt að vanda vel til fyrstu kynna og reyna eins og hægt er að hafa jákvæðu samskiptin margfalt fleiri en þau neikvæðu.

Það er hægt að hafa áhrif á jákvæðan skólabrag á margan hátt. Góð samskipti í skólanum hafa mikið að segja, traust, vinátta, virðing, væntumþykja og nálægð eru þættir sem auka jákvæðni innan skólans. Jákvætt viðhorf endurspeglast í því að hlusta á viðmælanda og það sem hann hefur til málanna að leggja. Í samskiptum þarf líka að hrósa. Hrós hefur mikið

að segja fyrir einstaklinga og skapar auðveldari samskipti (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006:56–57).

Í viðtölum Ingibjargar Auðunsdóttur við foreldra barna í Oddeyrarskóla kom fram að þeim fyndist jákvæðni einn af mikilvægustu þáttunum í samstarfi sínu við skólann (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:90). Í bókinni *Skóli og skólaforeldrar* er einnig lögð áhersla á gæði samskipta en þar segir meðal annars að samstarf þurfi að innihalda gagnkvæmt traust, virðingu og jafnræði ásamt því að benda á mikilvægi þess að allir beri hag af samstarfinu. Góð samskipti og tvívirkt samstarf milli foreldra og skóla byggir upp gagnkvæma virðingu og traust sem er samstarfinu nauðsynlegt (Nanna K. Christiansen, 2010:76–77).

Í rannsókn sem gerð var í þeim tilgangi að kanna hvaða þætti kennaranemum fyndist þeir helst þurfa að ná tókum á varðandi starfshæfni, kom í ljós að persónulegur styrkur er sá þáttur sem var þeim efst í huga. Þeim fannst sjálfstraust og sjálfsþekking vera mikilvægur liður í að byggja upp eigin hæfni. Með hæfni er átt við það sem einstaklingurinn er fær um að gera og tengist alltaf raunverulegum aðstæðum og félagslegu umhverfi. Form kennslu virðist valda kennaranemum meiri áhyggjum en innihald hennar (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2004:25,27,40–41). Góð starfshæfni kennara og fagmennska hans getur nýst honum vel í samskiptum sínum við foreldra og þróun að virku samstarfi við heimilin.

Í grein sinni; Fagmennska og forysta segir Trausti Þorsteinsson að tilvist fagmanns sé reist á vísindalegri þekkingu. Að hann geti á þann hátt haft á valdi sínu sérfræði, grundvallaða á vísindum. Hann segir líka að fagmaður þurfi að vera hæfur til að bregðast við flóknum aðstæðum á þýðingarmiklum sviðum og nýta sér þar sérfræðiþekkingu sína. Kennari þarf því að vera gæddur miklum samskiptahæfileikum til að taka á hinum ólíklegustu málum í óendanlegum víddum í gleði og sorg. Fagmennskan er tæknileg og siðfræðileg færni kennarans til að takast á við viðfangsefni hvers dags (Trausti Þorsteinsson, 2003:187–200).

Það er í verkahring kennara og skóla að vera leiðandi í foreldrasamstarfinu og þess vegna er nauðsynlegt að kennari þjálfði með sér góða samskiptafærni. Í tengslum við hugtökin sjálfræði, virðingu og samskipti er mikilvægt að sjá mennsku í einstaklingunum og viðurkenna tilvist þeirra. Í samskiptum birtist siðferðileg sýn mennskunnar sem er það sem byggt er á þegar virðing fyrir einstaklingum ávinnst. Þeir sem ekki búa yfir siðferðilegu innsæi eiga erfitt með að virða aðra, sérstaklega þá sem eiga í erfiðleikum með túlkun og framkomu. Það þarf líka að þora að fylgja siðferðilegri innsýn og tjá það með gjörðum. Aðilar eiga að horfast í augu og takast á við verkefnið í sameiningu, með samskiptum þar sem þeir sjá mennsku hvers annars. Þegar samtal við manneskju á sér stað er talað saman, ekki til, um

eða gegnum einstaklinginn (Ástríður Stefánsdóttir, 2006). Þannig virðingu ættu samskipti heimili og skóla að endurspeglar.

Það er foreldrasamstarfinu mikilvægt að jákvæð viðhorf til skólans og starfsmanna hans endurspeglar í viðmóti foreldra. Foreldrar þurfa að nálgast skólann af virðingu til að gott samstarf geti átt sér stað. Sama er að segja um kennarann og aðra sem að samstarfinu koma. Í jákvæðu viðmóti er hrós einkennandi. Kennarar, nemendur og foreldrar hafa allir þörf fyrir hrós og hvatningu. Allir aðilar sem koma að skólaumhverfinu ættu að vera hvetjandi svo skólafélagið og samskiptin gangi vel (Helga Margrét Guðmundsdóttir, 2006:61).

Hér hefur verið fjallað um samskipti og áhrif þeirra á samvinnu. Persónulegur styrkur og gott vald á mannlegum samskiptum eru líklegir þættir til að hafa jákvæð áhrif á samskipti kennara við foreldra. Góð samskipti skila sér til baka í virðingu og velgengni við mótun öflugssamstarfs heimilis og skóla um allt sem að nemandi lýtur. Það er samt ekki nóg að vita hvað þarf að gera, framkvæmdin í verki er það sem gefur árangurinn. Í næsta kafla verður leitast við að skoða viðhorf foreldra til þessa samstarfs og hvernig unnið er að foreldrasamstarfi í skólum landsins í dag. Meðal annars verður skoðað gegnum kannanir og úttektir hverjar skoðanir foreldra eru á samstarfi heimila og skóla og hvaða leiðir foreldrar sjá til að bæta samvinnuna.

### 3.7 Samantekt

Áherslur í samstarfi foreldra og skóla hafa breyst á undanförunum árum því rannsóknir hafa sýnt að aukin aðkoma foreldra að námi barnanna skilar sér í bættum árangri. Fræðimenn hafa leitað leiða til að virkja foreldra í skólafélaginu. Joyce L. Epstein hefur sett fram áætlun sem byggð er á áralöngum rannsóknum hennar í Bandaríkjunum. Áætlunin byggir á sex þáttum til að byggja á vinnu um foreldrasamstarf. Þessir þættir eru *uppeldi, samskipti, þátttaka, heimanám, ákvarðanatöku* og *samvinna samfélagsins*.

Ingibjörg Auðunsdóttir reyndi þessa áætlun í íslenskum skóla og vann hana út frá fimm skrefum sem Epstein leggur til að unnið sé með þegar samstarfsáætlun hennar er innleidd í skóla. Þessi fimm skref eru myndun aðgerðahóps, þjálfing, upphafsmat, framkvæmdaáætlun um samstarf og áframhaldandi skipulagning framkvæmdaáætlunar. Í þessum skrefum felst undirbúningur, framkvæmd og eftirfylgni. Aðlögun framkvæmdaáætlunarinnar að íslenskum skóla gekk vel og skilaði árangri í þróun virks foreldrasamstarfs.

Samstarf foreldra og skóla hefur svipaða grunnuppbyggingu í skólum á Íslandi þó útfærsla sé heimfærð á misjafnar áherslur og sérstöðu hvers skóla. Þátttaka foreldra er góð í hefðbundnum foreldraviðtölum en misjöfn í öðrum viðburðum sem skólarnir bjóða uppá. Það þarf að vinna að jákvæðum viðhorfum og eflingu tvívirks samstarfs á öllum sviðum foreldrasamstarfsins. Það á líka við um aðkomu foreldra að mótun skólastarfsins en svo virðist sem þekking foreldra á ráðum og nefndum sé ábótavant. Foreldrar vilja fræðslu á ýmsum sviðum og skólinn ætti að koma til móts við það. Með því að efla samstöðu foreldra sín í milli gætu þeir orðið öflugt afl í nærsamfélaginu og sem hópur haft ýmiskonar áhrif til hagsbóta fyrir börn sín.

Ýmsar leiðir eru færar til að auka þátttöku foreldra í skólastarfinu og má þar nefna kynningarfundir, foreldradaga og foreldraferðir en líklega þyrfti enn aðrar leiðir til að ná til þeirra sem erfiðast er að ná til með hefðbundnum leiðum. Þar gæti jákvæðni og hrós skilað meiru og mikilvægt að byggja upp samskipti sem byggja á því sem vel gengur en ekki því sem aflaga fer.

#### **4. Rannsókn**

Eins og fram hefur komið er markmið þessarar ritgerðar að leiða að því líkur hvort betra er að efla foreldrasamstarf í skólum gegnum starf barnanna í skólanum eða með því að fá foreldra í auknum mæli til starfa við innra starf og efla þá með fræðslu um nám og uppeldi. Niðurstöður þessarar vinnu geta svo orðið kennurum og foreldrum einhverskonar leiðarvísir um það hvernig að þessari eflingu væri best að standa. Til að mæta þessum markmiðum hefur verið fjallað um það hvaða sýn fræðimenn hafa á þessum málefnum og hvernig það hefur birst í rannsóknum þeirra og umfjöllun. Í kafla þrjú var einkum litið til foreldrasamstarfs eins og það hefur verið á Íslandi. Nú verður rýnt í gögn á vef og víðar með það að leiðarljósi að kanna hug foreldra í íslenskum skólum til foreldrasamstarfs og hvernig megi efla það. Einnig verður skoðað hvernig samstarfið birtist í skólum landsins.

Í þessum kafla verður beitt svo kallaðri yfirlitsgreiningu (e. Literature review) á foreldrasamstarfi í íslenskum skólum en það þýðir að teknar eru saman þær rannsóknir sem gerðar hafa verið um þetta efni og þær bornar saman og greindar. Farið verður yfir skýrslur sem birtar hafa verið um viðhorf og skoðanir foreldra til samstarfs við grunnskóla hér á landi og eru unnar af aðilum bæði utan og innan skólanna sjálfra. Greiningin á að sýna algeng viðhorf foreldra til samstarfsins samkvæmt rannsóknunum sem bornar verða saman.

#### 4.1 Aðferðafræði

Rannsóknir eru gerðar til að afla upplýsinga um einhver ákveðin viðfangsefni. Til að framkvæma rannsóknir eru notaðar meginlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir. Þessar aðferðir eru ólíkar og það fer eftir eðli rannsóknar og rannsóknarspurningar hvaða leið er valin hverju sinni. Meginleg aðferðafræði byggist á því að mæla og telja, finna meðaltal, dreifingu og hvernig hópar tengjast. Eigindleg aðferðafræði byggir á upplifun, reynslu og skoðun á viðfangsefninu (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003:219–222).

Eigindlegar aðferðir geta byggt á mjög ólíkum grunni, sem getur verið allt frá því að prófa fyrirfram mótaða tilgátu og yfir í að rannsaka óljósa hugmynd (Locke, Silverman og Spirduso, 2004:149–150). Eigindlegum rannsóknaraðferðum má skipta niður í túlkandi og gagnrýnar rannsóknir. Algengastar eru þessar túlkandi og þar er rannsakandinn sjálfur aðalverkfærið, hann aflar gagna sem hann notar til að gera sem besta lýsingu á viðfangsefninu þannig að hann skilji efni rannsóknarinnar sem best. Túlkandi rannsóknum má skipta niður í fjóra flokka, hefðbundnar túlkandi rannsóknir með eigindlegu sniði, fyrirbærafræðilegar og mannfræðilegar rannsóknir, og grundaða kenningu. Hefðbundnar túlkandi rannsóknir eru einfaldasta og algengasta form eigindlegra rannsókna. Þær eru lýsandi og hafa yfirleitt þann tilgang að byggja upp skilning á einhverju (Locke og o.fl. 2004:152–160).

Yfirlitsgreining (e.Literature review) er eigindleg rannsóknaraðferð, hefðbundin túlkandi rannsókn sem byggir á mati rannsakenda á niðurstöðum sem lesa má úr rannsóknum annarra. Rannsóknirnar sem hér eru skoðaðar eru unnar með eigindlegri og blandaðri rannsóknaraðferð því þær byggja flestar að mestu leyti á viðtölum sem tekin voru við ákveðna markhópa en einnig var unnið úr fyrirliggjandi gögnum sem til voru í skýrslum og í einhverjum tilfellum voru spurningalistar lagðir fyrir ásamt viðtölunum. Í eigindlegum rannsóknum eru viðtöl algengasta gagnasöfnunaraðferðin, og þau eru flokkuð í þrjá meginflokka: stöðluð viðtöl, hálf-stöðluð viðtöl og óstöðluð viðtöl og geta verið tekin við einstaklinga jafnt sem hópa (Bell, 2005:159–161). Í gagnasafninu sem hér er notað eru foreldrakannanirnar sem gerðar voru af skólunum sjálfum unnar með meginlegri aðferðafræði eða með því að leggja spurningarlista fyrir þátttakendur.

Með því að nota yfirlitsgreiningu (e. Literature review) er ætlunin að draga saman og greina rök annarra fyrir því sem þeir hafa sett fram um viðhorf foreldra til foreldrasamstarfs og styðja þannig eigin hugmyndir um efnið. Yfirlitsgreining (e. Literature review) er aðferð sem lýsir og greinir þekkingu sem þegar er til staðar og getur fyllt að hluta til upp í eyður sem rannsakendur finna í rannsóknum sínum. Henni er þó ekki ætlað að vera lýsandi listi heldur



endurskoðun sem skipulögð er um ákveðna hugmynd (Loughborough University, e.d.). Í þessu tilfalli er hugmyndin samstarf heimila og skóla og viðhorf foreldra til þess.

Prófessor Sharan Merriam hefur um árabíl unnið við rannsóknir á sviði fullorðinsfræðslu og símenntunar. Rannsóknaraðferðir hennar eru meðal annars eigindlegar tilvikskannanir (e. Case study) og árið 1988 sendi hún frá sér yfirlýsingu um mikilvægi þess að greina rannsóknir annarra og bera saman það sem fræðimenn birta. Hún lýsir yfirlitsgreiningu (e. Literature review) sem túlkun og orsakarökleiðslu áður útgefinna gagna. Síðan þá hefur hugmyndin þróast og skilgreiningin verið afmörkuð og skýrð enn frekar. Þegar talað er um fræðilega úttekt nú, eða yfirlitsgreiningu (e. Literature review) er átt við úttekt á gögnum sem gefin hafa verið út innan fræðasamfélagsins og birt á vef, í bókum eða tímaritum. Um er að ræða gagnrýna umfjöllun á vel afmörkuðum þáttum frá fræðilegum heimildum með það að markmiði að meta efnið og skapa nýtt sjónarhorn út frá því. Auðvelt aðgengi fjölda greina sem gefnar eru út eykur mikilvægi þess að heimildir séu skoðaðar með gagnrýnu hugarfari og að uppruni þeirra sé ljós (University of Leicester, e.d.).

Rannsakandi verður að túlka efnið sem skoðað er og útskýra túlkun sína fyrir lesanda. Túlkunin verður að byggja á heimildunum sem greindar eru og settar fram á gagnrýnan hátt. Það verður einnig að kynna forsendur túlkunarinnar vel svo lesandinn geti fylgt rannsakanda eftir í hugsmíð hans. Samantektin sem byggir á orsakarökleiðslu sameinar efni úr ýmsum áttum og byggir á rannsóknarvinnunni og þeim röksemdarfærslum sem settar eru fram (University of Leicester, e.d.).

Yfirlitsgreining (e. Literature review) heiðrar fortíðina og varpar ljósi á þætti í nútíð sem eru líklegir til að geta haft áhrif á framtíðina. Þessi rannsóknaraðferð skýrir mun á fræðilegum úttektum og rammar af fræði og hugtök. Með því fæst betri skipulagning og skilningur á rannsóknum (Plakhotnik og Rocco, 2009). Yfirlitsgreiningin (e. Literature review) sem hér verður framkvæmd á að gefa rannsakendum mynd af foreldrasamstarfi í grunnskólum á Íslandi og varpa ljósi á hugmyndir sem væru líklegar til að hafa áhrif til að auka og bæta samstarfið.

Rannsóknirnar sem verða skoðaðar með þessari aðferðafræði eru ólíkar að upplagi enda ólíkir aðilar sem að þeim koma. Til þess að fá sem best samræmd svör úr þeim öllum var ákveðið að útbúa spurningalista sem beitt væri á allar. Gögnin sem skoðuð voru birtust á veraldarvefnum og í tímaritum og eru líkleg til að gefa upplýsingar um stöðuna á samstarfinu milli foreldra og skóla. Út frá þeim niðurstöðum sem fengust af þessari rannsókn ákváðu höfundar að leggja til nokkrar leiðir sem líklegar eru til árangurs við að auka þátttöku foreldra í skólastarfi.

## 4.2 Rannsóknin

Þær rannsóknir sem hér verða skoðaðar eru úttektir sem gerðar hafa verið á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í eftirtöldum skólum: Árskóla á Sauðárkróki, Setbergsskóla í Hafnarfirði, Grunnskóla Hornafjarðar, Grunnskóla Vestmannaeyja, Grunnskólanum í Sandgerði, Fellaskóla í Fellabæ, Víkurskóla í Mýrdalshreppi og í Grunnskólanum í Borgarnesi. Einnig verður skoðuð úttekt sem menntasvið Reykjavíkurborgar lét gera um viðhorf til foreldrasamstarfs í grunnskólum Reykjavíkur. Innan þessara úttekta er fjallað um foreldra og aðkomu þeirra að skólunum og er það sá þáttur sem rýnt verður í. Farið verður inn á heimasíður áður nefndra skóla auk þriggja skóla í Reykjavík og kannað hvað er að finna um foreldrasamstarf í sjálfsmatsskýrslum þeirra. Þessir þrjú skólar Reykjavíkur eru Ölduselsskóli, Breiðagerðisskóli og Árbæjarskóli.

Einnig verður rýnt í skýrslu sem unnin var fyrir Samband íslenskra sveitafélaga um sameiginlega framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til ársins 2020 og sýnir viðhorf foreldra í 25 skólum í 12 sveitafélögum. Þá verður skoðuð skýrsla sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 2005 að beiðni Heimilis og skóla um virkni og stöðu foreldraráða við grunnskóla landsins. Það var ekki að finna sambærilega skýrslu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna skólaráða en reynt verður að lesa út úr úttektarskýrslunum varðandi samanburð á virkninni og hvort búið er að setja á stofn skólaráð í grunnskólunum sem teknir voru út.

Að síðustu verða rannsóknir sem áður hefur verið vitnað til í ritgerðinni skoðaðar betur með svör foreldra í huga við þeim spurningum sem lagðar voru fyrir af rannsakendum þegar þessar rannsóknir voru gerðar. Þetta eru rannsókn Ingibjargar Auðunsdóttur um hvort áætlun Epstein henti íslensku skólaumhverfi, rannsókn Birnu Maríu Svanbjörnsdóttur um það hvort foreldrar vilji stuðning í foreldrahlutverkinu, rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjargar Kaldalóns um viðhorf starfsfólks við hegðunarbenda í grunnskólum og rannsókn Jónasar Pálssonar, Amalíu Björnsdóttur og Ólafs H. Jóhannssonar um grunnskóla í ólíkum byggðarlögum.

Markmið höfunda er að afla upplýsinga um:

- virkni foreldra í foreldrasamstarfi
- hvernig foreldrar vilja hafa foreldrasamstarf
- viðhorf þeirra til samstarfsins eins og það er
- hvað þeim finnst um heimanám
- hvort þeir hafa áhuga á fræðslu af hálfu skólanna og þá um hvað

- hvort þeim finnst þeir fá nægar upplýsingar
- hvort þeir þekki til laga og reglugerða

Með þetta í huga var búinn til spurningalisti sem hafður var í huga þegar gagnagrunnarnir voru skoðaðir en ekki er víst að svör fáiast við öllum spurningunum í öllum gagnagrunnunum. Þessar spurningar eru eftirtaldar:

1. Í hverju felst þátttaka foreldra í skólastarfi skólans?
2. Hvað vilja foreldrar hafa öðruvísi en það er?
3. Eru foreldrar ánægðir/eða óánægðir með samstarfið?
4. Hvað finnst foreldrum um heimanám?
5. Þekkjja foreldrar lög og reglugerðir er varða skóla?
6. Vilja foreldrar fræðslu um uppeldismál eða annað til dæmis lög og reglugerðir?
7. Finnst foreldrum þeir fá nægar upplýsingar frá skólanum um nám barnanna og aðra viðburði?

Út frá þessari heimildaöflun verður unnið að tillögum um hvernig best sé að vinna að aukinni hlutdeild foreldra í námi barna sinna.

#### *4.2.1. Úttektir á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis*

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir úttektir á grunnskólum landsins til að veita þeim aðhald, meta gæði þeirra, athuga hvort stefnum og markmiðum er mætt og hvort þeir starfi samkvæmt skólanámskrám. Á vef ráðuneytisins kemur fram að megintilgangur ytra mats sé að fá yfirsýn yfir skólastarf viðkomandi skóla í heild eða af einstökum þáttum innan starfsemi hans. Þetta er meðal annars gert með því að skoða þætti í innra starfi þeirra. Í skýrslunum sem úttektaraðilar senda frá sér kemur fram að framkvæmd úttektanna er með þeim hætti að skólastjórar afhenda ýmis gögn sem unnið er uppúr en einnig eru gerðar vettvangskannanir, tekin viðtöl og rýnt í skýrslur og reglugerðir sem gerðar hafa verið. Um er að ræða einstaklingsviðtöl við skólastjórnendur en einnig rýnihópaviðtöl þar sem rætt er við fulltrúa frá flestum hópum skólasamfélagsins. Þar má nefna sem dæmi fulltrúa kennara, foreldra, nemenda og fræðsluyfirvalda viðkomandi skóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.).

Árið 2010 var slík úttekt gerð í Árskóla á Sauðárkróki. Þar kom fram að skólinn hefur sett sér lög í tengslum við grunnskólalögin og foreldraráð unnið samkvæmt þeim. Árið 2008 voru hins vegar sett ný lög um grunnskóla þar sem foreldraráð dattu út og lög um

foreldrafélög komu í staðinn. Árskóli hefur ekki gert viðeigandi breytingar í lögum sínum en foreldrafélag er samt starfandi. Foreldrar í Árskóla segja foreldrafélagið hugsa fyrst og fremst um aðbúnað nemenda. Starfsemin snýr ekki mikið að innra starfi skólans og töldu foreldrar að umræður innan foreldrafélaga fjölluðu ekki um innra starfið (Trausti Þorsteinsson og Unnar Þór Bööðvarsson, 2010:35).

Könnun var gerð í þessum sama skóla árið 2010 meðal foreldra til að athuga hvort þeir væru ánægðir með störfín sem foreldrafélagið sinnir. Um 73% foreldra sögðust mjög eða fremur ánægðir en rúmlega fjórðungur svaraði ekki spurningunni. Þetta er þó nokkuð stór hópur en hugsanlega má rekja það til þess að viðkomandi foreldrar hafi ekki kynnt sér foreldrafélagið og þá starfsemi sem þar fer fram (Trausti Þorsteinsson og Unnar Þór Bööðvarsson, 2010:35). Árskóli hefur sett sér það markmið að auka þátttöku foreldra í starfi skólans. Frá hverri bekkjardeild eru tveir foreldrar tengiliðir milli skólans og foreldra. Tengiliðirnir funda með umsjónakennurum hvers árgangs nokkrum sinnum yfir skólaárið og ef eitthvað í skólastarfinu þarfnast þátttöku foreldra hafa umsjónakennarar samband við tengiliðina og þeir koma upplýsingunum áfram.

Í úttektinni kemur fram að foreldrar í Árskóla segja kennara sanngjarna, þeir hlusti á foreldra, sýni áhuga á samskiptum við þá og foreldrar leiti til kennaranna ef þeim liggur eitthvað á hjarta. Nokkur dæmi voru um að foreldrum fannst samskiptin vera einhliða. Sem dæmi var tekið mál barns sem þarfnadist úrlausnar en foreldri fannst það ekki fá nægar upplýsingar um úrlausn málsins eftir að kvörtunin hafði verið sett fram. Foreldrar voru samt almennt ánægðir með samstarfið við umsjónarkennara og sögðu um 96% foreldra samstarfið gott við þá og þar af voru 84% þeirra sem sögðu það vera mjög gott (Trausti Þorsteinsson og Unnar Þór Bööðvarsson, 2010:36). Í niðurstöðum áður nefndrar úttektar á Árskóla á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins er fjallað um að í skólanámskrá skólans sé nám barnsins ekki sett í forgrunn varðandi samstarf heimila og skóla heldur er sagt að kennarar og foreldrar skuli hafa samstarf um félagslega þætti tengda skólagöngu nemenda, ferðalög, bekkjarskemmtanir og annað slíkt. Kennarar virðast samkvæmt þessu hafa ákveðinn ramma í starfi sínu og halda foreldrum utan hans (Trausti Þorsteinsson og Unnar Þór Bööðvarsson, 2010:37).

Í úttekt sem gerð var á Setbergsskóla í Hafnarfirði 2011 kom fram að foreldrar þar voru í flestum tilfellum ánægðir með starf skólans. Skólinn á í góðum samskiptum við grenndarsamfélagið. Foreldrafélag hefur verið starfrækt við skólann frá árinu 1990 og vinnur það gott starf en vill þó virkja foreldra og fleiri til að koma í auknum mæli að starfinu. Í samráði við foreldrafélagið, skólaráð og í samskiptum við skólann sjálfan geta foreldrar

komið á framfæri upplýsingum til skólans og stjórnenda hans (Sigríður Harðardóttir og Unnar Hermannsson, 2011b:31–32).

Samkvæmt úttekt Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í grunnskóla Hornafjarðar skólaárið 2010–2011 hefur foreldrasamstarf ekki verið mikið síðastliðin ár en nú hefur skólinn vakið foreldrafélagið upp í samræmi við lög frá 2008 og vonast til að efla þannig samstarf á milli foreldra og skóla. Skólaráð hefur verið stofnað enda skylda samkvæmt lögum eins og áður hefur komið fram. Lögð er áhersla á að foreldrar nemenda séu ávallt velkomnir í skólann og mánaðarlega fá þeir sendan tölvupóst með upplýsingum um það sem verið er að gera í skólanum. Skólasetning skólans hefst á einstaklingsfundi þar sem kennarinn hittir foreldra og nemanda til að ræða um námið og skiptast á upplýsingum (Jón Bergsson og Guðrún Helga Sederholm, 2011:12–13).

Samkvæmt úttekt sem gerð var 2011 er gott samstarf á milli grenndarsamfélagsins og Grunnskóla Vestmannaeyja. Í skýrslu sem úttektaraðilar skiluðu komu fram upplýsingar um virkt samstarf milli skólans og margra félagasamtaka. Þar var tiltekið samstarf við íþróttafélag, tónlistarskóla, skáta, björgunarfélag og fleiri. Nemendur geta til dæmis stundað íþróttir, tónlistarnám og önnur áhugamál sem skólinn metur síðan inn hjá sér. Foreldrafélag starfar við grunnskólann og fundar reglulega yfir skólaárið. Rætt var við foreldra um starf félagsins í tengslum við úttektina og telja þeir starfið ekki hafa verið nægilega öflugt, en segja þó vilja til að efla það. Skólinn og starfsmenn hans sýni áhuga á að efla samstarfið en foreldrar segja að það vanti áhuga og metnað foreldranna sjálfra til samstarfsins. Með foreldrafélaginu hafa foreldrar tækifæri til að vera virkir þátttakendur í starfi skólans. Foreldrar geta komið skoðunum sínum á starfi skólans á framfæri við fulltrúa þeirra í foreldrafélaginu, skólaráði eða beint til stjórnenda skólans. Með þessu móti koma foreldrar að ákvarðanatöku um skólastarfið (Sigríður Harðardóttir og Unnar Hermannsson, 2011a:33–34).

Úttekt sem gerð var 2011 í Grunnskólanum í Sandgerði sýnir að foreldrar eru almennt jákvæðir gagnvart skólanum. Þeir segja skólann koma til móts við þarfir barna sinna og eru ánægðir með þróun skólastarfsins. Skólinn hvetur foreldra til að taka þátt í starfinu og voru 89% foreldra mjög og frekar ánægðir með það eins og það er. Samstarfið hefur samt gengið brösuglega fyrir sig og það virðist sem skilningur á mikilvægi menntunar sé ekki mikill meðal íbúa samfélagsins. Það hefur ekki gengið vel að virkja foreldra til samstarfsins en sérstakar aðgerðir skólans og sveitarfélagsins til að efla foreldrafélagið bera þó einhvern árangur. Skólaráð er ekki starfandi í skólanum þó það eigi lögum samkvæmt að starfa. Ástæðuna má rekja til þess að fulltrúar foreldra í skólaráði hafa ekki mætt vel á fundi ráðsins (Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir, 2011:34–35).

Foreldrar Fellaskóla í Fellabæ bera mikið traust til skólans og segja skólann finna leiðir til að koma til móts við alla, stefna skólans sé því ekki einungis á blaði. Þátttaka foreldra í skólastarfinu felst í að standa við bakið á skólanum og starfi hans. Þetta kemur fram í verkefnum sem félagið setur sér. Þar má nefna að standa vörð um þróunarverkefnið útikennslu með tækjakaupum og öðru er kemur verkefninu vel. Eins er stefna félagsins að vera til taks við sérstaka viðburði í skólanum og standa fyrir fræðslu fyrir foreldra í félaginu svo eitthvað sé tekið til. Foreldrafélagið er virkt í skólanum og hefur tekið ýmsum breytingum í kjölfar skólaráðs sem einnig er starfandi. Samkvæmt úttektinni 2011 er þörf á að gera nánari starfsreglur fyrir skólaráðið svo öllum sé ljóst hvert hlutverk þess er (Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Unnar Þór Bööðvarsson, 2011a:34–35).

Í úttekt á Víkurskóla í Mýrdalshreppi 2011 kom í ljós að foreldrafélag er ekki starfandi við skólann en skólastjóri sagði að verið væri að vinna að stofnun þess. Foreldrar og starfsmenn skólans voru samt ánægðir með samskipti heimila og skóla. Foreldrar töldu að auka mætti upplýsingagjöf og formleg samskipti við foreldra af hálfu skólans. Úttektaraðilar benda á að það er á ábyrgð skólastjóra að foreldrafélag sé starfrækt og efast um góð gildi þess að fulltrúi foreldra í skólaráði er starfsmaður í skólanum. Trúverðugleiki þurfi að ríkja meðal foreldra og erfitt gæti reynst að mynda hann því fulltrúi foreldra er einnig starfsmaður í skólanum. Sá einstaklingur gæti átt erfitt með að setja út á starf skólans og koma fram með gagnrýni á yfirmann sinn. Samtöl við foreldra skólans sýndu að þeir voru ýmist ánægðir með skólann eða mjög óánægðir. Foreldrum fannst vanta upp á upplýsingagjöf og höfðu áhyggjur af því að börnin væru ekki að fá tilskylda kennslu og þá sérstaklega í sérgreinum. Það er nauðsynlegt fyrir skólann að efla samstarfið og bæta upplýsingagjöf til foreldranna. (Árný Elíasdóttir og Inga Björg Hjaltadóttir, 2011:21–23).

Foreldrar Grunnskólans í Borgarnesi sögðu samstarf skólans og foreldra almennt vera gott og foreldrar væru ávallt velkomnir í skólann. Foreldrum fannst samstarfið meira meðal foreldra yngstu bekkjanna en þeirra eldri. Þeir sögðust þekkja stefnu skólans en ekki hafa tekið þátt í mótun hennar. Skólaráð er virkt í skólanum auk þess sem öflugt foreldrafélag styður vel við bakið á skólanum. Munur var á svörum foreldra og starfsfólks skólans tengt eineltismálum. Foreldrar töldu bera á einelti en aðrir viðmælendur töldu einelti vera í algjöru lágmarki (Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Unnar Þór Bööðvarsson, 2011b:38–39). Í úttektinni sem var gerð árið 2011 kemur ekki fram hvort ánægja er með samstarf foreldra og skóla né hvort foreldrar komi að einhverju leyti að stjórnunarpáttum. Ekkert er heldur fjallað um það hvort skólinn sé virkur í að efla samstarf sitt við foreldra.

Menntasvið Reykjavíkurborgar lét kanna viðhorf foreldra til foreldrasamstarfs í grunnskólum Reykjavíkur árið 2007. Rætt var við foreldra og þeim skipt í þrennt eftir stigum sem barn þeirra var á. Tveir rýnihópar voru myndaðir á hverju stigi. Þeir sem voru ánægðastir með skólastarf barna sinna voru foreldrar barna á yngsta stigi. Þeir voru ánægðir með skipulag skólans varðandi skólabyrjun barnanna. Annar rýnihópurinn taldi upplýsingaflæði vera gott og var ánægður með starfið meðan hinn hópurinn var ekki jafn ánægður. Upplýsingaflæði milli heimila og skóla skipti miklu máli varðandi ánægju foreldra. Varðandi heimanám og skipulag námsins voru flestir foreldrar ánægðir og töldu heimanámið vera í hóflegu magni. Ástæður þess að foreldrar barna á yngsta stigi virðast ánægðari með skólastarf barna sinna má rekja til þess að samstarf og upplýsingagjöf er meiri á yngsta stiginu (Ásgeir Björgvinsson og Hildur Björk Svavarsdóttir, 2008:39–40).

Foreldrar barna á miðstigi voru almennt ánægðir með umsjónarkennara barna sinna og sögðu upplýsingaflæðið vera gott og sífellt að aukast til að mynda með upplýsingakerfinu Mentor en það er vefkerfi sem gerir foreldrum kleift að nálgast upplýsingar um börn sín varðandi nám og annað í skólastarfinu. Meðal foreldra á yngsta stigi kom fram sú skoðun að þó þetta kerfi væri gott væri það ekki nýtt sem skyldi og að það hefði borið á því að það væri mest notað fyrir neikvæð skilaboð (Ásgeir Björgvinsson og Hildur Björk Svavarsdóttir, 2008:7). Það kom einnig fram að mismunur er milli skóla varðandi hve virkir foreldrar eru í foreldrastarfinu. Það felst í því að töluverður munur virðist á milli skóla á því hversu mikla áherslu þeir leggja á samstarfið milli foreldra og skóla. Það kom líka fram að huga þyrfti betur að nemendum þegar þeir færast af yngsta stigi á miðstig. Almenn ánægja var meðal foreldra með umsjónarkennara og ekki mikill munur á viðhorfum foreldra milli yngri og eldri hóps. Það kom fram að erfiðara væri að halda uppi virku foreldrasamstarfi þegar nemendur væru komnir á unglingastig. Nokkuð var um að foreldrar teldu vera stöðnun í námi barna á unglingastigi og að samkenntsla árganga væri erfið auk þess sem þeir sögðu heimanám ekki vera nægilega mikið þar (Ásgeir Björgvinsson og Hildur Björk Svavarsdóttir, 2008:39–40).

Af þessari yfirferð er ljóst að í flestum skólunum sem hér eru til umræðu er nokkuð virkt foreldrasamstarf. Á þessu eru þó nokkrar undantekningar, sbr. Víkurskóli. Samkvæmt þessari úttekt felst þátttaka foreldra í skólastarfinu einkum í starfi í foreldrafélögum og heimanámi. Þá kemur fram að foreldrar virðast vilja meiri upplýsingar frá skólunum en gera ekki mikið úr vilja til að koma að innra starfi ef ályktað er út frá dræmri þátttöku í foreldrafélögum og skólaráðum. Langflestir eru ánægðir með starfið í skólum barna sinna en óánægja tengist helst eldri nemendum og þá oftast varðandi vöntun á upplýsingum frá skólanum. Ánægja virðist með Mentor sem tæki til upplýsingagjafar. Samkvæmt þessum

úttektum virðist sem foreldrar vilji frekar auka heimanám en minnka en oftast voru þeir sáttir við stöðuna eins og hún er. Engin bein svör fengust í gögnunum við því hvort foreldrar þekktu lög og reglugerðir er varða skóla né fræðslu er varðar uppeldismál en ætla mætti að dræmur áhugi á skólaráðum gefi til kynna þekkingarleysi um áhrifamáttinn sem mætti skapa gegnum þau hafi foreldrar áhuga á aðkomu að skipulagi og undirbúningi við skólasterfið. Í mörgum tilfellum vildu foreldrar fá meiri upplýsingar er varða nám barna þeirra og aðra viðburði.

#### *4.2.2. Heimasíður skólanna*

Til að komast að því hverju foreldrar svöruðu í könnunum sem gerðar voru í skólunum sjálfum í tengslum við sjálfsmat þeirra og þróunarstörf voru heimasíður skólanna sem taldir voru upp fremst í kaflanum skoðaðar. Fyrsta heimasíðan sem leitað var upplýsinga á var síða Árskóla á Sauðárkróki og svo voru heimasíðurnar skoðaðar hver af annarri.

Árið 2010 var gerð foreldrakönnun í Árskóla en árlega gerir skólinn könnun meðal foreldra í ákveðnum bekkjardeildum. Þetta sýnir í verki að skólinn vill bæta samstarf sitt við foreldra. Í könnuninni kom fram að foreldrar voru almennt ánægðir með skólann eða 57,02% þeirra og einnig var ánægja með kennsluna sjálfa. Stjórnun skólans var í góðu lagi að mati foreldra. Viðhorf foreldra til umsjónarkennara barnsins þeirra var jákvætt og 82% þeirra sem svöruðu sögðu það mjög jákvætt. Rúmlega helmingur foreldra töldu að barninu sínu væri sinnt mjög vel í skólanum. 84% foreldra sögðust mjög ánægðir með samstarf sitt við skólann og töldu það mjög gott. Flestir foreldrar voru ánægðir með móttökur þegar þeir kæmu í skólann. Þeir sögðu flestir heimanám vera hæfilegt eða í um 79,82% tilfella en 2,63% sögðu það yfirleitt of lítið, 14,04% foreldra sögðu það stundum of lítið og 2,63% þeirra sögðu það oftast of mikið. Þegar foreldrar voru spurðir um hvort barn þeirra þarfnaðist aðstoðar við heimanám völdu flestir svarkostinn: stundum (Árskóli, 2011).

Í 64,04% tilfella töldu foreldrar barnið sitt ekki hafa orðið fyrir einelti en 11,85% foreldra sögðu börn þeirra hafa orðið fyrir einelti og flestir sögðu að skynsamlega væri tekið á eineltismálum í skólanum. Foreldrar barna í Árskóla voru almennt mjög ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fengu frá skólanum um nám, líðan og gengi barns þeirra en um 54% foreldra sögðu þær mjög gagnlegar og 42,11% sögðu þær fremur gagnlegar. 54% foreldra í Árskóla sögðust hafa kynnt sér skólanámskrá skólans talsvert en 34% höfðu lítið kynnt sér hana. Meirihluti foreldra sögðust hafa mætt á kynningarfundum hjá skólanum og töldu þeir



fundina gagnlega. Allir foreldrar sem tóku þátt í könnuninni svöruðu játandi þegar þeir voru spurðir að því hvort þeir sæktu foreldraviðtöl reglulega (Árskóli, 2011).

Í könnun sem gerð var meðal foreldra Setbergsskóla skólaárið 2010–2011 kom fram að þeir væru almennt ánægðir með starf skólans sem tengdist barni þeirra. Foreldrarnir voru ánægðir með samstarf foreldra og kennara og sögðu það gott. Þeir sögðu foreldra vera velkomna í skólann og að „andinn“ í skólanum væri góður. Foreldrar voru mjög ánægðir með starf skólans, umhverfi hans og aðbúnað. Allir foreldrar sem tóku þátt í könnuninni sögðu að börnunum liði vel í skólanum og yfir 90% þeirra töldu að vel væri haldið utan um nemendur og að tekið væri ákveðið á málum þeirra ef einhverra úrlausna væri þörf. 91% svarenda sagði skólann hafa kynnt stefnu sína vel og 90% foreldra sögðu skólann taka tillit til athugasemda sem bærust frá foreldrum. Foreldrar voru ánægðir með skólastjórnann og sögðu hann áhugasaman um að gera betur í starfi sínu og vinna að því að bæta skólastarfið. Þeir treysta kennurum skólans og sögðu að börnunum væru sköpuð góð skilyrði til námsins. Foreldrar sögðu fræðslunefnd ekki sýna mikinn áhuga og frumkvæði í málum tengdum skólanum. Foreldrar vildu aukin samskipti í tengslum við eineltismál og að þeim málum yrði betur fylgt eftir. Foreldrar vildu bæta við tómskundastarf í skólanum (Setbergsskóli, 2011:7).

Könnun sem gerð var meðal foreldra Grunnskólans á Hornafirði skólaárið 2011–2012 sýndi að þeim fannst samstarf þeirra við skólann vera gott, 56,47% sögðu það mjög gott. Á heildina litið voru flestir foreldrar ánægðir með samskipti sín við umsjónarkennara barna sinna. En þegar þeir voru látnir meta hversu mikil samskipti þeirra væru við umsjónarkennara barnsins síns fannst þeim samskiptin ekki nægilega mikil því 66,08% sögðu þau ekki mikil og einungis 19,88% sögðu þau frekar mikil. Ánægja með samskipti við skólastjórnendur og aðra kennara var nokkuð góð en þegar foreldrarnir voru spurðir um hversu mikil þau væru var svarhlutfallið ekki nægilega gott því 68,05% foreldra sögðu samskiptin ekki mikil. Foreldrar töldu samskipti nemenda og starfsfólks vera nokkuð góð. Foreldrar voru mjög ánægðir með möguleika sína á að leita til skólans og starfsfólks hans ef eitthvað væri að og sögðust 70,48% alltaf gætu leitað þangað. Það kom fram í opnum spurningum að foreldrum þætti aðbúnaður á skólalóð ekki góður. Það vantaði leiktæki og fleiri gæsluaðila þyrfti í frímínútum (Grunnskóli Hornafjarðar, 2012:13–17).

Á skólaárinu 2010–2011 var gerð foreldrakönnun í Grunnskólanum í Vestmannaeyjum. Foreldrar sögðu börnin hafa góð skilyrði til náms og að samfélagið bæri virðingu fyrir skólanum. Foreldrar voru í 90–95% tilvika ánægðir og sögðu skólann taka tillit til óska þeirra og athugasemda. 99% foreldra á öllum skólastigum sögðu barninu sínu líða vel í skólanum. Foreldrar almennt treystu starfsfólki skólans og voru ánægðir með hversu góða

yfirsýn umsjónarkennarinn hefði yfir nám barna þeirra. Þeir voru sammála því að stjórnendur og kennarar hvetji, hrósi og hjálpi bæði nemendum og foreldrum. Foreldrar voru ánægðir með skólastjórnann og starfsfólk skólans og sögðu alla leggja metnað í starf sitt. Þegar foreldrar voru spurðir um einelti innan skólans sögðu 71% það vera lítið en 25% það vera talsvert. Flestir foreldrar voru sammála um að skólinn tæki vel á eineltismálum sem upp kæmu en 14% foreldra voru því þó ósammála (Grunnskóli Vestmannaeyja, 2011).

Könnun var gerð meðal foreldra Grunnskólans í Sandgerði á skólaárinu 2009–2010. Niðurstöður sýndu að þeir voru almennt ánægðir með aðgengi sitt að skólanum og starfsmönnum hans. Foreldrar töldu sig upplifa virðingu og hvatningu í samskiptum sínum við skólann og voru ánægðir með það. Þeir voru líka ánægðir með samskipti sín við umsjónarkennara barnanna. Skoðanir foreldra varðandi kennsluhætti voru mismunandi eftir skólastigum. Það kom sérstaklega fram að foreldrar barna á miðstigi voru óánægðastir með kennsluna og hvernig komið væri til móts við námslegar þarfir barnanna. Einnig var mest óánægja með agamál meðal foreldra barna á miðstigi í skólanum. Foreldrarnir voru óánægðir með upplýsingagjöf skólans og þá sérstaklega það sem snéri að námsefni og kennsluháttum. Foreldrar töldu upplýsingagjöf frá skóla ábótavant en sögðu það þó hafa batnað aðeins eftir að vefkerfið Mentor var tekið upp í skólanum (Grunnskólinn í Sandgerði, 2010:11–12).

Það kom fram að foreldrar vildu aukna möguleika til að hafa áhrif á skólastarfið en þó sögðust einungis 7% óánægðir eða mjög óánægðir með möguleika sína til að hafa áhrif á starf skólans. Foreldrar vildu fá aukna fræðslu en samkvæmt skólanum hefur verið erfitt að fá þá til að mæta á hópfunði og þau fræðsluerindi sem skólinn hefur boðið upp á. Skólinn lagði því spurningar fyrir foreldra til að átta sig á vilja þeirra og skoðunum á lágu mætingahlutfalli á fræðslufunði. 2% foreldra voru frekar óánægðir eða mjög óánægðir með mætinguna á þessa fundi. Hér vakti sérstaka athygli að foreldrar virtust vilja fá fræðslu og meiri upplýsingar, mættu illa á fundi sem þeim stóðu til boða en töldu sig þó ekki mæta illa (Grunnskólinn í Sandgerði, 2010:11–12).

Í sjálfsmatsskýrslu sem Fellaskóli í Fellabæ gerði á skólaárinu 2010–2011 kom fram að leggja þyrfti áherslu á heimanámið og líðan nemendanna. Niðurstöður kannana sem gerðar voru meðal foreldra leiddu í ljós svo breytileg svör að erfitt reyndist að meta styrkleika og veikleika. Aðeins eitt foreldri á yngsta stigi taldi að heimanám ætti ekki að vera neitt en meirihluti foreldra sagðist eiga ánægjulegar stundir með barni sínu við heimanám þess. Í ljósi niðurstaðna skýrslunnar mátti sjá að foreldrar yngri barna njóta þess betur að vinna að heimnámi með barni sínu. Foreldrar barna á eldri stigum skólans voru ekki fylgjandi heimanámi og 28% vildu ekkert heimanám. 57% foreldra töldu heimanám eiga að vera til að

ljúka því sem ekki tókst að ljúka í skólanum. Þegar svör um líðan nemenda í skólanum voru skoðuð kom fram að börnum leið almennt ágætlega þar (Sverrir Gestsson og Jón Gunnar Axelsson, 2011:9–10).

Víkurskóli gerði sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2010–2011 og birtir á heimasíðu sinni. Foreldrar barna í Víkurskóla voru ánægðari nú en fyrri ár með upplýsingagjöf frá umsjónarkennara barna sinna en þrátt fyrir það fannst foreldrum erfðara að ná á umsjónakennaranum auk þess sem þeim fannst upplýsingaflæðið almennt ekki gott. Foreldrarnir sögðu heimanám ekki vera nægilega einstaklingsmiðað og fannst sumum það of mikið meðan nokkrir óskuðu eftir meira heimanámi (Víkurskóli, 2011:25).

Könnun var gerð meðal foreldra barna í Grunnskóla Borgarness skólaárið 2009–2010. Um 80% foreldranna voru ánægðir með samskipti sín við umsjónarkennara barna sinna og skólann almennt. Foreldrar sögðu barni sínu líða vel og vera ánægt með kennara sinn. 44% foreldra sögðust ánægðir með möguleika þeirra til að hafa áhrif á skólastarfið og 50% þeirra sögðu skólann hvetja þá til að koma í heimsókn. Foreldrar vildu bæta aðstöðu mötuneytisins og sögðu það eiga að vera í skólanum, þeir töldu þörf á nýjum húsgögnum og aukinni aðstoð við þá sem þurfa á henni að halda (Grunnskólinn í Borgarnesi, 2010:8–9).

Í Ölduselsskóla fór fram könnun meðal foreldra árið 2009. Meirihluti foreldra sögðu að barni sínu liði nokkuð vel í skólanum. Foreldrar voru ánægðir með starfsfólk skólans og taldi það koma fram af virðingu við börnin. Foreldrar almennt töldu að hvorki mikið né lítið væri um einelti í skólanum en tæplega 20% þeirra svöruðu þó að það væri frekar mikið. Foreldrar voru almennt ánægðir með viðmót starfsfólks og sögðu að barninu sínu væri oft hrósað í skólanum. 23,86% foreldra sögðu samstarf sitt við skólann mjög gott, frekar gott sögðu 40,91% þeirra og 27,27% sögðu það vera viðunandi. Flestir foreldrar voru ánægðir með samskipti sín við umsjónarkennara barna sinna og kennara almennt, það sama átti við um samskipti þeirra við skólastjórnendur. Meirihluti foreldra taldi sig geta leitað til starfsfólks skólans ef eitthvað væri að (Ölduselsskóli, 2009).

Ánægja ríkti meðal foreldra með skólareglurnar og töldu þeir þær vera sanngjarnar. Foreldrum fannst skólinn oftast taka tillit til óska þeirra og athugasemda. Samstarf heimila og skóla væri frekar gott að þeirra mati. Nokkur dreifing var á svörum foreldra um upplýsingar sem kæmu frá skólanum en flestum fannst þessu nokkuð vel sinnt. Þegar foreldrar voru spurðir hvort þeir hefðu kynnt sér skólanámskrána, sögðust flestir hafa gert það nokkuð vel en 21,84% sögðust ekki hafa kynnt sér hana nógu vel. Foreldrar sögðust sækja kynningarfundir skólans en nokkur dreifing var meðal svara þar. 96,59% foreldra sögðust alltaf mæta í foreldraviðtöl og 3,41% foreldra oft (Ölduselsskóli, 2009).

Breiðagerðisskóli gerði könnun meðal foreldra skólans árið 2010. Þar kom fram að 93% foreldrar voru sammála eða frekar sammála um að upplýsingaflæði frá skólanum væri gott. Þeir sögðu að samskipti milli foreldra og skóla færu fram gegnum upplýsingakerfið Mentor auk þess sem upplýsingar til heimilanna væru gefnar í tölvupósti. 99% foreldra töldu sig vera velkomna í skólann. Foreldrar voru almennt ánægðir með foreldraviðtöl. Meirihluti foreldra var ánægður með skólann í heild, starf hans og þær upplýsingar sem hann veitti foreldrum (Guðbjörg Þórisdóttir, Guðlaug Ólafsdóttir og Guðrún H. Ingimundardóttir, 2011:21–22).

Árbæjarskóli kannaði viðhorf forráðamanna árið 2009. Þar vildu foreldrar helst að tilkynningar væru sendar með tölvupósti, því næst í dreifibréfi en síst gegnum heimasíðu skólans. Foreldrar voru ánægðir með aðgengi að stjórnendum skólans. Þeir voru einnig mjög ánægðir með viðmót umsjónarkennara. Foreldrar voru ánægðir með upplýsingastreymi frá umsjónarkennara og hve vel það gengi að ná sambandi við hann. Foreldrar töldu heimanám barna þeirra vera hæfilegt. Þeir voru einstaklega ánægðir með foreldraviðtöl og þær upplýsingar sem þau gáfu (Árbæjarskóli, 2009).

Þegar tekið er saman það sem hér kemur í ljós má sjá að foreldrar eru almennt ánægðir með samstarf sitt við skólana og hvernig skilyrði þeir skapa nemendum til náms. Undantekning er þó meðal foreldra barna á miðstigi í Grunnskólanum í Sandgerði en þeir eru óánægðir með kennslu og segja námslegum þörfum nemenda ekki nægjanlega vel sinnt. Úttektin sýnir að í flestum tilfellum telja foreldrar sig eiga góðan aðgang að stjórnendum skólanna og upplifi sig velkomna komi þeir á vettvang. Langflestir lýsa yfir góðu sambandi við umsjónarkennara barna sinna en á Hornafirði var einnig spurt um virkni í samskiptunum og þá kemur fram að stór hluti foreldra telja virknina ekki mikla. Varðandi heimanám eru skoðanir skiptar þó oftast komi fram að flestir eru ánægðir með stöðuna eins og hún er. Nokkrir vildu þó auka heimanámið meðan foreldrar barna á eldri stigum vilja jafnvel fella það niður. Einnig kemur fram sú skoðun að einungis ætti að vinna heima það sem nemendum hafi ekki tekist að ljúka í skólanum. Í Fellabæ segjast foreldrar yngri barna njóta þess að sinna heimanámi með börnum sínum.

Mæting í foreldraviðtöl er mjög góð og telja foreldrar það góðan vettvang til að fá upplýsingar um framvindu í námi barna sinna. Þeir telja aukna fræðslu nauðsynlega en mæta illa á viðburði sem skólarnir bjóða uppá til að mæta þessari þörf. Lítið er um svör tengdum lögum en foreldrar flestra skóla telja sig þekkja reglur og stefnu skólans. Ef marka má hlutfall þeirra sem lesa skólanámskrá eru líkur á að fáir lesi lög og reglugerðir. Helsta

umkvörtunarefni foreldra er vegna ónógra upplýsinga frá skólanum og segja flestir þörf á að bæta upplýsingagjöf milli heimila og skóla.

#### 4.2.3. Skýrslur á vef

Á vef Sambands íslenskra sveitafélaga (<http://www.samband.is/framtidarsyn>) er að finna grunnlínugögn í sameiginlegri framtíðarsýn í þróun á skólastarfi. Rýnt var í gögn sem sýndu niðurstöður um viðhorf foreldra til skólastarfs úr könnun sem framkvæmd var 2009 og náði til 25 grunnskóla í 12 sveitafélögum. Um var að ræða viðhorf foreldra barna í sjöunda til tíunda bekk í grunnskóla. Þar kom meðal annars fram að langflestum foreldrum þótti komið til móts við námslegar þarfir barna sinna. 23,84% foreldra voru mjög ánægð og 50,09% voru frekar ánægð en það voru nálægt því að vera þrír fjórðu allra foreldra sem tóku þátt sem fannst barn sitt vera á viðeigandi hraða í námi sínu. 44% foreldra fannst þeir eiga möguleika á að hafa áhrif á skólastarfið og skipulag varðandi nám barns síns en athygli vakti að 41,26% foreldra svöruðu hvorki né og í því sambandi mætti velta fyrir sér hvort þetta þýddi að þeir myndu vilja hafa meiri áhrif eða hvort þeir voru ánægðir með aðkomu sína að skipulaginu (Björk Ólafsdóttir, 2009:2).

Þegar foreldrar voru spurðir um viðhorf sitt til upplýsingamiðlunar frá skóla til heimila og ánægju í því sambandi voru 76,42% foreldra mjög eða frekar ánægð með upplýsingar varðandi námslegar framfarir barna sinna. Svörun foreldra varðandi upplýsingagjöf til heimilanna vegna félagslegra framfara var viðunandi því 59,64% foreldra voru frekar eða mjög ánægðir og 57,07% sögðu það sama um upplýsingagjöf til heimilanna um námsefni barnanna. Þegar kom að viðhorfi foreldra með þær upplýsingar sem þeir fengu um kennsluhætti svöruðu um það bil helmingur foreldra því að þeir væru frekar eða mjög ánægðir. Einungis 13,23% foreldra voru mjög eða frekar óánægðir með upplýsingar sem finna má á heimasíðum skólanna meðan 64,20% foreldra voru frekar eða mjög ánægðir. Af þessu má ráða að þriðjungur foreldra vilji að meiri upplýsingar berist frá skólanum til heimilanna (Björk Ólafsdóttir, 2009:3–4).

Menntamálaráðuneytið lét gera úttekt í grunnskólum landsins til að kanna virkni og stöðu foreldraráða í grunnskólum árið 2005. Úttektin var gerð að beiðni samtaka Heimils og skóla og send til skólastjóra grunnskóla og formanna foreldraráða. Hjá 94% skólanna sem svöruðu könnuninni voru starfandi foreldraráð. Fámennir skólar og þeir sem ekki höfðu starfandi foreldraráð höfðu fengið undanþágu frá Menntamálaráðuneytinu. Í könnuninni

sögðu foreldrar það ganga auðveldlega að fá foreldra til að starfa í ráðinu en skólastjórar sögðu hins vegar að oft væri erfitt að manna foreldraráðin. Skólastjórar voru flestir ánægðir með starfsemi foreldraráðanna. Foreldraráðin voru sammála því en benda þó á nokkur atriði sem mættu vera í betri farvegi. Til dæmis var nokkur óánægja með lélega mætingu á árlega fundi og litla virkni foreldra í starfsemi foreldraráða. Annað sem bendir til slakrar virkni var svörun foreldraráðanna því einungis 53% þeirra sem fengu könnunina senda svöruðu meðan svörun skólastjóranna var 85%. Skólastjórar töldu ekki þörf á að breyta lagaákvæði um ráðin eins og þá var til umræðu en þriðjungur foreldraráða taldi breytinga þörf (Menntamálaráðuneytið:2005:5).

Árið 2008 voru sett ný grunnskólalög og þá var sett í lög að skylt væri að hafa starfandi foreldrafélög við grunnskólana og einnig voru sett lög um skólaráð en foreldraráðin féllu út. Þessar breytingar hafa átt sér stað eftir að menntamálaráðuneytið gerði þessa könnun á virkni foreldraráðanna 2005 þrátt fyrir að skólastjórar hefðu lýst ánægju sinni með stöðuna eins og hún var en foreldrar vildu breytingar. Til að íhuga hvort breytingarnar hafi skilað sér í aukinni virkni foreldra í ráðum er hægt að skoða úttektir þær sem áður hefur verið fjallað um og þar er í langflestum tilfellum allt eins það á að vera og foreldrar taka þátt í innra starfi skólanna með setu í skólaráðum. Það kom því miður samt í ljós að í tveimur af þessum skólum er brotalöm þar sem annars vegar var ekki um slíkt ráð að ræða og hins vegar virðist sem skólastjóri hafi hætt að boða til funda í skólaráði vegna þess að foreldrar mættu ekki á fundinn. Af þessu má draga þá ályktun að staðan sé í svipuðum sporum, flestir skólar sinna þessum málum þó alltaf sé um einstaka frávík frá því að ræða.

Þær niðurstöður sem fást í þessum hluta yfirferðarinnar sýna að foreldrar taka þátt í skólastarfi barna sinna með eftirfylgni á námi og störfum í ráðum og foreldrafélögum. Einstaka skóli hafði ekki sinnt skyldum sínum varðandi stofnun skólaráðs eða foreldrafélags eins og lög frá 2008 segja til um þó allt að tvö ár væru liðin frá því að lögin voru sett. Meirihluti foreldra er ánægður með samstarf sitt við skólana en vilja þó fá að hafa meira um skipulagningu náms að segja. Í þessari yfirferð kom ekkert í ljós um skoðun foreldra á heimanámi né vilja þeirra fyrir aukinni fræðslu. Hvort foreldrar þekki lög og reglugerðir er varða skólastarfið kemur heldur ekki í ljós en það má leiða að því líkur að stór hópur foreldra viti um rétt sinn til að hafa áhrif á nám barna sinna því 44% foreldranna telja sig eiga möguleika til að hafa áhrif. Það má velta því upp hvort ekki væri um meiri virkni meðal foreldra að ræða ef þeir væru meðvitaðri um skyldur sínar og réttindi en við því fást ekki svör hér. Það má lesa úr þessum gögnum að foreldrar myndu vilja meiri upplýsingar frá skólunum

um nám barnanna og aðra viðburði því yfir 40% foreldra svara hvorki né eða lýsa yfir óánægju varðandi þennan þátt.

#### 4.2.4. Rannsóknir

Í tengslum við rannsókn Jónasar Pálssonar, Amalíu Björnsdóttur og Ólafs H. Jóhannssonar voru tekin viðtöl þar sem leitast var við að afla svara frá foreldrum grunnskólabarna í ólíkum byggðalögum. Þar kom fram að foreldrar meðal allra skóla sögðu hæfni kennara vera helstu ástæðu þess að árangur einstakra nemenda væri góður. Með góðum námsárangri barna töldu foreldrar að stuðlað væri að vellíðan þeirra. Foreldrar barna í þéttbýlisskólum sögðu félagsleg skilyrði heimilanna koma næst á eftir hæfni kennarans varðandi mikilvægi áhrifavaldandi þátta sem skiluðu sér í góðum árangri nemandans. Starfsmenn voru beðnir að svara því hver væri helsta skýring á lélegum námsárangri nemenda og fjórðungur svarenda taldi ástæðuna vera litla námshæfileika en næst fjölmennasti hópurinn svaraði að það væri vegna lítillar aðstoðar foreldra. Þegar foreldrar voru spurðir þess sama gáfu flestir upp skýringuna að kennslan væri leiðinleg en næst flestir töldu að ástæðan væri erfiðar aðstæður heima fyrir og litlir námshæfileikar. 10% foreldra sögðu líklegustu skýringuna vera lélega kennslu og 16% sögðu það næst líklegustu skýringuna. Foreldrar virtust hafa meiri trú á því að kennslan sem slík skipti máli en ekki að skýringin lægi í námshæfileikunum og ytri skilyrðum. Starfsmenn töldu hins vegar að þættir eins og kennslan og námsbækur væru ekki aðaláhrifavaldarnir þegar ástæður árangurs væru metnar (Jónas Pálsson og fl., 2005:108–116).

70% foreldra sögðu börn vera frjálsglegri og agalausari en áður. Foreldrar töldu sjónvarpið vera helstu ástæðu þess að ofbeldi hefði aukist meðal barna og unglinga. Tíðarandinn var næsta skýring auk þess að börn lærðu ekki góða hegðun heima. Foreldrar barna í þéttbýlisskólum töldu skólann ekki fara nægilega eftir námskránni. Sama má segja um svör foreldra barna í sjávarþorpi en þar kom fram það viðhorf að námskröfur væru ekki litlar en þær væru ekki nægjanlega aðlagðar að nemendum. Þeir töldu of mikla áherslu vera lagða á að allir væru eins og kvörtuðu einnig yfir ónógum vinnufrið í tímum (Jónas Pálsson og fl., 2005:108–116).

Í grein Birnu M. Svanbjörnsdóttur byggðri á rannsókn sem hafði það að markmiði að greina þarfir foreldra og óskir varðandi leiðir til að veita þann stuðning sem þeir eiga rétt á að fá, má sjá svör foreldra varðandi það hvort þeir vilji yfirhöfuð fá stuðning í foreldrahlutverkinu. 68% foreldra voru hlynntir því að fá stuðning en 92% töldu sig vel í stakk búna til að ala barnið sitt upp. 29% óskuðu eftir beinum stuðningi í foreldrahlutverkinu.

83% foreldra töldu skólann eiga að taka þátt í uppeldinu og 40% töldu hann eiga að gera það með því að bjóða upp á ýmskonar fræðslu. Það kom fram að þeir sem töldu að barni sínu líði ekki nógu vel í skólanum vildu allir fá stuðning og einnig kom fram að yngri nemendum líður betur í skólanum en þeim eldri. Á niðurstöðum rannsóknarinnar mátti sjá ýmislegt sem foreldrar vildu fá stuðning við, eins og til dæmis hvernig bregðast ætti við einelti og hvernig byggja ætti upp sjálfstraust barnanna. Þeir vildu fræðast um námstækni og fá fræðslu um aðferðir til að styrkja samskiptahætti (Birna M. Svanbjörnsdóttir, 2007:102–107).

Í rannsókn Ingibjargar Auðunsdóttur þar sem hún kannar hvort hugmyndir Epstein eiga við íslenska skóla koma fram svör foreldra þegar þeir meta samstarfið sem mótað var eftir aðgerðaáætlun Epstein. Meirihluti foreldra var ánægður með hvernig samstarfið var skipulagt. Aðeins voru 2,7% foreldra sem svöruðu frekar óánægðir eða mjög óánægðir. Flestir foreldrar töldu samstarfið árangursríkt og voru ánægðir með sinn þátt innan þess. Það kom fram að þegar foreldrar voru látnir meta hvað væri mikilvægast í samstarfinu voru samskiptin sett í efsta sætið af sex mögulegum en þáttur foreldra til ákvarðanatöku í fjórða og í neðsta sæti var sjálfboðastarf en fáum þótti það skipta máli í samstarfinu milli heimila og skóla (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:84–86).

Fram kom að flestir töldu foreldraviðtöl vera besta formið á samstarfi milli heimila og skóla. Einnig var fjallað um samskipti í gegnum síma og tölvupóst sem góða leið til að auka samstarfið. Ekki kom fram hvort upplýsingakerfið Mentor var sérstakur möguleiki til samskipta. Foreldrar lögðu mikla áherslu á heimanám og sérstaklega meðal foreldra barna í fyrsta og fimmta bekk. Foreldrar vilja að samstarf þeirra við skólann snúist um líðan barnanna, námsgengi, félagsleg tengsl, heimanám og hegðun. Foreldrar voru ánægðir með upplýsingagjöfina sem jókst í kjölfar þróunarverkefnis Ingibjargar. Foreldrar ræddu einnig um hvað það væri þeim auðveldara að koma í skólann eftir að þróunarverkefnið hófst, skólinn hafi alltaf staðið þeim opinn en þeim hafi ekki fundist þeir eiga heima þar en nú fyndu þeir sig í skólanum (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2006:77–81).

Í skýrslu um rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjargar Kaldalóns, Gullkista við enda regnbogans, er fjallað um samstarfið milli heimila og skóla í tengslum við agamál. Fram koma þrjú viðhorf starfsfólks skólanna um samstarfið. Stærsti hópurinn taldi það almennt ganga vel en svo var annars vegar um mjög jákvæð viðhorf að ræða sem leiddu til þess að gott samband myndaðist milli heimila og skóla en hins vegar var um erfitt samstarf að ræða. Ríkjandi sjónarmið í síðarnefndu skólunum var að foreldrasamstarf væri erfitt og skólinn ætti ekki traust kröfuharðra foreldra. Í rannsókninni kom fram að í sumum tilfellum sé erfitt að ná til foreldra, sér í lagi þar sem um erfiðleika hjá nemendum var að ræða og þá sé eins og



foreldrar standi ekki undir stöðunni og viðurkenni það. Þeir vilja samt ekki aðstoð skólans þar sem ekki virðist hægt að fá foreldrana til viðræðna í skólann. Stundum var líka eins og foreldrar loki augum fyrir vandanum og í skýrslunni kom fram að tímaleysi foreldra kom niður á góðu samstarfi. Skólarnir sem endurspegluðu jákvæðni áttu sameiginlegt að allir lögðu áherslu á eflingu í samskiptum við foreldra og lítil agavandamál voru í þessum skólum. Ef traust var ríkjandi á milli foreldra og kennara gekk samstarfið vel (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006:70–71).

Af þessari yfirferð má sjá að foreldrar teljast hafa það hlutverk að stuðla að góðum námsárangri barna sinna, virkri þátttöku þeirra í skólastarfi almennt og taka á agamálum í samvinnu við skólana. Þeir mæta þó illa í skólana til að sækja sér aðstoð varðandi erfið agamál en kannski er niðurlægingin of mikil til þess að þeir geti þegið hjálp með reisu. Skólarnir hvetja foreldra til að koma í heimsókn en tekst ekki vel að láta foreldrum finna sig velkomna þegar á hólminn er komið. Þeir skólar sem vinna markvisst með jákvæðni að leiðarljósi leggja einnig áherslu á eflingu foreldrasamstarfs. Fram kemur almenn ánægja foreldra með samstarf þeirra við skólann og einnig eru foreldrar oftast sáttir við heimanám barna sinna. Sumir telja þó að það þurfi að aðlaga heimanámið betur að þörfum hvers nemanda. Það vekur athygli að sumir foreldrar telja námsefnið leiðinlegt og vilja að valið verði skemmtilegra efni fyrir börn sín. Flestir foreldrar telja sig geta sinnt uppeldishlutverkinu vel en vilja fá fræðslu og aðstoð við að sinna því. Hins vegar er mæting á fræðslufundi dræm þegar á reynir. Það fást ekki svör í þessum hluta um það hvort foreldrar þekki til laga og reglugerða varðandi skólastarf. Sjálfsagt þarf að gera sérstaka rannsókn um það málefni. Hér kemur hins vegar fram að ríkur vilji foreldra er til að upplýsingagjöf frá skólunum til heimilanna aukist þar sem þeir eru sammála um að þeim hluta sé ekki nægjanlega vel sinnt.

#### *4.2.5. Sameinuð svör*

Þegar svörin eru tekin saman úr öllum gagnagrunnunum kemur eftirfarandi í ljós. Þátttaka foreldra felst í því að taka þátt í starfi foreldrafélaga, nefndum og ráðum til að hafa áhrif á ytri þætti sem stuðla að góðu námsumhverfi fyrir nemendur. Þátttaka foreldra í námi barnanna birtist einkum í því að fylgjast með framvindu þess og hjálpa við heimanám. Foreldrar yngri barna virðast njóta betur samvistanna við vinnu heimanámsins. Foreldraviðtölin eru sá vettvangur sem færa foreldrum mestar upplýsingar um starf barnsins og gengi þess í skólanum

og mæting í þau er mjög góð. Einnig kemur fram þáttur foreldra í agamálum og að þeim beri að vinna með skólanum að þeim málum þó það reynist stundum erfitt.

Það sem foreldrar vilja helst bæta er upplýsingaflæði frá skóla til heimilanna. Í gögnunum má ekki lesa mikinn vilja til að koma að innra skipulagi skólanna því flestir telja sig geta komið sínum skoðunum til skila og að á þá sé hlustað. Dræm þátttaka foreldra í foreldrafélögum, nefndum og ráðum bendir líka til áhugaleysis varðandi þann þátt að vilja hafa áhrif þó einstaka foreldri vilji fá að koma að skipulagi sjálfs námsins. Einnig kom fram að námsefnið þurfi að vera skemmtilegra.

Meirihluti foreldra eru ánægðir með samstarf sitt við skólann. Langflestir eru ánægðir með starfið sem fer fram í skólum barna þeirra. Raddir um óánægju eru oftast tengdar vöntun á upplýsingastreymi og margir lýsa ánægju með upplýsingatækið Mentor því með því megi auka samskipti á milli aðila. Mentor er í sókn og þeim skólum sem nota kerfið fjölgar. Kannski ætti að skylda alla skóla til að vera með þetta upplýsingakerfi því flestum ber saman um ágæti þess í samvinnunni milli heimila og skóla. Þá ætti að hafa í huga að samskipti um forritið mótist ekki af neikvæðum skilaboðum eingöngu. Meirihluti foreldra eru sáttir við heimanám eins og það er. Það er helst að foreldrar vilji heldur auka það ef eitthvað er en aðlaga námsefnið betur að þörfum einstaklinganna. Gögnin gáfu engin skýr svör um það hvort foreldrar þekki og lesi lög og reglugerðir varðandi skólamál. Ef áætla má út frá fjölda þeirra sem lesa skólanámskrá á heimasíðum skólanna eru líklega ekki nógu margir sem kynna sér þessi mál. Það eru skýr skilaboð í gögnunum varðandi upplýsingaflæði til heimilanna. Þó foreldrar séu ánægðir með það vilja þeir meiri upplýsingar.

### *4.3 Umræða*

Það sem kemur skýrast fram í þessari rannsókn gegnum áðurnefndar heimildir er að foreldrar vilja aukna upplýsingagjöf frá skólum til heimila. Þetta kemur fram í öllum heimildunum. Í flestum skólunum er mæting í foreldraviðtöl nálægt því að vera 100% og foreldrar telja þau mikilvægasta vettvanginn til að nálgast upplýsingar um stöðu barnsins síns í skólanum. Almennri upplýsingagjöf hefur þó verið sinnt í sífellt auknum mæli síðustu ár, með fréttabréfum, fundum og á heimasíðum svo eitthvað sé nefnt. Þessi aukna upplýsingagjöf sem kallað er eftir hlýtur þá að varða persónulegar upplýsingar til foreldra um sitt barn sérstaklega. Margir hrósa Mentor í áðurnefndum könnunum og lýsa ánægju sinni á möguleikunum sem kerfið býður uppá til að auka upplýsingagjöf.

Það kom líka í ljós að þátttaka foreldra í foreldrafélögum og viðburðum sem skólar skipuleggja er oft dræm þó yfirleitt sé verið að mæta þörfum sem foreldrar telja sig hafa, eins og fræðslu um ýmis mál og langanir til að geta haft áhrif á skipulag skólstarfsins. Ástæður þessa komu hins vegar ekki í ljós og gætu verið allt frá því að vera tímaleysi og yfir í það að vera af völdum áhugaleysis. Allir foreldrar vilja þó það besta fyrir sín börn og hljóta að gera það sem í þeirra valdi stendur til að stuðla að vellíðan og velgengni þeirra. Kannanirnar sem voru skoðaðar sýndu einnig að foreldrar voru í flestum tilfellum ánægðir með heimanám eins og því er stýrt í skólunum. Foreldrar virðast vanmáttugastir að taka á málum þegar um vanlíðan barna er að ræða og reyndar skólarnir líka því í mörgum skólum vildu foreldrar fá aukna fræðslu um hvernig best væri að taka á slíkum málum og í of mörgum skólum mældist of há prósentutala þegar spurt var um hvort einelti væri til staðar í skólunum.

Höfundar ákváðu að nýta þá þekkingu sem áunnist hafði við heimildavinnu þessarar ritgerðar og niðurstöðurnar sem rannsóknin leiddi í ljós til að setja fram hugmyndir sem gætu verið vænlegar til árangurs í mótun öflugs samstarfs milli heimila og skóla. Það er mikilvægt að temja sér jákvæðni, góða samskiptafærni og hafa í huga að alltaf eru ástæður að baki öllum gjörðum. Ef ástæðnanna er leitað án fordóma og virðing fyrir tilfinningum og skoðunum hinna er höfð að leiðarljósi er líklegt að lausn á hvers vanda finnist og þá er hægt að hefjast handa við úrbætur. Áður en hugmyndalisti verður settur fram verður fjallað um forsendur til að hugmyndirnar geti náð fram að ganga.

Eins og áður kom fram segir afrískt máltæki að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn og það felur í sér mikil sannindi. Það þarf að fá nærsamfélag skólans til samvinnu því það er þeim í hag að út í samfélagið skili sér einstaklingar sem eru færir til þátttöku í því, á þeim forsendum sem það setur varðandi reglur og siðferðileg gildi. Ef fyrirtæki sem foreldrar vinna hjá eru jákvæð og finnast sjálfsagt að foreldri þurfi að skreppa frá til að sinna einhverju í sambandi við samvinnu foreldra og skóla um velferð barnanna myndu líklega minnka raddir um tímaleysi og foreldrar kæmu í auknum mæli inn í skólana. Með því að fá foreldra oftar á vettvang eykst þekking þeirra og það stuðlar að gangkvæmum skilningi milli aðila. Þeir kynnast líka kennurum og stofnuninni sem barn þeirra eyðir stórum hluta dagsins í mun betur ef þeir koma og fylgjast með starfinu sem þar fer fram.

Það gæti aukið hlutdeild foreldra í skólstarfi barnanna ef þeim er gert ljóst á skýran hátt hvað felst í rétti þeirra og skyldum. Nú er það svo að reglur og upplýsingar um réttindi og skyldur eru foreldrum í flestum tilfellum aðgengilegar en einhverra hluta vegna skilar það sér ekki nema til hluta þeirra. Ef meira er gert úr fyrsta fundi umsjónarkennara og nemandi einstaklingslega með foreldrum sínum mætti skýra margt og leggja línurnar fyrir veturinn. Þar

mætti vekja athygli á aðalnámskrá, skólanámskrá og markmiðum sem sett væru í námi nemandans til dæmis með því að setjast saman fyrir framan tölvuskjá og kanna hvar þessi atriði er að finna. Það mætti einnig gera áætlun um vinnulag ef eitthvað bregður út af í námi eða félagslegum þáttum nemandans. Þannig myndi kennari, foreldri og nemandi vita hvernig samvinnunni er ætlað að virka og áætlunin stuðlaði að öryggi allra til að bregðast fljótt við frávikum frá fyrirætlaðri leið. Það mætti til dæmis setja markmiðsáætlun í möppu sem myndi kallast skipulagsmappa. Þá væru markmið sett í hana í upphafi annar og í lok hennar yrði farið yfir hvernig til tókst.

Einstaklingsfundir væru auðvitað álag á kennara ef hugmyndin væri að hitta alla umsjónarnemendur sama dag og gefa þeim öllum góðan tíma til samráðs. Til að þetta gæfi ætlaðan árangur yrði að dreifa fundunum á fleiri daga. Það mætti gefa sér að kennari myndi hitta sex foreldra á degi hverjum. Það gæfi hverjum nemanda klukkustund og einnig gæfist tími fyrir kennara að taka sér matar- og kaffihlé. Þetta gæti þýtt að skólabyrjun fjölmennra skóla gæti tekið viku. Þessa viku mætti skipuleggja sem óhefðbundið nám þar sem stuðningskennarar, sérgreinakennarar og annað starfsfólk skólanna stýrði hópavinnu. Tveir saman gætu þessir aðilar tekið á móti hópi nemenda og nám vetrarins hafist á listasmíðjum, hreyfingu eða kynningum af ýmsu tagi meðan hlutverk umsjónarkennara væri að taka á móti nemanda og foreldrum hans. Nemendur fengju tækifæri til að spjalla saman um viðburði sumarsins og tengjast vel þessa fyrstu viku skólaársins. Foreldrar fengju tækifæri til að byrja skólaárið á því að fylgjast með nemendum í leik og störfum ásamt því að fá góðan tíma til að kynna markmiðum með námi vetrarins og kennaranum sem hefði mest að segja í samvinnunni um barn þeirra viðkomandi skólaár.

Öðru hvoru megin við áramót mætti skipuleggja aðra sambærilega fundatörn með foreldrum þar sem kennarar heimsæktu nemendur. Fundirnir gætu þá verið hugsaðir sem vettvangur til að endurskipuleggja og taka mið af árangri fyrri hluta vetrarins. Foreldrar fengju upplýsingar um stöðuna og gætu komið sínum sjónarmiðum á framfæri um áframhaldið. Heimsóknirnar yrðu skipulagðar seinnipart dags og yrðu útfærðir á þann hátt að þessar stundir teldust sem viðvera í júní og kennarar gætu þá hafið sumarfrí fyrr í staðinn. Á heimaslóðum eru foreldrar öruggari með sig og líklegri til virkari þátttöku í umræðum. Þriðja skiptið yrði svo skipulagt með 15 mínútna foreldraviðtölum eins og tíðkast víða í skólastarfi og væru ætluð til að fara yfir árangur vetrarins. Þetta skipulag myndi stuðla að aukinni upplýsingagjöf og aukinni þátttöku foreldra í námi barna þeirra. Eins og áður sagði kom skýrt í ljós þegar höfundar rýndu í áðurnefndar heimildir að foreldrum fannst í flestum tilfellum þörf á aukinni upplýsingagjöf milli heimila og skóla.

Ef foreldrar eru meðvitaðri um það sem börn þeirra eru að gera er líklegt að þeir geri sér betur grein fyrir því sem þeir græða á því að mæta á fræðslufundi sem auglýstir eru því í flestum tilfellum snúa þessir fundir eða námskeið að einhverju er varðar þroska, nám eða forvarnir varðandi nemendur. Einnig er líklegt að foreldrar myndu afla sér frekari þekkingar um uppeldismál og lög og reglugerðir varðandi grunnskólana ef þeir eru krafðir um meiri þátttöku í námi barnanna og geti haft eitthvað um það að segja hvaða markmiðum er ætlað að ná á hverjum vetri. Foreldrum er nauðsynlegt að verða upplýstari um aðalnámskrá, grunnskólalögin og uppeldisþætti sem leitt gætu til ákjósanlegrar hegðunar og samhygðar í samfélaginu. Þeir sækja sér ekki þessa þekkingu nema þeir átti sig á nauðsyn hennar.

Þekkingu um aðalnámskrá mætti flétta inn í heimanám á efri stigum og gæti líka verið leið til að fá foreldra til aukinnar þátttöku í skólastarfi. Verkefni gæti innihaldið að foreldrar og börn ættu að afla upplýsinga um markmið sem ætti að mæta fyrir það skólastig sem barnið væri á í einhverju ákveðnu fagi. Þá væri einnig hægt að útbúa önnur verkefni sem foreldrar og nemendur ynnu í sameiningu og stuðlaði að gæðastund þar sem þeir myndu vinna saman að einhverju sem styddi við námið í skólanum en yrði heimfært á daglegt líf þannig að heimanámið yrði ánægjulegt og samverustundir fjölskyldunnar yrðu fleiri. Í þessu sambandi mætti nota tæknina og láta verkefnið felast í upplýsingaöflun á netinu, einhverjum leik eða jafnvel spjalli á Facebook. Heimanám gæti líka falist í að telja bækur sem til eru á heimilinu, lesa sögu saman og nemandi segði síðan frá henni eða mæla fermetrafjölda í forstofunni svo eitthvað sé nefnt.

Nám á að undirbúa nemendur undir líf í lýðræðislegu þjóðfélagi og þar sem foreldrar finna oft vanmátt sinn til að sinna heimanámi mætti ætla að þættir sem aðlagðir væru að daglegu lífi og settir á einhvern hátt fram í formi heimanáms myndu stuðla að aukinni samveru milli foreldra og barna þeirra. Verkefnin yrðu að vera stutt svo foreldrar upplifðu þau ekki sem kvöð en líka skemmtileg svo börnin fengjust auðveldlega til þátttöku í þeim heima fyrir.

Það skiptir miklu máli að barnið upplifi jákvæðni í garð skólans heima fyrir og því verður starfsfólk hans að vinna að því hörðum höndum að foreldrar upplifi skólann sem jákvæðan vettvang og góðan áhrifaþátt í lífi þeirra. Skólinn ætti að hvetja foreldra til að mynda sín á milli stuðningsnet á ýmsum forsendum. Til dæmis gæti foreldrafélag staðið fyrir opnu húsi tvisvar til þrisvar á skólaárinu þar sem tilgangurinn væri að hittast og spjalla saman. Tengiliðir bekkjanna ættu að vera duglegir að virkja aðra foreldra innan bekkjarins til þátttöku í hinum ýmsu félagsmálum sem hefð er fyrir að þeir taki þátt í með börnum sínum.

Forritið Mentor gæti nýst sem skilvirk leið fyrir foreldra til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Í gegnum það gætu foreldrar sent tillögur eða skoðanir sínar um samvinnu þeirra í milli og hvernig best sé styðja við skólastarfið. Foreldrafélagið gæti þannig tengst inn í upplýsingakerfið og haldið utan um efni sem berst á þennan hátt. Tengiliðirnir gætu fundað saman með fulltrúa skólaráðs og komið á framfæri því sem foreldrar vildu hafa áhrif á og fulltrúinn borið það fram á skólaráðsfundi. Möguleikarnir eru óþrjótandi en galdurinn er að hvetja foreldra til virkni og það er helst gert með því að fræða þá um mikilvægi hennar og áhrifin sem virknin getur haft varðandi velgengni barna þeirra í námi.

Hér verður látið staðar numið í umfjöllun um þætti sem líklegir væru til að auka þátttöku foreldra í skólastarfi og settur fram listi með nokkrum hugmyndum sem gætu eflt samstarfið milli heimilis og skóla. Lykillinn að velgengni nemenda og aukinni þátttöku foreldra er að mati höfunda góð samskiptafærni, jákvæðni, hvatning og fræðsla um mikilvægi stuðnings þeirra við barn sitt. Í samstarfinu verður að ríkja gagnkvæmt traust og virðing svo árangurinn verði góður. Hrós er mikilvægur þáttur fyrir alla. Kennari getur eflt góð samskipti enn frekar með því að hrósa og ekki er síður mikilvægt að foreldrar láti ánægju sína einnig í ljós við kennarann.

Starfsfólk skólanna verður að hafa frumkvæði að því að byggja upp jákvæð samskipti og hafa samband sem oftast til að byrja með og draga þannig foreldra inn í skólastarfið. Á þann hátt lærist foreldrum að þeir skipta máli í skólastarfinu og það leiðir til þess að þeir vilja afla sér þekkingar til að standa undir auknum kröfum um styrk og stuðning við börn sín. Þekkingin verður svo til þess að foreldrar verða virkari í þátttökunni og sýnilegri í skólanum. Skólarnir verða að marka sér skýra stefnu um samstarf við foreldrana og fylgja því eftir með einhvers konar umbun fyrir kennara. Ef aukið samstarf felur í sér aukavinnu gæti reynst nauðsynlegt að koma til móts við það með einhverju móti. Í næsta kafla verða áðurnefndar hugmyndir höfunda um bætt samstarf við foreldra dregnar saman í stutta minnispunkta.

#### *4.3.1. Tillögur um bætt samstarf heimila og skóla:*

- *Samráðs og skipulagsfundur* – Foreldrar, nemandi og kennari hittast og leggja línurnar fyrir veturinn. Fjallað um námsefni, markmið og leiðir. Hver nemandi á skipulagsmöppu þar sem fundagerðum og einstaklingsgögnum er safnað saman. Foreldrar fá tækifæri til að koma með sínar hugmyndir um nám barnanna og segja

hvað þau treysta sér til að gera til að styðja við börnin. Vel farið yfir hlutverk hvers og eins, réttindi og skyldur og bjargir ef eitthvað gengur ekki sem skyldi.

- *Mentor* – Kennarar nýta upplýsingakerfið Mentor til að senda persónuleg jákvæð skilaboð til foreldra og nemenda. Kennari gæti til dæmis gefið einum nafngreindum nemanda í viku hverri viðurkenningu í orðum fyrir jákvæðni eða góða framkomu við samnemendur. Alltaf má finna eitthvað jákvætt við alla og þessi gullkorn gætu virkað hvetjandi fyrir foreldra og nemendur jafnframt því að stuðla að jákvæðu hugarfari til þessa forrits og aukinni notkun þess.
- *Opnar kennslustundir* – Á stundaskrá væru ein til tvær kennslustundir í viku þar sem foreldrar vita að þá séu þeir velkomnir í tíma að fylgjast með og þurfa þá ekki að vera hræddir um að þeir séu að trufla kennslu þar sem fyrirfram er búist við að einhverjir líti við.
- *Símtöl* – Kennari hringir einu sinni til tvisvar á skólaárinu heim til hvers nemanda í þeim tilgangi einum að hrósa nemanda fyrir eitthvað, eða ræða við foreldra á jákvæðan hátt um nám barnsins og stuðla þannig að jákvæðum viðhorfum.
- *Verkefnahorn* – Á einhverjum stað í skólanum yrði útbúið vinnuhorn fyrir foreldra. Kennarar sæju um að alltaf væru þar einhver verkefni sem þyrfti að vinna. Eitthvað sem þyrfti að ljósrita, plasta, lagfæra eða jafnvel að búa eitthvað til. Foreldrar sem ættu aflögu stund gætu komið og unnið þessi verkefni og fundist þeir hafi hlutverk og tilgang með komu sinni í skólann.
- *Foreldradagar* – Foreldrar koma í bekk barna sinna og kynna fyrir börnunum starf sitt og jafnvel menntun og hvernig daglegt líf í vinnunni er. Þetta mætti skipuleggja þannig að með reglulegu millibili kæmi eitt foreldri og í lokin væru bæði mömmur og pabbar búnir að koma og kynna sitt starf. Jafnvel mætti koma við vettvangsferðum á vinnustað foreldra í kjölfar kynningar og aukna þannig samvinnu skóla og samfélags. Hringurinn gæti síðan hafist á ný og foreldrar kynnt áhugamál sín eða uppáhaldsbókina sína svo eitthvað sé nefnt. Þessar kynningar gætu haldið áfram svo lengi sem börnin eru í grunnskólunum.
- *Fréttabréf* – Foreldrar fá fréttabréf einu sinni í mánuði frá umsjónarkennara barns þeirra sendan í tölvupósti. Þar kæmi fram það helsta sem bekkurinn hefði unnið að og hvað er framundan. Ef eitthvað sérstakt er í vændum má kynna það svo foreldrar geti haft það í huga þegar þeir útbúa barn sitt í skólann. Myndir úr starfi nemenda segja

meira en mörg orð og með stafrænni tækni má á auðveldan og ódýran hátt nýta þær til upplýsingagjafar um starf bekkjarins og senda með í fréttabréfinu.

- *Jólaþveðjur* – Allir bekkir skipuleggja eina kennslustund eftir miðjan desember og fá foreldra til að koma og setjast með sér og skrifa á jólakort, hlusta á jólalög og fá jólate og piparkökur. Nemendur gætu verið með uppákomu um leið, lesið ljóð eða verið með hugleiðingar einhverskonar.
- *Heimsókn* – Umsjónakennari fer á fund heim til nemanda á miðju skólaári og staðan í námi barnsins metin og næstu skref rædd. Upplýsingagjöf í báðar áttir.
- *Foreldrakaffi* – Foreldrum boðið að kíkja við í skólanum og taka þátt í náminu. Kennslan yrði byggð þannig upp að foreldrar tæku þátt með barni sínu ef þeir kæmu í kaffi. Þátttakan gæti falist í að leysa stutta þraut í sameiningu eða að nemandi tæki foreldrið í viðtal og svörin yrðu skráð niður en unnið úr þeim síðar á einhvern hátt.
- *Vorboði* – Foreldrar taka þátt í uppákomu á vordögum. Þetta gæti verið skruðganga, útinám, leikir eða aðrir viðburðir þar sem nemendur fara með kennurum og foreldrum og eiga saman góða stund.
- *Foreldrafélag* – Stjórn foreldrafélagsins hvetur foreldra til að mynda sér skoðun um skólastarfið og leggja til vel rökstuddar leiðir til breytinga. Eins mætti lýsa ánægju um þá þætti sem þeim finnst til fyrirmyndar. Að þessu mætti vinna með því að boða til funda að hausti og í upphafi vorannar þar sem foreldrar ræddu ýmis mál varðandi starfið eins og heimanám, fræðsluefni fyrir foreldra og sameiginlega stefnu um agamál svo eitthvað sé nefnt. Foreldrar gætu síðar útfært hugmyndir sínar og sent þær stjórn foreldrafélagsins í gegnum Mentor sem ynni úr þeim og kæmi þeim til skila til skólastjórnenda eða teymis sem ynni að skólaþróun. Þá væri hægt að hafa hugmyndir foreldra með í skipulagsvinnu þegar skólastarf er skipulagt.
- *Vorfundur* – Teymi myndað af nokkrum kennurum, skólastjórnendum og nokkrum foreldrum hittist og fer yfir veturinn ásamt því að skipuleggja samstarf heimilis og skóla. Hópurinn metur hvað betur megi fara og hvernig hægt sé að bæta samvinnuna. Á þessum vettvangi er hægt að fjalla um tillögur sem foreldrafélagið hefur unnið út frá hugmyndum foreldra og ákveða áhersluþætti í samstarfinu næsta vetur. Þar með væru foreldrar orðnir hluti af ákvörðunarferlinu og kæmu á þann hátt að skipulagi skólastarfs. Jafnframt myndi þetta stuðla að þróun samstarfsins þar sem það yrði metið árlega.



#### 4.4 Samantekt

Í úttektum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins á íslenskum skólum, heimasíðum, skýrslum og rannsóknum liggja upplýsingar sem hægt er að rýna í til að kanna viðhorf foreldra til samstarfs heimila og skóla. Skoðun þessara gagna leiðir í ljós að foreldrar barna í íslenskum skólum eru að mestu leyti ánægðir með samstarf sitt við skólana um nám og velferð nemenda. Foreldrar virðast ekki nógu virkir í foreldrafélögunum en það má dæma af dræmri þátttöku þeirra í starfi foreldrafélaganna. Foreldrar vilja fræðslu og stuðning við foreldrahlutverkið samkvæmt rannsókn Birnu M. Svanbjörnsdóttur en sjá sér samt ekki tíma til að mæta á fræðslufundi í skólana. Það kom skýrt fram í gögnunum að foreldrum finnst ekki nægjanleg upplýsingagjöf frá skóla til heimila og þeir vilja að úr því sé bætt.

Mentor forritið sem margir grunnskólar nota til upplýsingagjafar og samskipta er öflugt tæki og mögulegt að nýta það til samstarfsins milli heimila og skóla á margan hátt. Kennarar geta með því komið mörgu til skila á fljótvirkan máta og má í því sambandi nefna fréttir af skólastarfi, áætlanir um heimanám og árangur nemenda. Þannig væri hægt að spara prentkostnað, auk þess sem allir gætu gengið að upplýsingum á vísuð stað. Þar geta kennarar sent skilaboð og fréttir til allra nemenda og foreldra þeirra í einu en einnig er hægt að senda persónuleg skilaboð til einstakra nemenda og foreldra varðandi nám og annað er viðkemur skólagöngunni. Mentor forritið er líka gott tæki fyrir foreldra til að koma upplýsingum frá heimili til skóla.

Það þarf samvinnu allra í nærsamfélaginu til að aukning verði á þátttöku foreldra í námi barna þeirra. Vinnuveitendur þurfa að vera sanngjarnir og leyfa foreldrum að skreppa frá og sinna foreldrahlutverkinu með þátttöku í skólastarfi með barni sínu. Skólarnir þurfa að stuðla að jákvæðu viðhorfi foreldra og vera virkir í að krefja þá um þátttöku með fjölbreyttum leiðum. Ef foreldrar upplifa sig sem mikilvægan hlekk í skólastarfi getur það stuðlað að meiri virkni þeirra og að þeir sækji sér í auknum mæli þekkingu til að standa betur undir hlutverki sínu. Það er ávinningur allra og ekki síst nemenda að efla virkni í foreldrasamstarfi.

Ýmsar leiðir eru færar við mótun samstarfs sem bæði myndi auka upplýsingaflæði frá skólanum til foreldra en auka um leið þátttöku þeirra í skólastarfinu sjálfu. Með aukinni viðveru í skólanum myndu aðilar kynnst betur og meira öryggi skapast í samskiptunum. Aukið öryggi foreldra í samskiptum við kennara og skólastjórnendur myndi einnig stuðla að aukinni upplýsingagjöf þeirra til skólans um þætti er varða nemandann og gætu haft áhrif á nám og líðan hans. Skipuleggja mætti skólastarf með þetta í huga bæði út frá samvinnu allra í skólanum og einnig samvinnuna milli umsjónarkennara og foreldra í hverri bekkjardeild.

Hugmyndabanki sem höfundar settu saman gefur örlitla innsýn um hvernig stýra mætti starfi sem stuðlar að aukinni aðkomu foreldra og bættu upplýsingaflæði en í þessu sambandi skiptir mestu að vera hugmyndaþróun og koma svo hugmyndunum í framkvæmd.

## 5. Lokaorð

Í upphafi ritgerðarvinnunnar var lagt af stað með rannsóknaspurninguna; hvaða leiðir eru líklegar til að auka þátttöku foreldra í námi barna sinna í grunnskóla? Markmiðið var að leiða í ljós hvort aukin viðvera foreldra í skólanum á skólatíma eða fræðslufundir væri líklegri leið til að auka þátttöku þeirra í námi barna sinna og virkja þá betur í samstarfinu við skólann.

Heimildavinnan leiddi í ljós að fyrst þarf að auka upplýsingaflæði frá skólunum til foreldra. Síðan þarf að auka viðveru foreldra á vettvangi og leggja áherslu á mikilvægi foreldrahlutverksins í skólastarfinu. Í kjölfar meiri viðveru þarf að auka möguleika foreldra á fræðslu. Með aukinni þátttöku er líklegt að þeir vilji afla sér meiri þekkingar. Þá verða þeir færari að veita börnum sínum stuðning og stuðla betur að velgengni þeirra með aukinni aðkomu sinni að náminu. Af þessu má því dæma að sambland af hvoru tveggja væri vænlegasta leiðin til að virkja foreldra því leiðirnar styðja hvor við aðra.

Til að foreldrar sjái sér hag í að mæta á fræðslufundi verða þeir að finna aukna þörf innra með sér og sjá beinan tilgang af því að afla sér aukinnar þekkingar. Einnig þarf að huga að lengd fundanna og passa að þeir verði ekki of langir því foreldrar eru oft tímabundnir. Þessa fræðslufundi mætti halda oftár en styttri í senn. Ef skólinn er kröfuharður á þátttöku foreldra á vettvangi með börnum sínum og gefur skýrt til kynna mikilvægi þeirra sem áhrifavalda á námið er líklegra að þeim finnist þeir hluti af skólastarfinu. Þeir upplifa sig þá sem þann mikilvæga hlekk sem þeir eru og öðlast meiri metnað til standa sig í því hlutverki. Með jákvæðum samskiptum og hrósi má leiða að því líkur að foreldrar eflist og vilji leita leiða svo þeir megi standa sig sem best og mæti þá á fræðslufundi því rannsóknir sýndu að foreldrar vilja fræðslu en mæta samt illa þegar boðið er uppá hana.

Fræðslan gæti verið í formi fyrirlestra um uppeldi en ekki síður um lög og reglugerðir sem grunnskólinn vinnur eftir. Heimildirnar gáfu engin svör við því hvort foreldrar þekktu til grunnskólalaga og Aðalnámskrár þó markvisst væri leitað. Höfundum lék nokkur forvitni á að afla upplýsinga um það því þar er að finna margvíslegan fróðleik. Ef leiddar eru líkur að því að svipað hlutfall foreldra lesi skólanámskrá skólanna og þessar reglugerðir les ekki nema rúmur þriðjungur foreldra þetta efni. Ef foreldrar almennt hefðu þekkingu á markmiðum og leiðum sem skólinn á að mæta í vinnunni með börnum þeirra og einnig hvaða skyldur yfirvöld setja á hendur foreldrunum sjálfum í þessu sambandi myndu þeir kannski verða öruggari og virkari aðilar í samstarfinu um nemandann. Það má einnig velta því fyrir sér hvort þeir myndu þá einnig átta sig betur á möguleikunum sem foreldrar geta haft á mótun skólastarfs gegnum skólaráð grunnskólanna. Skólarnir þurfa líkt og foreldrar að bæta sig í samstarfinu.

Núna eru 170 grunnskólar í landinu sem hafa Mentor en mjög mismunandi er hversu mikið þeir nota kerfið. Mentor forritið er góður kostur fyrir aukna upplýsingagjöf. Skýrustu niðurstöðurnar sem höfundar fengu var að skólarnir þurfa að auka upplýsingagjöf til heimilanna. Þetta kom fram í flestum heimildum sem rýnt var í, foreldrar allstaðar á landinu vilja aukna upplýsingagjöf frá skólunum. Reyndar eru flestir skólar með heimasíður og birta reglulega fréttir af því sem um er að vera í skólastarfinu svo einfalt er að afla sér þessara upplýsinga. Hugsanlega eiga foreldrar þá við að auka þurfi upplýsingagjöf um námsframvindu hjá þeirra barni sérstaklega. Í tæknivæddu þjóðfélagi tuttugustu og fyrstu aldarinnar felast tækifæri til samskipta á auðveldan og skjótvirkan hátt sem jafnvel gætu nýst til að auka samskipti milli kennara og foreldra en það er efni sem hægt væri að rannsaka betur á öðrum tíma og á öðrum vettvangi.

## Heimildaskrá

- Árbæjarskóli. (2009). Viðhorf forráðamanna til skólastarfs í Árbæjarskóla 16. janúar 2009. Sótt 4. apríl 2012 af <http://www.arbajarskoli.is/mat-a-skolastarfi/foreldrakannanir/>.
- Árný Elíasdóttir og Inga Björg Hjaltadóttir. (2011). *Athugun á Vikurskóla í Mýrdalshreppi*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/>.
- Árný Elíasdóttir og Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir. (2011). *Úttekt á Grunnskólanum í Sandgerði*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/>.
- Árskóli. (2011). *Sjálfsmatsskýrsla Árskóla: júní 2011*. Sótt 4. apríl 2012 af [http://www.skagafjordur.is/upload/files/Sj%C3%A1lfsmatssk%C3%BDrsla%2027.%20jan.11\(1\).pdf](http://www.skagafjordur.is/upload/files/Sj%C3%A1lfsmatssk%C3%BDrsla%2027.%20jan.11(1).pdf).
- Ásgeir Björgvinsson og Hildur Björk Svavarsdóttir. (2008). *Hvað segja foreldrar um skólastarf?* Sótt 2. apríl 2012 af [http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf\\_skjol/utgafur/grunnskolar/kannanirogskimar/Rynihopar\\_foreldra.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/grunnskolar/kannanirogskimar/Rynihopar_foreldra.pdf).
- Áslaug Brynjólfsdóttir. (2007). Við sem þekkjum börnin okkar best: Hafa foreldrar þau áhrif sem þeir vildu á skólastarf og á hvað leggja þeir áherslu í samstarfi við skólann? Í Kristín Bjarnadóttir og Sigrún K. Hannesdóttir (ritstj.), *Þekking – þjálfun – þroski. Greinar um uppeldis- og fræðslumál* (bls. 107-118). Reykjavík: Delta Kappa Gamma.
- Ástríður Stefánsdóttir. (2006). Sjálfræði, virðing og samskipti. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 4. apríl 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2006/003/index.htm>.
- Bell, J. (2005). *Doing your research project: A guide for first-time researchers in education, health and social science* (4. útgáfa). Glasgow: Bell & Bain Ltd.
- Birna M. Svanbjörnsdóttir. (2007). Vilja foreldrar stuðning í foreldrahlutverkinu? *Uppeldi og menntun*, 16(2), 95–115.
- Björk Ólafsdóttir. (2009). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007–2020: Viðhorf foreldra grunnlínugögn*. Sótt 5. apríl 2012 af <http://www.samband.is/framtidarsyn>.

- Desforbes, C. og Abouchaar, A. (2003). *The impact of parental involvement, parental support and family education on pupil achievement and adjustment: A Literature Review* (Research Report RR 433). Department for education and skills. Sótt 15. janúar 2011 af:  
[http://www.bgfl.org/bgfl/custom/files\\_uploaded/uploaded\\_resources/18617/Desforbes.pdf](http://www.bgfl.org/bgfl/custom/files_uploaded/uploaded_resources/18617/Desforbes.pdf).
- Desforbes, C. (2008). *Foreldrar eru auðlind í skólastarfi – Niðurstöður ráðstefnu NOKO*. Sótt 31. janúar 2012 af: <http://www.heimiliogskoli.is/frettir/frett/nr/114326/>.
- Epstein, J. L. (1995). School/family/community partnerships. Charing for the children we share. *Phi Delta Kappan*, 76, 701-712. Sótt 10. mars 2011 af  
<http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?hid=122&sid=6f8ea6f9-08af-4bbd-9ba4-3dc52dcafd2b%40sessionmgr110&vid=9>.
- Epstein, J. L. (2001). *School, family & community partnerships: Preparing educators and improving schools*. Boulder, CO: Westview Press.
- Epstein, J. L., Sanders, M. G., Simon, B. S., Salinas, K. C., Jansorn, N. R. og Voorhis, F. L. V. (2002). *School, family and community partnerships: Your handbook for action* (2. útg.). California: Corwin press.
- Giangreco, M. F., Cloninger, C. J., og Iverson, V. S. (1998). *Efling: áleiðis með nemendum*. (Rúnar Sigþórsson og Hörður Bergmann þýddu). Akureyri: Ingibjörg Auðunsdóttir í samvinnu við Landssamtökin Þroskahjálp.
- Grunnskólinn í Borgarnesi. (2010). *Sjálfsmatsskýrsla 2009-2010: Grunnskólinn í Borgarnesi*. Sótt 4. apríl 2012 af [http://www.grunnborg.is/Files/Skra\\_0046905.pdf](http://www.grunnborg.is/Files/Skra_0046905.pdf).
- Grunnskóli Hornafjarðar. (2012). *Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar: áfangaskýrsla 4*. Sótt 4. apríl 2012 af [http://www2.hornafjordur.is/media/vor2012/afangaskyrsla\\_4.pdf](http://www2.hornafjordur.is/media/vor2012/afangaskyrsla_4.pdf).
- Grunnskólinn í Sandgerði. (2010). *Sjálfsmatsskýrsla: Grunnskólans í Sandgerði 2009-2010, ásamt framkvæmdáætlun fyrir skólaárið 2010-2011 og hugmyndum að viðhaldi og úrbótum*. Sótt 4. apríl 2012 af  
[http://www.sandgerdiskoli.is/skjallasafn/pdf/sjalfsmat\\_2009\\_2010\\_skyrsla\\_grunnskolin\\_sandger%C3%B0i.pdf](http://www.sandgerdiskoli.is/skjallasafn/pdf/sjalfsmat_2009_2010_skyrsla_grunnskolin_sandger%C3%B0i.pdf).
- Grunnskóli Vestmannaeyja. (2011). *Foreldrakönnun GRV í janúar 2011 – helstu niðurstöður*. Sótt 4. apríl 2012 af  
<http://www.grv.is/images/2011vor/skolakannanir/foreldrak%F6nnun%20grv%20%ED%20jan%FAar%202011.pdf>.

- Gunnhildur Óskarsdóttir. (2003). Náttúrufræði heima og í skóla. *Uppeldi og menntun*, 12, 105-118.
- Guðbjörg Þórisdóttir, Guðlaug Ólafsdóttir og Guðrún H. Ingimundardóttir. (2011). *Sjálfsmat Breiðagerðisskóla*. Sótt 4. Apríl 2012 af <http://www.breidagerdissskoli.is/images/pdf/sjalfsmatsskyrsla2011.pdf>.
- Guðni Olgeirsson. (2008). Aukin þátttaka foreldra í skólastarfi, tímamót í menntunarmálum. *Heimili og skóli*, 1, 24–25.
- Guðrún Jónsdóttir. (2011, maí). Reynsla foreldris – Skólaráð. *Heimili og skóli*, 9.
- Guðrún Þóranna Jónsdóttir. (2005). Áhugavert rannsóknar- og þróunarverkefni. Ritfregn og dómur um fræðsluritið Bætt skilyrði til náms – Skólaþróun í heiltæku skólastarfi. *Netla - Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 21. mars 2012 af <http://netla.khi.is/ritfregnir/2005/005/index.htm>.
- Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Unnar Þór Bøðvarsson. (2011a). *Fellaskóli í Fellabæ: Úttekt*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttekta/grunnskolar/>.
- Halldóra Kristín Magnúsdóttir og Unnar Þór Bøðvarsson. (2011b). *Grunnskólinn í Borgarnesi: Úttekt*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttekta/grunnskolar/>.
- Harris, A. og Goodall, J. (2007). *Engaging parents in raising achievement. Do parents know they matter?* (skýrsla) Sótt 12. apríl 2012 af <https://www.education.gov.uk/publications/eOrderingDownload/DCSF-RW004.pdf>.
- Helga Margrét Guðmundsdóttir. (2006). Foreldrasamstarf er lykill að velliðan. *Uppeldi og menntun*, 19(4), 60–61.
- Heimili og skóli. (2007, 27. desember). *Endurskoðun grunnskólalaganna 2006*. Sótt 19.mars 2011 af <http://www.heimiliogskoli.is/frettir/frett/nr/113309/>.
- Ingibjörg Auðunsdóttir. (1994). Besta hjálpin er að styrkja foreldrana. *Uppeldi*, 7(4), 29-32.
- Ingibjörg Auðunsdóttir. (2006). *Árangursríkt samstarf – Þróunarverkefni um bætt samstarf heimila og skóla*. Óbirt mastersritgerð: Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindasvið.

- Ingibjörg Auðunsdóttir. (2007). „Fannst ég geta sagt það sem mér lá á hjarta – þróunarverkefni um bætt samstarf heimila og skóla. *Uppeldi og menntun*, 16(1), 33–52.
- Ingibjörg Auðunsdóttir. (2008a). Heimsókn umsjónarkennara til fjölskyldna. *Glæður*, 18, 20-28.
- Ingibjörg Auðunsdóttir. (2008b). Undirbúningur fyrir grunnskólagöngu. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson og Tryggvi Sigurðsson (ritstj.), *Þroskahömlun barna: orsakir, eðli, íhlutun* (bls. 149-159). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). *Gullkista við enda regnbogans: Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005-2006*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Sótt 18. mars 2011 af [https://notendur.hi.is/ingvars/agi/Skyrsla\\_Hegdun\\_Lokagerd.pdf](https://notendur.hi.is/ingvars/agi/Skyrsla_Hegdun_Lokagerd.pdf).
- Jóhanna Einarsdóttir. (2004). Tvær stefnur – tvenns konar hefðir í kennslu ungra barna. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 57–78.
- Jón Bergsson og Guðrún Helga Sederholm. (2011). *Úttekt á starfsemi Grunnskóla Hornafjarðar október 2010 til janúar 2011*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/>.
- Jónas Pálsson, Amalía Björnsdóttir og Ólafur H. Jóhannsson. (2005). Grunnskólar í ólíkum byggðarlögum. *Uppeldi og menntun*, 14(1), 103–121.
- Jón B. Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2002). *Aukin gæði náms: skóli sem lærir*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Kennarasamband Íslands. (2003). *Siðareglur kennara*. Sótt 19. janúar 2011 af <http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8142>.
- Klaassen C. A. og Smit F. (2001). Changing responsibilities between home and school. Consequences for the pedagogical professionalism of teachers. *International Journal about Parents in Education*. Sótt 17. janúar 2011 af <http://www.ernape.net/articles/2001/session2/Klaassen,%20C.A.pdf>.
- Lilja M. Jónsdóttir. (2011, maí). Farsælt foreldrasamstarf – hvað getur falist í því? *Heimili og skóli*, 10–11.
- Locke, L. F., Silverman, S. J. og Spirduso, W. W. (2004). *Reading and understanding research* (2. útgáfa). Thousand Oaks: SAGE Publications.



- Loughborough University. (e.d). *Doing a literature review* . Sótt 14. apríl 2012 af <http://www.lboro.ac.uk/media/wwwlboroacuk/content/library/downloads/advice sheets /Literature%20review.pdf>.
- Lög um grunnskóla, nr. 91/2008. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>.
- María Steingrimsdóttir. (2007). Ofsalega erfitt og rosalega gaman: Reynsla nýbrautskráðra kennara – aukin vinnugleði. *Uppeldi og menntun*, 16,(2), 9–27.
- Menntamálaráðuneytið. (2005). *Foreldraráð í grunnskólum skólaárið 2004-2005*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=55703A663D87CBB3002576F00058DB85&action=openDocument>.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla - almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 17. febrúar 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d). *Grunnskólar*. Sótt 5. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttektir/grunnskolar/>.
- Nanna K. Christiansen. (2007, 15. október). Hver á eiginlega að ala börnin upp, foreldrar eða kennarar. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 17. febrúar 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2007/006/index.htm>.
- Nanna K. Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Höfundur.
- Plakhotnik. M.S. og Rocco. T.S. (2009). Literature reviews, conceptual frameworks, and theoretical frameworks: Terms, functions, and distinctions. *Human resource development review* 8(1), 120–130. Sótt 19. apríl 2012 af <http://hrd.sagepub.com/content/8/1/120.full.pdf+html>.
- Ragnhildur Bjarnadóttir. (2004). Að verða kennari: Sýn kennaranema á eigin starfshæfni. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 25–44.
- Rósa Eggertsdóttir og Gretar L. Marinósson (ritstj.) Sigalés, C., Ingibjörg Auðunsdóttir, Halldóra Haraldsdóttir, Pacheco, J., Wilhelm, M. og Þóra Björk Jónsdóttir. (2002). *Bætt skilyrði til náms: Starfsþróun í heiltæku skólustarfi* (Rúnar Sigþórsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Setbergsskóli. (2011). *Matsskýrsla Setbergsskóla: júní 2011*. Sótt 4. apríl 2012 af [www.setbergsskoli.is/images/pdf/Matsskyrsla2011.pdf](http://www.setbergsskoli.is/images/pdf/Matsskyrsla2011.pdf).

Sigríður Harðardóttir og Unnar Hermannsson. (2011a). *Úttekt á Grunnskóla Vestmannaeyja*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttekktir/grunnskolar/>.

Sigríður Harðardóttir og Unnar Hermannsson. (2011b). *Úttekt á Setbergsskóla*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttekktir/grunnskolar/>.

Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2008, 30. desember). Reynsla foreldra af grunnskólabyrjun barna sinna. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 15. janúar 2012 af <http://netla.khi.is/greinar/2008/014/index.htm>.

Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar og megingdlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsókn í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sverrir Gestsson og Jón Gunnar Axelsson. (2011). *Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun Fellaskóla: skólaárið 2010-2011*. Sótt 4. apríl 2012 af <http://www.fljotsdalsherad.is/fellaskoli/images/skjol/sjalfsmat2011.pdf>.

Trausti Þorsteinsson. (2003). Fagmennska kennara. Í *Fagmennska og forysta – þættir í skólastjórnun* (ritstj. Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Trausti Þorsteinsson og Unnar Þór Böðvarsson. (2010). *Árskóli í Skagafirði: Úttekt*. Sótt 3. apríl 2012 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/mat-og-uttekktir/grunnskolar/>.

University of Leicester. (e.d.). *Doing a literature review*. Sótt 18. apríl 2012 af <http://www2.le.ac.uk/offices/careers/pgrd/resources/literature-review>.

Víkurskóli. (2011). *Sjálfsmatsskýrsla Víkurskóla*. Sótt 4. apríl 2012 af <http://vikurskoli.is/images/stories/Sjalfsmat/sjlfsmatsskrsla%20vikurskula20102011.pdf>.

Ölduselsskóli. (2009). *Foreldrakönnun mars 2009*. Sótt 4. apríl 2012 af <http://olduselsskoli.is/files/Birna/mat%20%C3%A1%20sk%C3%B3lastarfi/foreldrakönnun.pdf>.

